



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2025-2040 | ENDURSKOÐUN

Greinargerð

Október 2025



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2025-2040

Endurskoðun

sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagalaga

Unnið fyrir:

Skagafjörð

Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur

Unnið af:

VSO RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is



Samþykktir og staðfesting

Aðalskipulag Skagafjarðar 2025-2040 sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar þann

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Leiðarljós Skagafjarðar	2
1.2	Sterkur Skagafjörður	2
1.3	Skipulagssvæðið	3
2	Forsendur og framtíðarsýn	5
2.1	Forsendur endurskoðunar aðalskipulags	5
2.2	Þróun íbúðarbyggðar	6
2.3	Íbúáþróun	9
2.4	Íbúðapörf	10
2.5	Stefnumörkun í þéttbýli	10
2.6	Stefnumörkun í dreifbýli	13
2.7	Atvinnulíf	14
2.7.1	<i>Landbúnaður</i>	14
2.7.2	<i>Sjávarútvegur og iðnaður</i>	16
2.7.3	<i>Ferðapjónusta</i>	17
2.8	Grænir iðngarðar	19
2.9	Úrgangsstjórnun	20
2.10	Orkuframleiðsla	20
3	Landnotkun	23
3.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	23
3.2	Miðsvæði (M)	27
3.3	Verslun og þjónusta (VP)	29
3.4	Athafnasvæði (AT)	32
3.5	Iðnaðarsvæði (I)	34
3.6	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	36
3.7	Landbúnaðarland (L)	43
3.8	Skógrækt- og landgræðsla (SL)	49
3.9	Frístundabyggð (F)	54
3.10	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	56
3.11	Samfélagsþjónusta (S)	61
3.12	Kirkjugarðar og grafreitir (K)	62
3.13	Íþróttasvæði (ÍÞ)	63
3.14	Opin svæði (OP)	66
3.15	Óbyggð svæði (ÓB)	68
3.16	Stakar framkvæmdir	70
4	Samgöngur og aðrir innviðir	72
4.1	Þjóðvegir í sveitarfélaginu	73
4.2	Stígakerfi	78
4.3	Reiðleiðir	82



4.4	Vegir í náttúru Íslands	84
4.5	Vegir, götur, stígar (VE)	86
4.6	Hafnir (H)	88
4.7	Flugvellir (FV)	90
4.8	Veitur (VH)	92
4.8.1	<i>Rafveita</i>	92
4.8.2	<i>Vatns- og hitaveita</i>	96
4.8.3	<i>Fráveita</i>	97
4.8.4	<i>Sjóveita</i>	98
4.8.5	<i>Gagnaveita</i>	98
4.9	Vötn, ár og sjór (V)	98
4.10	Strandsvæði (ST)	104
5	Takmarkanir á landnotkun	105
5.1	Friðlýst svæði (FS)	105
5.2	Önnur náttúruvernd (ÖN)	108
5.3	Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja	111
5.4	Mikilvæg fuglasvæði	111
5.5	Vistgerðir með verndargildi	112
5.6	Minjavernd (MV)	113
5.6.1	<i>Byggingararfur</i>	113
5.6.2	<i>Fornleifar og fornleifaskráning</i>	114
5.7	Hverfisvernd (HV)	121
5.8	Vatnsvernd vatnsbóla (VB, VG og VF)	123
5.9	Náttúruvá (NV)	128
5.10	Hindranafletir flugvalla (HF)	135
5.11	Varúðarsvæði (VA)	136
5.12	Landnotkun innan miðhálandisins	138
6	Umhverfisskýrsla	142
6.1	Tilgangur umhverfismats og matsskylda	142
6.2	Nálgun umhverfismats	142
6.3	Samantekt	142
7	Skipulagsferli og kynningar	144
7.1	Umsagnaraðilar	144



1 Inngangur

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt endurskoðun á aðalskipulagi Skagafjarðar. Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 og Aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022. Skipulagsvinnan byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlaða nr. 111/2021.

Endurskoðunin er m.a. tilkomin vegna sameiningar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar 29. maí 2022, gerðar heildarstefnu fyrir stígakerfi sveitarfélagsins, nýrrar aðkomu að Sauðárkróki frá Þverárfjallsvegi, yfirlits yfir vegi í náttúru Íslands, virkjanakosta, grænna iðngarða og staðsetningar Blöndulínu 3.

Skipulagsvinnan mótar stefnu um hagkvæma nýtingu lands, samgöngur og gæði byggðar. Jafnframt felur skipulagið í sér mótun stefnu í umhverfismálum og hvernig skipulag getur stuðlað að kolefnishlutleysi í samræmi við markmið Íslands þar um og lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.

Tillaga / Endurskoðun aðalskipulags

Þegar hafin er vinna við gerð aðalskipulags þarf að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um hvernig verði staðið að því að vinna nýtt aðalskipulag. Þar er gerð grein fyrir helstu forsendum fyrir vinnunni s.s. mannfjöldaspá, áskorunum, framtíðarsýn og markmiðum sem sveitarfélagið vill leggja til grundvallar skipulagsvinnunni. Skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags var kynnt sumarið 2024 og bárust umsagnir um lýsinguna frá stofnunum, aðliggjandi sveitarfélögum, félagasamtökum og íbúum, sem hafðar voru til hliðsjónar við mótun aðalskipulagstillögunnar.

Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á vinnslustigi. Þar sem það á við eru tilgreindir þeir kostir sem verða til skoðunar við að mæta markmiðum, t.d. hvar skuli byggja til að mæta íbúðabörf, hvernig skuli haga umferðarskipulagi til að mæta framtíðarumferð og hvers konar atvinnustarfsemi fellur best að markmiðum Skagafjarðar. Vinnslutillaga aðalskipulags var kynnt vorið 2025 og haldin opinn kynningarfundur í Miðgarði 2. apríl 2025. Jafnframt var leitað til lögboðinna umsagnaraðila á þessu stigi.

Tillaga að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2025 – 2040 er lögð fram til afgreiðslu sveitarstjórnar til samþykktar til auglýsingar skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga.



1.1 Leiðarljós Skagafjarðar

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af leiðarljósum og markmiðum framtíðarsýnar Skagafjarðar.

Leiðarljós í sveitarfélaginu eru að veita félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öfluga atvinnu. Viðhalda og auka fjölbreytni í atvinnulífinu, efla ferðapjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði.



Fjölbreytni í búsetu

Í Skagafirði er lögð áhersla á fjölbreytni í búsetuskilyrðum og að skapa skilyrði fyrir aukinn vöxt þar sem þegar eru sterkir stofnar.



Tækifæri í framleiðslu

Skapa aðstæður fyrir vöxt í atvinnustarfsemi með því að skipuleggja iðnaðar- og athafnasvæði. Vöxtur atvinnuvega kallar á fjölgun íbúa.



Matarkista

Skagafjörður er með fjölbreytt hráefni á landi og í sjó. Samlegð framleiðslutækni, hráefnis og flutningskerfa auka virði framleiðslunnar og skapa fjölbreytt störf.



Fjölbreytt samfélag á traustum grunni

Í Skagafirði eru sterkir búsetu-, þjónustu- og atvinnukjarnar sem er félagslegur styrkleiki. Aðalskipulagið stuðlar að hagkvæmum vexti og dregur fram sérkenni sveitarfélagsins.

1.2 Sterkur Skagafjörður

Aðalskipulag Skagafjarðar er sett fram til að leiða þróun samfélagsins og gera Skagafjörð sterkan til framtíðar.

Náttúruleg skilyrði skapa auðlindir sem íbúar breyta í hagsæld með þekkingu sinni og færni. Greint er á milli þess hvar breytingar skuli eða geti orðið og hvar þurfi að verja aðstæður fyrir óæskilegum breytingum. Hlúð er að þeim styrkleikum sem sveitarfélagið býr yfir og aðstæður fyrir nýja þróun skapaðar. Efla þarf ýmsa nýja innviði sem geta styrkt getu sveitarfélagsins til að vaxa og dafna. Þar má nefna aðgengi að orku og hagkvæmum samgöngum.

Matarkistan Skagafjörður

Skagafjörður er matarkista með fjölbreytta hráefnisöflun á landi og í sjó. Samlegð framleiðslutækni, hráefnis og flutningskerfa auka virði framleiðslunnar og skapa fjölbreytt störf. Aðalskipulaginu er ætlað að verja þessa styrkleika og byggja frekari vöxt á þeim.

Sem landbúnaðarhérað getur sveitarfélagið vaxið, aukið breidd í framleiðslu og aukið verðmæti með því að skapa skilyrði fyrir meiri framleiðslu og hagkvæmni í landbúnaði. Nýjar afurðir úr ylrækt og annarri jarðrækt auk skógræktar geta styrkt stöðu landbúnaðarins til langframa.



Hafnirnar skapa aðstæður til að nýta auðlindir hafsins og vinna úr þeim afurðir. Þær þurfa að vera í stakk búnað að þróa nýsköpun í sjávarútvegi og mæta þörf fyrir flutninga á framleiðslu héraðsins.

Ferðaþjónustan hefur alla burði til að vaxa í Skagafirði með fjölda staða sem hafa aðdráttarafl. Sterk ímynd góðs matar úr sveit og sjó styður við ferðaþjónustu og það gerir hestameningin líka ásamt bókmenntasögu héraðsins.

Tækifæri í margvíslegri framleiðslu

Aukin fjölbreytni í framleiðslu getur slegið nýjum og fleiri stoðum undir efnahagslíf sveitarfélagsins. Skipulag byggðar á Sauðárkróki miðar að því að skapa aðstæður fyrir vöxt atvinnustarfsemi með því að skipuleggja iðnaðar- og athafnasvæði sem geta tekið við nýjum fyrirtækjum og leyft öðrum að vaxa. Vöxtur atvinnuvega kallar jafnframt á aukinn íbúafjölda sem skipuleggja þarf byggð fyrir.

Fjölbreytni í búsetu

Fjölbreytni í búsetuskilyrðum og atvinnulífi eru styrkleikar sveitarfélagsins. Aðalskipulaginu er ætlað að skapa skilyrði fyrir aukinn vöxt þar sem þegar eru sterkir stofnar. Búa þarf vel að öllum íbúum í húsnæðismálum. Styrkleikar eru einnig fólgnir í þeim tengslum sem innviðir og fyrirtæki mynda við næstu nágranna og víðar um land og þá ber að nýta.

Meginmarkmið

Mæta mismunandi þörfum fyrir íbúðir með fjölbreyttu framboði húsnæðis. Ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi við núverandi byggð og tryggja hagkvæma nýtingu innviða. Styrkja götummyndir þéttbýliskjarna Skagafjarðar með uppbyggingu óbyggðra lóða og vannýtttra svæða. Tryggja gott aðgengi íbúa að þjónustu.

1.3 Skipulagssvæðið

Endurskoðunin nær til alls lands Skagafjarðar. Heildarstærð svæðisins eftir sameiningu við Akrahrepp eru 554.285 ha. Sameining sveitarfélaganna tók gildi 29. maí 2022.




Mynd 1.1: Skagafjörður eftir sameiningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps.

2 Forsendur og framtíðarsýn

2.1 Forsendur endurskoðunar aðalskipulags

Skipulagsvinnan við endurskoðunina byggir á grunni aðalskipulagsins 2020-2035 sem og aðalskipulags Akrahrepps 2010-2022. Þar hafa verið mótaðar stefnur fyrir megin landnotkun í sveitarfélaginu. Helstu áskoranir snúa að eftirfarandi viðfangsefnum:

- Sameining Sveitarfélags Skagafjarðar og Akrahrepps
- Íbúðarbyggð
- Göngu- og hjólaleiðir
- Vegir í náttúru Íslands
- Virkjanakostir
- Grænir iðngarðar
- Ný aðkoma frá Þverárfjallsvegi
- Blöndulína 3



Mynd 2.1: Aldursdreifing íbúa Skagafjarðar janúar 2024. Heimild: Þjóðskrá.

2.2 Þróun íbúðarbyggðar



Í Skagafirði eru fimm þéttbýliskjarnar. Sauðárkrókur er fjölmennastur með 2.609 íbúa í janúar 2024, á Hofsósi voru 156 íbúar skráðir, í Varmahlíð 147 íbúar og á Hólum í Hjaltadal 85 íbúar. Ekki liggja fyrir tölur um íbúafjölda á Steinsstöðum, en þar eru 12 íbúðarhús. Í dreifbýli voru 1.279 íbúar skráðir í janúar 2024 eða tæplega þriðjungur íbúa sveitarfélagsins.

Markmið sveitarfélagsins er að tryggja framboð af fjölbreyttu húsnæði í öllum þéttbýliskjörnum Skagafjarðar. Algengasta húsnæðisgerðin er einbýlishús. Eftirspurn hefur aukist eftir minna húsnæði sem mætt hefur verið með úthlutun fleiri lóða fyrir par-, rað- og fjölbýlishús. Við skipulag íbúðarsvæða hefur áhersla verið á fjölbreyttar húsagerðir.

Síðastliðin ár hafa flest hús verið byggð á Sauðárkróki. Árið 2023 komu 8 fullbúnar íbúðir á markað í Skagafirði og haustið 2023 voru 32 íbúðir í byggingu. Á árinu 2024 er áætlað að 12 fullbúnar íbúðir bætist við og eru 44 lóðir skilgreindar byggingarhæfar í þéttbýliskjörnum.

Frá árinu 2020 hefur verið unnið deiliskipulag í þéttbýliskjörnum Skagafjarðar. Á Sauðárkróki var lokið við deiliskipulag í Túnahverfi og aðliggjandi íbúðarsvæðis, Sveinstúni, auk göturreitsins milli Freyjugötu og Sæmundargötu.


Í Varmahlíð var lokið við deiliskipulag Birkimels og á Hofsósi deiliskipulag sunnan Kirkjugötu. Þá var einnig deiliskipulagt íbúðarsvæði við Lækjabakka á Steinstöðum með 12 nýjar einbýlishúsaloðir.

Breytt aðkoma inn á Sauðárkrók um Þverárfjallsveg er lögð til í þessu aðalskipulagi og framtíðar íbúðarbyggð á Nöfum. Sveitarfélagið mun vinna með Vegagerðinni að útfærslu Þverárfjallsvegar innan þéttbýlis Sauðárkróks.

Í dag er aðkoma um Þverárfjallsveg inn á hafnarsvæðið á Sauðárkróki. Hafnarsvæðið er stórt atvinnusvæði með fiskvinnslu, uppskipun og annarri starfsemi sem tengjast útgerð og fylgir henni þó nokkur umferð. Með flutningi Þverárfjallsvegur minnkar umferð sem tengist ekki hafnarstarfsemi um svæðið. Þverárfjallsvegur er stofnvegur og veghaldari er Vegagerðin.

Í fyrra aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2010-2022 var framtíðar uppbyggingarsvæði íbúðarbyggðar á Nöfunum. Í gildandi skipulagi var það felld út þar sem sýnt þótti að önnur íbúðarsvæði bæjarins hefðu nægt framboð af lóðum til ársins 2035 í nálægð við helstu innviði. Íbúum á Sauðárkróki fjölgar og þörf á að hafa framboð á lóðum til staðar til að taka á móti stækkun bæjarins því er lagt til að taka aftur inn í aðalskipulag þau áform að næsta uppbyggingarsvæði á Sauðárkróki verði á Nöfunum. Með tilkomu íbúðarbyggðar á Nöfum þarf að fara í innviðafjárfestingu, gatnagerð og veitur. Uppbygging á svæðinu verður áfangaskipt.

Breytt lega Þverárfjallsvegur um Nafirnar inn á Sauðárkrók opnar greiðari leið inn á svæðið og mun flýta fyrir uppbyggingu þess.



Mynd 2.2: Tillaga að nýrri legu Þverárfjallsvegur um Nafirnar inn á Sauðárkrók



Mynd 2.3: Framtíðar íbúðarbyggð á Nöfum

Eftir kynningu á valkostum veglínu hefur valkostur 1 orðið fyrir valinu sem framtíðar veglína fyrir Þverárfjallsveg inn á Sauðárkrók.

Hönnun vegar verður gerður í samráði við Vegagerðina. Við hönnun verður skoðaður möguleiki hvar best er að þvera Gönguskarðsá t.d. á móts við Tungurétt.

- Tengingar með T gatnamótum eða hringtorgum verða hannaðar í samráði við Vegagerðina.
- Stór svæði fyrir framtíðar íbúðarbyggð verða aðgengleg með nýrri veglegu.
- Rammaskipulag og áfangaskipting uppbyggingar verður gerð fyrir Nafirnar.
- Akstursíþróttasvæði verði fundinn nýr staður þegar íbúðarbyggðin rís.
- Uppbygging góðrar tengingar íbúðarbyggðar við skólasvæði með göngu- og hjólastígum.

2.3 Íbúaþróun

Íbúar Skagafjarðar 1. janúar 2024 voru 4.276. Íbúum hefur fjölgað um 128 síðan 1. janúar 2019 eða að meðaltali um 0,6% á ári.

Tafla 2.1: Fjöldi íbúa


Fjöldi íbúa 1. jan 2019	Fjöldi íbúa 1. jan 2020	Fjöldi íbúa 1. jan 2021	Fjöldi íbúa 1. jan 2022	Fjöldi íbúa 1. jan 2023	Fjöldi íbúa 1. jan 2024	Fjöldi íbúa 1. jan 2025
4.148	4.175	4.212	4.200	4.206	4.276	4.316

Aldurs- og kynsamsetning sveitarfélagsins er aðeins eldri en aldursdreifing landsmanna allra, sjá mynd 1.2. Helstu frávik eru að fólk á fertugsaldri er hlutfallslega lægra og fólk á áttæðisaldri hærra í Skagafirði en landsmenn í heild.

Íbúaþróunin í Skagafirði frá árinu 2010 einkenndist af nokkurri fækkun íbúa fram til 2016 þegar íbúar voru 4.057 talsins. Árið 2016 varð viðsnúningur og síðan þá hefur íbúum fjölgað að meðaltali 0,66% á ári fram til ársins 2023.

Þróun búsetu í Skagafirði á skipulagstímabilinu eða til 2040 er háð óvissu og veltur á þróun efnahags- og atvinnulífs bæði svæðisbundið og á landsvísi. Sveitarfélagið leggur áherslu á að leggja grunn að jákvæðum staðbundnum búsetuskilyrðum og gera Skagafjörð að eftirsóknarverðum búsetukosti.

Spá um íbúaþróun á skipulagstímabilinu sett fram til samanburðar miðspá með 0,6% árlegri fjölgun í takt við undanfarin fimm ár. Lágspá miðar við 0,25% árlega fjölgun en háspáin miðar við 1,6% árlega fjölgun, líkt og varð raunin árið 2023.



Mynd 2.4: Íbúaþróunin fram til ársins 2024 og þrjár spár um íbúaþróun út skipulagstímabilið.

Miðað við lágspá um 0,25% árlega fjölgun íbúa að meðaltali út skipulagstímabilið mun fjölga um 174 íbúa og íbúar verða 4.450 talsins árið 2040.

Háspá miðar við að íbúafjölgun í Skagafirði verði hlutfallslega sú sama og á landsvísu til ársins 2040 eða að meðaltali um 1,5% árleg fjölgun, sbr. miðgildi mannfjöldaspár Hagstofu.¹ Samkvæmt háspá fjölga íbúum um 1.150 íbúa á skipulagstímabilinu og íbúar sveitarfélagsins yrðu um 5.430 talsins árið 2040.

Ef þróun síðustu fimm ára helst óbreytt eða 0,6% árleg fjölgun, sbr. miðspánna, þá mun íbúum fjölga um 430 á skipulagstímabilinu og þeir verða rúmlega 4.700 árið 2040. Aðalskipulagið tekur mið af miðspá við mat á íbúðarþörf og framboð íbúðarsvæða fram til 2040.

2.4 Íbúðarþörf

Í Skagafirði voru skráðar 1.951 fullbúnar íbúðir á árinu 2024.² Að meðaltali eru 2,2 íbúar í hverri íbúð og er gengið út frá því að það haldist óbreytt á skipulagstímabilinu. Miðað við þær forsendur er þörf á um 195 nýjum íbúðum verði þróunin í samræmi við miðspá um íbúafjölgun til 2040. Gangi lágspá eftir þyrfti að bæta við um 80 nýjum íbúðum en um 520 íbúðum verði fjölgunin í samræmi við háspá.

2.5 Stefnumörkun í þéttbýli



Í sveitarfélaginu eru fimm þéttbýlisstaðir: Hofsós, Hólar, Sauðárkrókur, Steinsstaðir og Varmahlíð. Fjölbreytt landnotkun og -nýting er á þéttbýlisstöðunum. Þéttbýlið á Sauðárkróki er fjölmennast. Íbúafjöldi í þéttbýlinu hefur aukist á undanförunum árum. Áfram er horft til þess að fjölgun íbúa verði mest í þéttbýli en mikilvægt er að leita leiða til að fjölga einnig íbúafjölda í dreifbýli.

¹ Hagstofan. Mannfjöldaspá 2023-2074, sótt 15.8.2024 <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa/>

² <https://hms.is/maelabord-ibuda-i-byggingu>



Markmið

- Að efla núverandi þéttbýliskjarna og tengja þá betur saman með því að nýta styrkleika og gæði hvers kjarna.
- Að Sauðárkrókur verði miðstöð þjónustu í sveitarfélaginu og víðar, þar sem þjónusta, menntun, atvinna og ímynd verði í samræmi við framtíðarsýn sveitarfélagsins.
- Framboð og gæði menntunar verði aðdráttarafli fyrir nágrenni Hóla og Sauðárkróks.
- Að tryggja framboð íbúðarhúsnæðis sem mætir húsnæðisþörfum íbúa.
- Ný íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við núverandi byggð og innviði og þéttbýlið þróist sem samfelld og heildstæð byggð.
- Kanna möguleika á að þetta byggð á vannýttum lóðum eða reitum.
- Móta viðmið um gæði byggðar, vandaða hönnun við skipulag og hönnun mannvirkja, til að skapa eftirsóknarverða búsetu.
- Að styrkja grunnstoðir atvinnulífsins, landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun.
- Að efla ferðaþjónustu með stefnu sem styður við þróun ferðamannastaða, veitinga- og gistiþjónustu. Stuðla að fjölgun gistinóttu í Skagafirði og afþreyingarmöguleikum.
- Fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með framhaldsmenntun og sérfræðipækkingu. Nýta tækifæri sem felast í fjölgun starfa án staðsetningar.
- Að skapa ákjósanleg skilyrði fyrir þróun fjölbreytts iðnaðar, svo sem matvælaframleiðslu, verkstæða og fyrirtækja á sviði mannvirkjagerðar.
- Sérkenni þéttbýlisstaða verði eftl.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa.
- Náttúruauðlindir verða nýttar á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi og notkun bestu fánlegrar tækni til að lágmarka áhrif á umhverfið.
- Nýta þau tækifæri sem felast í náttúru sveitarfélagsins til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og styrkja fjölbreytt atvinnulíf.³
- Gott framboð af athafnasvæðum.

Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu íbúðahverfa sem ekki eru fullbyggð áður en ný svæði eru tekin til íbúðauppbýggingar. Forgangsröðun nýrrar íbúðarbyggðar taki mið af hagkvæmri nýtingu innviða, þannig að fyrst byggist upp götur og svæði sem liggja nærri núverandi götum, veitukerfum og þjónustustofnunum.

Til að bjóða upp á svigrúm og fjölbreytta aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi er mikilvægt að auka framboð af lóðum og stærri svæðum fyrir atvinnustarfsemi, sem byggir á styrkleikum sveitarfélagsins. Innan allra þéttbýliskjarna sveitarfélagsins að undanskildum Hólum í Hjaltadal er gott framboð af athafnasvæðum. Áfangaskipta skal uppbyggingu stærri athafnasvæða þannig að ná megi fram jákvæðum samlegðaráhrifum svæðanna.

Innan þéttbýlis eru skilgreind iðnaðarsvæði sem tengjast veitum, orkuvinnslu og meðhöndlun úrgangs. Ekki er gert ráð fyrir annarri almennri iðnaðarstarfsemi í þéttbýli.

³ Orðalagi breytt með tilliti til umsagnar Náttúruverndarstofnunar



Stefna um gistiþjónustu í þéttbýli

- Horft er til miðsvæðis í gamla bænum á Sauðárkróki (M-401) fyrir þróun og uppbyggingu starfsemi tengdri ferðaþjónustu, einkum veitinga- og gististarfsemi.
- Um veitinga- og gististaði gilda lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. og samnefnd reglugerð nr. 1277/2016. Í löggjöfinni eru gististaðir flokkaðir með eftirfarandi hætti:

Flokkur I:	Heimagisting.
Flokkur II:	Gististaður án veitinga.
Flokkur III:	Gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV:	Gististaður með áfengisveitingum.

- Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.
- Umfangsmeiri gististarfsemi í flokki II, III og IV, nánar tiltekið stærri gististaðir með 6 eða fleiri herbergi til útleigu og hótél skulu vera á miðsvæðum eða á svæðum fyrir verslun og þjónustu. Ef á skipulagstímabilinu koma fram áform um uppbyggingu hótels skal hótelinu fundinn staður á miðsvæðum.

2.6 Stefnumörkun í dreifbýli

Uppbygging í dreifbýli skal stuðla að velsæld samfélagsins, samkeppnishæfu atvinnulífi og vernd umhverfis og náttúru.

Landbúnaður hefur verið grundvöllur búsetu í dreifbýli. Með bættri gagnaveitu opnast möguleiki á að stunda störf án staðsetningar utan þéttbýlis sem eykur fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Með uppbyggingu ferðapjónustu verða einnig til fleiri störf í dreifbýli sem ekki tengjast landbúnaði. Stefna aðalskipulagsins er að styðja við landbúnaðarhefðir en opna einnig fyrir ný tækifæri með það fyrir augum að auka fjölbreytni starfa og halda aftur af fækkun íbúa í dreifbýli.

Landnotkun í dreifbýli er fyrst og fremst landbúnaður, náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði, iðnaðarsvæði og innviðir, en ofan við 300 m.y.s. er megin landnotkun óbyggt land. Skipulag á nýtingu afrétta verði mótuð í samræmi við bestu starfshætti.

Skagafjörður er ríkur af náttúrulegum gæðum. Stefna aðalskipulags skal stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og tryggja að nýting auðlinda sé sjálfbær.

Hugað verði að því að gæði lands og byggðar verði ekki síðra að skipulagstímabili loknu og að stefna aðalskipulags stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins, þar sem meðal annars er horft til sjónarmiða ólíkra aldurshópa, hagsmuna, umhverfis og heimsmarkmiða.

Markmið

- Náttúruauðlindir verða nýttar á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi og notkun bestu fánlegrar tækni til að lágmarka áhrif á umhverfið.⁴
- Stuðla að aukinni og fjölbreyttari matvælaframleiðslu með nýsköpun í ræktun og vöruþróun.
- Nýta þau tækifæri sem felast í náttúru sveitarfélagsins, sögu og tengslum við íslenska hestinn til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn.
- Skógrækt verði nýtt til að auka útivistarmöguleika, auka landgæði, binda kolefni og sem fjárfestingu í framtíðarauðlind.
- Ástand náttúruauðlinda verði ekki síðra í lok skipulagstímabilsins en í upphafi þess.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir mismunandi hópa.
- Verndun náttúrulegs umhverfis í sveitarfélaginu þ.m.t. landslags, líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfis, jarðmyndana og jarðvegs.
- Gott framboð að lóðum innan atvinnu-, hafnar- og iðnaðarsvæða í sveitarfélaginu.

⁴ Orðalagi breytt með tilliti til umsagnar Náttúruverndarstofnunar

Eitt af lykilviðfangsefnum landsskipulagsstefnu 2024-2028 er landnotkun í dreifbýli, þar sem lögð er áhersla á vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf. Með nýju aðalskipulagi er leitast við að fylgja þessum áhersluþáttum.

Í skipulaginu eru stór atvinnusvæði frátekin fyrir iðnað. Það er hins vegar ljóst að þau muni ekki verða fullbyggð á skipulagstímabilinu, en ákveðið hefur verið að afmarka þau svæði sem eru ákjósanleg til uppbyggingar og geta tekið við rýmifrekri atvinnustarfsemi. Með uppbyggingu Blöndulínu 3 mun aðgengi sveitarfélagsins að raforku gjörbreytast og bæta þar með aðstöðu fyrir fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu.



2.7 Atvinnulíf

Í Skagafirði er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Grunnstoðirnar eru landbúnaður og sjávarútvegur sem leiða af sér fjölda afleiddra starfa í fjölbreyttum fyrirtækjum. Einnig er fræðslustarfsemi þar sem bæði háskóli og framhaldsskóli eru í Skagafirði og heilbrigðisstofnun Norðurlands Vestra eru stórir atvinnuveitendur.

2.7.1 Landbúnaður

Landbúnaður er ein af grunnstoðum atvinnulífs og búsetu í dreifbýli í Skagafirði. Í stefnumörkun um landbúnað eru tækifæri til að efla tengsl matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og menningararfs sem byggir á sambýli við náttúruna.

Efla tengsl matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og menningararfs sem byggir á sambýli við náttúruna.

Í Skagafirði er stundaður fjölbreyttur búskapur, þar sem verið er að nýta land til ræktunar nytjajurta fyrir búpening, beitiland eða skógrækt. Einnig er ylrækt þónokkur þar sem sveitarfélagið er gjöfult af jarðhita.

Leggja skal áherslu á að standa vörð um gott ræktarland og sjálfbæra nýtingu auðlinda sveitarfélagsins.

Í Skagafirði er töluverð skógrækt, bæði náttúrulegir birkiskógar frá landnámsöld og nýskógrækt á lögbýlum. Skjólbelti eru víða sem hafa það hlutverk að verja landbúnaðarland fyrir ágangi veðurs. Dýr í beitarhaga nýta



sér einnig skjólbelti til hvíldar svo og ferðafólk til útivistar. Stór skógræktarsvæði eru í Skagafirði, bæði nytjaskógrækt og almenningskógar til útivistar, sjá kafla 8.8 um skógræktar- og landgræðslusvæði.

Landbúnaðarsvæði er samheiti yfir mjög fjölbreytta landnotkun og nær m.a. til túna, beitilands, ræktaðs lands, ræktanlegs lands, akuryrkju, ylræktar, þauleldis og skógræktar, auk mannvirkja sem tengjast viðkomandi búrekstri og búsetu. Hver þáttur styrkir annan í þessu sambandi og allt hvílir á gæðum náttúrunnar.

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í samræmi við útgefna leiðbeiningar,⁵ sjá kafla 8.7 um landbúnaðarland. Á grundvelli þeirra er horft til lands sem hentar til akuryrkju, þar er átt við að hægt sé að plægja og endurrækta land reglulega. Á mörgum svæðum hafa tún verið ræktuð upp með góðum árangri en með flokkun lands eftir útgefnum leiðbeiningum er mikið af tünnum og ræktalandi sem ekki nær fyrsta flokki en er engu að síður mjög gott landbúnaðarland.

Við gerð aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var gróf flokkun unnin á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu. Eftir sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur heildstæð flokkun farið fram eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands frá því í mars 2021.

Markmið um landbúnað

- Sveitarfélagið leggur áherslu á að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði og tengdri starfsemi.
- Forgangsraða nýtingu góðs ræktarlands til ræktunar og ýta undir viðhald þeirra gæða en beina annarri notkun annað. Að standa vörð um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildir um uppbyggingu á landbúnaðarlandi sem tekur mið af flokkun landbúnaðarlands.
- Fjölga íbúum og auka fjölbreytni starfa í dreifbýli.
- Stuðla að sambúð landbúnaðar, ferðaþjónustu, frístundabyggðar og annarrar landnotkunar. Settir verða skilmálar og leiðbeiningar um hvernig þeirri sambúð verði best háttað.
- Leggja skal mat á gæði landbúnaðarlands og styðja við góða ákvarðanatöku bænda um nýtingu og viðhald jarða sinna.

⁵ „Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar“ Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands. Stjórnarráð Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, mars 2021.

2.7.2 Sjávarútvegur og iðnaður



Sjávarútvegur er önnur stoðin í atvinnulífi Skagafjarðar. Á Sauðárkróki er stórskipahöfn en einnig er höfn á Hofsósi þar sem fiski er landað. Í tengslum við hafnirnar eru reknar fiskvinnslur og önnur starfsemi sem tengist sjávarútvegi.

Til að bjóða upp á svigrúm og fjölbreytta aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi er mikilvægt að skipulagið hafi svæði með góðri tengingu við innviði svo sem hafnir og vegakerfi fyrir atvinnustarfsemi, sem byggir á styrkleikum sveitarfélagsins.

Í kafla 4.6 eru sett fram skipulagsákvæði og tafla með hafnarsvæðum í sveitarfélaginu.

Markmið í sjávarútvegi

- Að skipulagið styðji við uppbyggingu hafnarmannvirkja á hafnarsvæðum.
- Sjálfbærni atvinnugreinarinnar, lágmarka mengun í höfnum og bæta úrgangsstjórnun tengda sjávarútvegi.
- Hvatt til nýsköpunar í vinnslu, fiskeldi og sjávarútvegi með uppbyggingu grænna iðngarða tengda sjávarútvegi.
- Sauðárkrókshöfn þjóni þríþættu hlutverki sem fiski-, flutninga- og ferðamannahöfn.
- Unnið verði að rafvæðingu hafnarinnar svo skip geti tengst rafmagni í landi.
- Á Sauðárkróki verði góð aðstaða fyrir smábáta og tómstundaiðkun tengda sjónum.
- Skipulagið styðji við uppbyggingu á móttökusvæði skemmtiferðaskipa á Sauðárkróki.
- Áfram verði stunduð útgerð og fiskvinnsla á Hofsósi.

2.7.3 Ferðabjónusta




Aðalskipulaginu er ætlað að styðja við tækifæri til uppbyggingar ferðabjónustu í sveitarfélaginu, auka samlegðaráhrif áfangastaða og draga fram sérkenni sveitarfélagsins. Meðal þess er að auka framboð gististaða, veita svigrúm fyrir uppbyggingu þjónustu, gera ráð fyrir hringtengingu frammi í sveitum ásamt skýrari miðlun á áfangastöðum í sveitarfélaginu.

Ferðabjónustan hefur vaxið töluvert undanfarin ár en vaxtarmöguleika greinarinnar teljast enn allnokkrir í Skagafirði. Ýmis tækifæri eru til að auka þjónustu við ferðamenn og fjárfesta í tækifærum til að mæta þörfum ferðamanna.

Alls hafa 14 verkefni í sameinuðu sveitarfélagi Skagafjarðar fengið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna-
staða frá stofnun sjóðsins. Næg verkefni eru fram undan í hönnun og undirbúningi nýrra verkefna í ferða-
þjónustu, að tryggja öryggi ferðamanna á vinsælum áfangastöðum og í náttúruvernd.

Greining á viðkomustöðum ferðamanna sem Ferðamálastofa lét gera⁶ sýnir að viðkomustaðir ferðamanna í Skagafirði eru víða um sveitarfélagið (mynd 5), alls 92 mismunandi staðir með mismikið aðdráttarafli. Lang vinsælasti viðkomustaðurinn er Glaumbær með yfir 54 þúsund manns sem heimsóttu staðinn árið 2024, samkvæmt tölum Ferðamálastofu.

⁶ Gögn frá Ferðamálastofu, janúar 2025



Mynd 2.5: Viðkomustaðir ferðamanna í Skagafirði, Ferðamálastofa 2025.



Greining á stöðu og tækifærum í ferðapjónustu í Skagafirði hefur farið fram nokkuð reglulega síðustu áratugi. Grundvöllurinn fyrir ferðapjónustu er jafnan talinn vera náttúran og það sem hún býður upp á fyrir náttúruskoðun á fæti eða hestbaki. Matur úr héraði og vönduð framsetning hans er einnig stór þáttur í upplifun ferðamanna. Þá er hestamennska stór þáttur í ímynd, menningu og afþreyingarmöguleikum sem unnt er að byggja á. Tækifæri eru í að kynna menningu og sögu svæðisins. Þessum þáttum er gerð skil á viðeigandi stöðum í skipulagsákvæðum á hverjum stað.

Stefnumótun fyrir ferðapjónustu árin 2016-2020 liggur fyrir. Þar kemur fram meðal helstu niðurstaðna að aukin samvinna milli aðila, skýrari miðlun og vilji til að ferðapjónustan njóti sannmælis sem atvinnugrein sé það sem þurfi til að greinin geti vaxið. Hótel með minnst 100 herbergjum er ein forsenda þess að gera Skagafjörð að áfangastað samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.⁷ Nýtt hótel er talið geta drifið áfram þróun sveitarfélagsins sem áfangastaðar og eru fordæmi fyrir því að vönduð, áhugaverð hótel geti komið stöðum á kortið svo lengi sem fyrir séu áningarstaðir með aðdráttarafl.

Einnig var unnin skýrsla að beiðni SSNV⁸ Stefnumótun fyrir ferðapjónustu. Þar er gerð stöðu- og samkeppnisgreining á ferðapjónustunni á Norðurlandi Vestra, farið yfir áskoranir og lagðir til leiðarvísar í því markaðs- og þróunarstarfi sem framundan er í ferðapjónustu í héraðinu.

Markmið í ferðapjónustu

- Nýta þau tækifæri sem felast í náttúru sveitarfélagsins til að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn og styrkja fjölbreytt atvinnulíf.
- Að efla ferðapjónustu með stefnu sem styður við þróun ferðamannastaða, veitinga- og gistinguþjónustu. Stuðla að fjölgun gistinguþátta í Skagafirði og afþreyingarmöguleikum.
- Áframhaldandi uppbygging innviða á ferðamannastöðum til að tryggja öryggi, stuðla að dreifingu ferðamanna og lágmarka álag á viðkvæm vistkerfi.⁹

2.8 Grænir iðngarðar

Markmiðið er að móta stefnu og umgjörð fyrir sjálfbæra atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu á afmörkuðum svæðum sem kallast grænir iðngarðar. Tilgangurinn er að styrkja stoðir atvinnulífs og samfélagsins með því að byggja á styrkleikum svæðisins og sköpunarkrafti íbúa. Slík atvinnustarfsemi getur gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við svæðisbundin markmið, stefnumótun stjórnvalda í loftslagsmálum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og við að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Uppbygging grænna iðngarða ætti jafnframt að vera í takt við áherslur í Sóknaráætlun Norðurlands Vesta 2025-2029¹⁰ þar sem fjallað er um sjálfbærni, aukna nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf.

Grænn iðngarður eða sjálfbært atvinnusvæði einkennist af því að þau fyrirtæki sem þar eru deila sömu sýn og markmiðum um sjálfbæra þróun og ábyrga auðlindanýtingu. Þau nýta gjarnan auðlindastrauma á svæðinu s.s. lífrænan úrgang úr landbúnaði og matvælaframleiðslu og hliðarafurðir. Þannig geta nýsköpunarfyrirtæki

⁷ Sveitarfélagið Skagafjörður 2017

⁸ Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra, 2023, Norðurland vestra Stefnumótun fyrir Ferðapjónustu.

⁹ Skipulagsákvæði bætt við með tilliti til umsagnar Náttúruverndarstofnunar

¹⁰ https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/soknaraetlun-ssnv_2025-2029_ok2-compressed-2-.pdf



nýtt sér úrgang til verðmætasköpunar; úrgangur eins er auðlind annars. Þetta skilar sér meðal annars í atvinnutækifærum í ylrækt með notkun á heitu vatni, eldi og atvinnutækifærum tengt mat úr sveit og sjó sem er styrkleiki Skagafjarðar. Mestur árangur næst með samstarfi fyrirtækja, mennta- og rannsóknarstofnana sem sameinast um að auðga samfélagið umhverfislega, félagslega og efnahagslega.

Stefnt er að því að staðsetja græna iðngarða á svæðum sem bjóða upp á góð skilyrði m.t.t. auðlindastrauma, náttúrufars, orkuflutninga og samgangna þannig að þeir þjóni sem best þörfum starfseminnar og íbúa.

Markmið um atvinnuþróun

- Fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með framhaldsmenntun og sérfræðiþekkingu. Nýta tækifæri sem felast í fjölgun starfa án staðsetningar.

2.9 Úrgangsstjórnun

Skagafjörður er aðili að byggðasamlaginu Norðurá um sorpurðun að Stekkjarvík á Blönduósi. Gert er ráð fyrir að þar séu urðuð 21.000 tonn á ári og að auka megi árlega magnið í 30.000 tonn. Um fimmtungur sorpsins á uppruna sinn í Skagafirði. Ekki stendur til að opna sorpurðunarsvæði í Skagafirði meðan urðunarstaðurinn að Stekkjarvík annar þörfum svæðisins. Móttöku- og flokkunarstöðvar eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Hofsósi. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur að leiðarljósi að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. stefnu stjórnvalda um úrgangsmál.¹¹

2.10 Orkuframleiðsla

Í sveitarfélaginu hefur verið litið til möguleika til orkuframleiðslu til hagsbóta fyrir sveitarfélagið.

Skagafjörður er lághitasvæði og því er haldið fram að óvída sé jarðhiti eins aðgengilegur til virkjunar. Þetta skapar Skagafirði sérstöðu sem hefur þó ekki verið nýtt nema að nokkru leyti. Mikilvægt er að nýta lághita til ræktunar og veita heitu vatni sem víðast um sveitarfélagið. Þrjár virkjanir eru í sveitarfélaginu sem eru Gönguskarðsárvirkjun, Skeiðsfossvirkjun og Sleitustaðavirkjun. Einnig er heimarafstöð við Ytri-Kot sem áform eru uppi um að stækka á skipulagstímanum.

Sveitarfélagið hefur unnið að kortlagningu svæða sem henta fyrir nýtingu vindorku. Niðurstaða úttektar er að vindafar er mjög hagfellt fyrir framleiðslu vindorku, en huga þarf að fjölmörgum öðrum þáttum áður en ákvörðun um slíkt er tekin í aðalskipulagi.

Áherslur sveitarfélagsins vegna mögulegrar vindorkunýtingar eru:

- Nýting vindorku eftir því sem aðstæður leyfa skal vera í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðið verði vörð um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.
- Leitast skal við að byggja vindorkuver innan afmarkaðra svæða nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og halda umhverfisáhrifum í lágmarki.
- Við uppbyggingu vindorkuvera skal lágmarka áhrif á landslag.

¹¹ [Í átt að hringrásarhagkerfi](#)



- Við staðarval, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar skal taka mið af stefnu stjórnvalda varðandi vindorkuver.
- Stefna sveitarfélagsins við nýtingu vindorku skal vera í sátt við umhverfi og samfélag samanber Landsskipulagsstefnu 2024-2028.¹²

Markmið og stefna í orkuframleiðslu

- Nýting vistvænna orkuauðlinda á haf- og strandsvæðum verði í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérkenni svæðis og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar nýtingar.
- Öll áform um orkuframleiðslu skulu taka mið af landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038, þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu auðlinda og loftslagsvæna orkugjafa.
- Nýting orkuauðlinda skulu stuðla að sjálfbærri nýtingu, með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa og lágmörkun á umhverfisáhrifum.
- Stuðla að orkuöryggi og öflugu flutnings og dreifikerfi.
- Áform verða unnin í sem mestri samfélagssátt um vernd og nýtingu landsvæða og náttúruauðlinda
- Áform um smávirkjanir skal ávallt meta með hliðsjón af ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Bygging smávirkjana mun á komandi árum skipa stóran sess í aukinni raforkuvinnsluþörf Íslands þar sem stærri virkjanakostum fer fækkandi. Smávirkjanirnar munu stuðla að auknu orkuöryggi með dreifingu framleiðslu og geta enn fremur stutt við búskap og aðra atvinnustarfsemi víðsvegar í sveitarfélaginu (sjá umfjöllun í kafla 3.16 um stakar framkvæmdir). Þá þarf að hafa í huga hver hagkvæmni virkjana er með tilliti til uppsetningar og reksturs. Fram hefur farið úttekt á virkjanakostum á vegum Sambands sveitarfélaga á Norðvesturlandi, sem unnin var af Mannviti verkfræðistofu (2018).¹³ Þar koma fram upplýsingar um 28 virkjanakosti í Skagafirði.

Rammaáætlun

Í núgildandi rammaáætlun eru tveir virkjanakostir innan Skagafjarðar í biðflokki, Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun. Villinganesvirkjun gerir ráð fyrir stíflun Héraðsvatna um 2 km neðan við ármót Vestari og Austari Jökulsár. Vegna Skatastaðavirkjunar er lón fyrirhugað, Baugslón við Orravatnsrústir og Laugarfellsskála, með aðrennslisgöngum að Villinganesvirkjun. Tveir kostir eru settir fram fyrir Skatastaðavirkjun í rammaáætlun, annar kosturinn gerir ekki ráð fyrir Villinganesvirkjun. Í samræmi við stöðu þeirra í rammaáætlun er fyrirhuguð staðsetning þeirra merkt sem varúðarsvæði sbr. ákvæði skipulagsreglugerða.

Jarðhiti

Eingöngu er litið til nýtingar varmaorku frá jarðvarmavirkjunum í Skagafirði. Átta aðskilin veitukerfi eru í rekstri: Sauðárkróksveita, Varmahlíðarveita, Steinsstaðaveita, Hjaltadalsveita, Hofsóssveita, Sólgarðaveita, Langhúsaveita og Hverhólaveita.

¹² [Landsskipulagsstefna 2024-2028](#)

¹³ Mannvit, 2018. [Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra.](#)



Rýmis- og orkufrekur iðnaður

Í Viðvíkursveit er stefnt að þróun iðnaðarsvæðis og samhliða því höfn til innflutnings hráefnis og útflutnings á afurðum. Svæðið hefur verið á skipulagi og í almennri umræðu um árabíl til iðnaðarnota. Stefnt er að því að byggja upp iðnað sem krefst annað hvort eða bæði mikils landrýmis og raforku.

Iðnaðarframkvæmd þar sem framkvæmdasvæði eða gólfplötur bygginga er a.m.k. 20.000 m², er tilkynningarskyld framkvæmd í flokki B, sbr. tölulið 10.01 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Einstakar framkvæmdir og starfsemi á iðnaðarsvæðum kunna að vera tilgreindar undir öðrum liðum 1. viðauka laganna í flokki A eða B og vera háðar mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldar.

Við ákvörðun um mannvirki og starfsemi á iðnaðarstarfsemi þarf að líta til mögulegra áhrifa á umhverfi, samfélag og efnahag.

Áður en kemur til vinnu deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæðin í Viðvíkursveit og Reykjaströnd verður mörkuð nánari stefna um uppbyggingu iðnaðarsvæðanna í aðalskipulagsbreytingu.

3 Landnotkun

3.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

Íbúðarbyggð er svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið um í stefnu skipulagsins.

Markmið

- Að efla núverandi þéttbýliskjarna og tengja þá betur saman með því að nýta styrkleika og gæði hvers kjarna.
- Að Sauðárkrókur verði miðstöð þjónustu í sveitarfélaginu og víðar, þar sem þjónusta, menntun, atvinna og ímynd verði í samræmi við framtíðarsýn sveitarfélagsins.
- Framboð og gæði menntunar verði aðdráttarafl fyrir nágrenni Hóla og Sauðárkróks.
- Að tryggja framboð íbúðarhúsnæðis sem mætir húsnæðisþörfum íbúa.
- Ný íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við núverandi byggð og innviði og þéttbýlið þróist sem samfelld og heildstæð byggð.
- Kanna möguleika á því að þetta byggð á vannýttum lóðum eða reitum.
- Móta viðmið um gæði byggðar, vandað skipulag og hönnun mannvirkja, til að skapa eftirsóknarverða búsetu.
- Sérkenni þéttbýlisstaða verði eftl.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa.

Lögð er áhersla á að ljúka uppbyggingu íbúðahverfa sem ekki eru fullbyggð áður en ný svæði eru tekin til íbúðauppbyggingar. Forgangsröðun nýrrar íbúðarbyggðar taki mið af hagkvæmri nýtingu innviða, þannig að fyrst byggist upp götur og svæði sem liggja nærri núverandi götum, veitukerfum og þjónustustofnunum.

Almenn stefna fyrir íbúðarbyggð

Nánara fyrirkomulag byggðar er útfært í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum svo framarlega sem heildarbyggingarmagn sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.

Rík áhersla er lögð á vandað yfirbragð hverfa og bygginga. Við deiliskipulagsvinnu skal áhersla lögð á að undirstrika og efla sérstöðu hverfa og fallega bæjarmynd.

Sauðárkrókur og Hofsós eiga sér langa byggðasögu og þar eru fjölmörg friðuð hús og söguleg byggð sem skilgreind hefur verið sem verndarsvæði í byggð. Við deiliskipulag eldri byggðar skal tekið mið af verndarmarkmiðum en leitast við að tryggja jafnframt jákvæða framþróun með svigrúmi fyrir nýbyggingar og endurnýjun innan byggðar.

Innan íbúðarbyggðar er minniháttar atvinnustarfsemi almennt heimil ef ætla má að hún valdi nágrönnum ekki óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar.



Almenn skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

- Rík áhersla er lögð á vandað yfirbragð hverfa og bygginga. Ný hús innan eldri byggðar styrki götumyndir.
- Fyrirkomulag byggðar er útfært í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum svo framarlega sem heildarbyggingarmagn sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.
- Heimilt er að gera ráð fyrir 20% fleiri íbúðum á hverju svæði íbúðarbyggðar í deiliskipulagi en sett viðmið um íbúðafjölda í töflu til að skapa sveigjanleika og vegna óvissu um framgang og þróun uppbyggingar.
- Í deiliskipulagi íbúðarbyggðar skal gera ráð fyrir leiksvæðum eða almenningsgörrðum og stígum sem tengja íbúðagötur við aðliggjandi bæjarhluta, þjónustusvæði og útivistarsvæði. Leitast skal við að tryggja að leiksvæði og önnur dvalarsvæði utandyra séu skjólgóð og geti notið sem mestrar sólar.
- Minniháttar atvinnustarfsemi er heimil í íbúðarbyggð sem ætla má að valdi ekki nágrönnum óþægindum t.d. vegna lykta, hávaða eða óprifnaðar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að heimagisting samkvæmt skilgreiningu reglugerðar og gististaðir í flokki II með allt að 5 herbergjum og rými fyrir allt að 10 gesti verði heimilir innan íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu.
- Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar (sbr. 29. gr. Vegalaga nr. 80/2007).

Tafla 3.1: Íbúðarbyggð

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi íbúða	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-401	Gamli bærinn	6	49	54	Vestanverð Aðalgata og Suðurgata, auk Suðurgötu 7-13b. Hluti eldri byggðakjarnans á Sauðárkróki.	Verndarsvæði í byggð norðan Hlíðarstígs. Á óbyggðum lóðum er heimilt að byggja ný íbúðarhúsnæði sem falla vel að núverandi byggð, styrkja götumynd og samrýmast gildandi verndarákvæðum. Hluti svæðisins er innan hættusvæðis A samkvæmt hættumati vegna ofanflóða.
ÍB-402	Ránarstígur - Hegrabraut	19,2	280	4	Sauðárkrókur: Að mestu fullbyggt svæði með blandaðri byggð með sérþýli og litlum fjölbýlishúsum.	Austan við Sæmundargötu nr. 15 er heimilt að afmarka nýjar íbúðarlóðir, milli Sæmundargötu og Strandveggar, að undangengnu áhættumati vegna sjávarflóðahættu. Rými til að fjölga íbúðum, svo sem með raðhúsum eða litlum fjölbýlishúsum. Ný íbúðarhús skulu vera í góðu samræmi við yfirbragð og stærðarhlutföll nærliggjandi byggðar.
ÍB-403	Sauðarmýri, Viðimýri	3,8	74		Íbúðasvæði með blandaðri íbúðagerð í nálægð við verslun, þjónustu og atvinnusvæði.	Áhersla er lögð á hagkvæma uppbyggingu í góðum tengslum við miðsvæðið við Ártorg.
ÍB-404	Tún, Hlíðar og Sæti	72,5	593		Sérþýlishús. Við núverandi götur í Túnum eru örfáar lóðir óbyggðar	Uppbygging í samræmi við deiliskipulag.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi íbúða	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-405	Sveinstún	8	85			Gert ráð fyrir sérbylum, einbýli- og raðhúsum í samræmi við samþykkt deiliskipulag.
ÍB-406	Sauðárkíll	2,9	30			Gert er ráð fyrir einbýlishúsum og raðhúsum, samkvæmt deiliskipulagi.
ÍB-407	Sæmundarhlíð	3,5	20			Ný íbúðarhús skulu vera í góðu samræmi við yfirbragð og stærðarhlutföll nærliggjandi byggðar.
ÍB-408	Nafir II	14,2	-		Framtíðar íbúðarsvæði á Nöfunum. Áfangaskipt uppbygging. Blönduð byggð.	Framtíðar uppbyggingarsvæði Sauðárkróks. Frístundabúskapur mun víkja fyrir framtíðar íbúðarbyggð. Uppbygging verður áfangaskipt.
ÍB-409	Nafir III	6,8	-		Framtíðar íbúðarsvæði á Nöfunum. Áfangaskipt uppbygging. Blönduð byggð.	Framtíðar uppbyggingarsvæði Sauðárkróks. Frístundabúskapur mun víkja fyrir framtíðar íbúðarbyggð. Uppbygging verður áfangaskipt.
ÍB-410	Nafir IV	20,3	-		Framtíðar íbúðarsvæði á Nöfunum. Áfangaskipt uppbygging. Blönduð byggð.	Framtíðar uppbyggingarsvæði Sauðárkróks. Frístundabúskapur mun víkja fyrir framtíðar íbúðarbyggð. Uppbygging verður áfangaskipt.
ÍB-501	Laugavegur, Norðurbrún og Skógarstígur	6,2	25		Íbúðarsvæðið er fullbyggt skv. deiliskipulagi.	Í gildi er deiliskipulag Varmahlíðar samþykkt 21.3.1997.
ÍB-502	Birkimelur - Furulundur	18,5	70		Birkimelur í uppbyggingu.	Gert ráð fyrir að ný íbúðauppbygging verði að mestu í sunnanverðu þéttbýlinu í framhaldi af Birkimel til suðurs og vesturs. Nýjar íbúðir verði í góðum tengslum við núverandi byggð og nálægð þjónustu bæjarins. Svæðið mun byggjast upp í áföngum á skipulagstímabilinu. Í gildi er deiliskipulag fyrir Birkimel samþykkt 9.2.2022.
ÍB-601	Karástígur, Hvassafell og Suðurbraut	2,9	22			Heimilt að byggja ný íbúðarhús á lausum lóðum.
ÍB-602	Túngata, Austurgata, Kirkjugata, Sætun og Hátún. Suðursvæði	13,5	107		Að mestu fullbyggt norðan Kirkjugötu, en í uppbyggingu við Hátún og Sætún.	Hátún og Sætún í uppbyggingu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Í framhaldi af því verði sunnan og austanvert svæðið deiliskipulagt og byggt upp.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi íbúða	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
ÍB-603	Brekkun	7,2	18	10	Á Brekkunni eru 12 íbúðarhús, ekki er föst búseta í þeim öllum. Önnur hús eru skemmur og geymslur. Byggðin er dreifð og ber einkenni þorps. Húsin þar standa við ónefnda götu en bera öll nöfn. Elstu tvö húsin eru byggð um aldamótin 1900, flest hinna sem standa ofar og nær Norðurbraut eru frá miðri síðustu öld eða yngri.	Heimilt að byggja við núverandi hús og ný íbúðarhús í samræmi við deiliskipulag, allt að 6 nýjar íbúðir. Við deiliskipulagsgerð skal gerð krafa um vandaða hönnun húsa og fallega ásýnd nýrrar byggðar á Brekkunni. Leitast við að viðhalda byggðarmynstrinu og legu vegslóðanna í meginatriðum. Svæðið er áberandi innan bæjarins og ofan við elstu byggðina á Hofsósi, Sandinn og Plássið. Taka skal tillit til aðliggjandi verndarsvæðis í byggð og markmiðum þess. Í áætlun um verndarsvæði í byggð á Hofsósi fyrir elstu byggðina neðan við Brekkuna, sem nefnd eru Sandurinn og Plássið, er sett fram hugmynd um að stækka mörk verndarsvæðisins síðar svo það nái yfir Brekkuna.
ÍB-702	Nátthagi og Geitagerði	7,7	115	56		Heimilt er að byggja þar íbúðarhús af sambærilegri gerð og núverandi íbúðarhús, þ.e. parhús, raðhús eða fjölbýli á einni til tveimur hæðum. Gert ráð fyrir þéttleika allt að 10 íbúðir á hektara.
ÍB-703	Biskupssetursvegur	1,6	10			Áhersla skal lögð á að ný íbúðarhús falli vel að umhverfi og yfirbragði eldri byggðar á Hólum og vandaða hönnun húsa. Sérstaklega skal taka tillit til nærliggjandi minjaverndar og hverfisverndarákvæðum svæðisins umhverfis Hóladómkirkju.
ÍB-704	Ofan við Hólaveg	2,8	30			Svæðið skal ekki tekið til uppbyggingar fyrr en hin íbúðarsvæðin á Hólum eru fullbyggð. Heimilt er að byggja þar íbúðarhús af öllum gerðum, þ.e. einbýli, parhús, raðhús eða fjölbýli á einni til tveimur hæðum.
ÍB-801	Lækjarbakki - Steinaborg	4,6	24		Að hluta uppbyggt.	Í gildi er deiliskipulag samþykkt 21.2.2024 sem gerir ráð fyrir 12 nýjum lóðum til viðbótar við sjö þegar byggðar íbúðalóðir. Allt einbýlishús.
ÍB-802	Laugarhvammur	0,4	2			Heimilt að byggja íbúðarhús sem fellur vel að aðliggjandi byggð.

3.2 Miðsvæði (M)



Miðsvæði eru svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Í Skagafirði eru skilgreind miðsvæði á Sauðárkróki og Hofsósi. Á Sauðárkróki er miðstöð stjórnsýslu sveitarfélagsins ásamt fjölbreyttri verslun og þjónustu innan miðsvæða sem fléttast saman við íbúðarbyggðina í gamla bænum, meðfram Aðalgötu og við Faxatorg á miðsvæði M-401, en við Ártorg M-402 er að finna stærri verslanir og skrifstofuhúsnæði. Í Sauðármýri M-403 er gert ráð fyrir miðsvæði fyrir framtíðaruppbyggingu. Hótelbygging er hluti af framtíðaruppbyggingu og er miðað við að hún verði á miðsvæði M-401 í gamla bænum.

Almenn skipulagsákvæði fyrir miðsvæði

- Við skipulag miðsvæða skal leggja áherslu á að skapa vistlegt og fallett miðbæjarumhverfi með góðu aðgengi að þjónustu innan svæðanna fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur.
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu og atvinnustarfsemi sem fellur að yfirbragði og eðli miðsvæða.

Aðgerðir á skipulagstímabilinu

- Á skipulagstímabilinu er þörf á að endurskoða *Deiliskipulag gamla bæjarins* á Sauðárkróki frá 1987 sem þjónar ekki lengur tilgangi sínum og samræmist ekki kröfum gildandi skipulagslögjafar.



Tafla 3.2: Miðsvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Fjöldi íbúða	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
M-401	Aðalgata – Faxatorg	12	61.720	62	71	Stjórnsýsla, verslun og þjónusta og íbúðarbyggð	Á verndarsvæði í byggð innan miðsvæðis M-401 skal öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og nýbyggingar skulu falla vel að umhverfi og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er, hvað varðar umfang, útlit og efnisval, að jafnaði 1-2 hæðir og ris. Samráð verði haft við Vegagerðina um fjarlægð bygginga frá Strandvegi. Heimild fyrir hótél og veitingarekstur. Við endurskoðun deili-skipulags svæðisins verði lagt mat á hugsanlega sjávarflóðahættu. Önnur almenn skipulagsákvæði fyrir miðsvæði gilda.
M-402	Ártorg	5	50.950			Verslun og þjónustukjarni.	Uppbyggingu verslunar- og þjónustu og atvinnustarfsemi sem fellur að yfirbragði og eðli miðbæjar. Þar er heimilt að byggja allt að 4 hæðir. Við deiliskipulags svæðisins skal lögð áhersla á að skapa vistlegt og fallegt miðbæjar-umhverfi, gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda.
M-403	Sauðármýri - Sauðárkíll	2,8	16.120			Verslun og þjónustukjarni.	Við deiliskipulag svæðisins skal áhersla lögð á að atvinnustarfsemi og uppbygging svæðisins falli vel að aðliggjandi íbúðarbyggð á Sauðárkíll, á fallega ásýnd og gott og öruggt umhverfi fyrir vistvæna ferðamáta. Önnur almenn skipulagsákvæði fyrir miðsvæði gilda.
M-404	Hátækni-setur Íslands	4,1	25.000		50	Háskólasetur, nýsköpun, nemendagarðar, atvinnuþróun og hótélgisting	Leyfilegt er að vera með ferðamannagistingu eða hótél. Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang á verslunar- og þjónustulóðum. Til að ná þeim áherslum er lögð áhersla á að í deiliskipulagi verði markmið að stuðla að góðri ásýnd svæðisins með vandaðri hönnun bygginga, lóðaskipulagi og fyrirkomulagi bílastæða. Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar- og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.
M-601	Höfðaborg, Suðurbraut og Plássíð	3	6.000	12	23	Plássíð, verslun og þjónusta ásamt íbúðarbyggð.	Plássíð er hluti af verndarsvæði í byggð og gilda um það skilmálar verndaráætlunar, sem staðfest var af mennta- og menningarmálaráðherra 10. febrúar 2021. Við deiliskipulag svæðisins skal lögð áhersla á að skapa vistlegt og fallegt miðbæjarumhverfi, gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda. Heimilt er að byggja allt að 3 hæðir. Önnur almenn skipulagsákvæði fyrir miðsvæði gilda.

3.3 Verslun og þjónusta (VP)

Verslun og þjónusta eru svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Verslunar- og þjónustusvæði Skagafjarðar þjóna mismunandi hlutverki. Þau geta verið fyrir nærþjónustukjarna innan íbúðarbyggðar eða fyrir rýmisfrekari eða sérhæfða verslunar og þjónustustarfsemi. Veitinga- og gistipjónusta er jafnan á verslunar- og þjónustusvæðum nema umfang hennar samrýmist annarri landnotkun s.s. íbúðarbyggð eða landbúnaði (sjá viðmið í köflum 8.1 og 8.7).

Almenn skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang á verslunar- og þjónustulóðum. Til að ná þeim áherslum er lögð áhersla á að í deiliskipulagi verði markmið að stuðla að góðri ásýnd svæðisins með vandaðri hönnun bygginga, lóðaskipulagi og fyrirkomulagi bílastæða.
- Þar sem er blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða skal við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar hugað sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa svo sem með því að setja skilmála sem draga úr hættu á því að starfsemi valdi nágrönnum óþægindum, t.d. vegna hávaða, og staðsetning nýrra íbúða eða starfsemi hamli ekki starfsemi sem fyrir er á svæðinu.
- Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar- og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.
- Almennt er það stefna sveitarfélagsins að stækka og styrkja núverandi verslunar- og þjónustusvæði, þ.e. að beina uppbyggingu á slík svæði. Víða eru tækifæri til að nýta núverandi mannvirki, með eða án breytinga.
- Innan verslunar- og þjónustusvæða er leyfilegt að hafa blandaða landnotkun með íbúðaeiningum og skal það nánar útfært í deiliskipulagi.

Tafla 3.3: Verslun og þjónusta

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
VP-401	Akurhlíð	0,4		2.000		Gert er ráð fyrir nærþjónustu fyrir Hlíða- og Túnahverfi, s.s. matvöruverslun og þjónustustarfsemi sem fellur vel að aðliggjandi íbúðarbyggð.
VP-402	Sauða	0,5		200	Veitingahús í gömlu hlöðunni.	Veitingahús.
VP-501	Varmahlíð verslunar og þjónustusvæði	2,7	42	11.000	Megin verslunarsvæði Varmahlíðar, þar er verslun, veitingasala, upplýsingamiðstöð og fleira.	Rými er til aukinnar uppbyggingar á svæðinu, einkum á norðurhluta þess og í nágrenni við upplýsingamiðstöðina.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
VP-502	Vélaverslun við Hringveginn	0,7		6.000		Rúmgóð lóð, svæði til frekari uppbyggingar.
VP-503	Við vegamót Skagafjarðarveggar	0,4		2.500		Svæði VP-503 er ekki byggt, en þar er gert ráð fyrir ýmiskonar verslun og þjónustu, sem nýtur góðs af nálægð við aðliggjandi atvinnusvæði og þjóðveg.
VP-601	Vegamót Hofsósbrautar og Siglufjarðarveggar	4,1		15.000	Svæðið er ætlað fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem ekki er hentugt að koma fyrir á miðsvæðinu á Hofsósi. Þar getur verið um að ræða rýmisfreka verslun sem kallar á stórar lóðir, heildsölur og þrífalegur léttur iðnaður svo sem verkstæði.	Óheimilt er að reka matvöruverslun á svæðinu.
VP-801	Bakkafliót	1,9	90	3.600	Gisting og ferðaþjónusta	
VP-802	Laugarból	0,3		600	Aðstöðuhús fyrir tjaldstæði.	
VP-803	Steinsstaðaskóli	0,7	45	800	Gisting og ferðaþjónusta	
VP-1	Ketilsás í Fljótum	1		1000	Veitinga- og samkomuhús	
VP-2	Deplar í Fljótum	3,8	30	3500	Veiði- og gistiskáli	
VP-3	Ljósheimar	0,7		1500	Veitinga- og samkomuhús	
VP-4	Melsgil	0,7	20	1500	Félagsheimili og gistiskáli	
VP-5	Hlíðarhús	1	8	1500	Félagsheimili og gistiskáli	
VP-6	Skagasel	0,8		1500	Félagsheimili	
VP-7	Sólgarðar	0,5		1500	Sambland af ferðaþjónustu og íbúðarbyggð.	Blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða.
VP-8	Hofsstaðir	5	160	5500	Sveitasetur - Hótel	Deiliskipulag í gildi.
VP-9	Hraun í Fljótum, svæði A	7,4	30	3000	Gisting og þjónusta	Deiliskipulag í gildi.
VP-10	Hraun í Fljótum, svæði B	12,2	30	3000	Gisting og þjónusta	Deiliskipulag í gildi.
VP-12	Efra-Hegranes	0,8		220	Hljóðupptökuver	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
VP-13	Brautarholt-Mýri	1,2	8	340	Gisting og þjónusta	
VP-14	Gýgjarhóll	2		1500	Sambland af ferðapjónustu og íbúðarbyggð.	Blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða.
VP-15	Gýgjarhóll 1	2		1500	Sambland af ferðapjónustu og íbúðarbyggð.	Blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu og íbúða.
VP-16	Gýgjarhóll 2	2		1500	Veitingar, gisting og tjaldsvæði	
VP-17	Héðinsminni	1	10	500	Veitinga- og kaffihús	
VP-18	Flugumýri 2	0,5	28	400	Bændagisting	
VP-19	Keldudalur	0,5	20	800	Bændagisting	

3.4 Athafnasvæði (AT)

Athafnasvæði eru fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heild-verslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnu-svæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þunga-flutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Markmið

- Að skapa ákjósanleg skilyrði fyrir þróun fjölbreytts iðnaðar, svo sem matvælaframleiðslu, verkstæða og fyrirtækja á sviði mannvirkjagerðar.

Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi fyrir stór athafnasvæði skal setja fram áfangaskiptingu uppbyggingar athafnasvæða. Leita skal leiða til að ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum með því að staðsetja skylda atvinnustarfsemi í klösum eða innan sérhæfðra athafnasvæða eins og kostur er.
- Í deiliskipulagi skal áhersla lögð á góðan frágang lóða og ásýnd athafnasvæða.
- Heimilt er að gera kröfu um góða umgengni á lóðum.
- Ekki er heimilt að nýta almenningsvæði fyrir geymslu lausamuna.
- Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi, vinnuskúra, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hættu stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.
- Við jaðra athafnasvæða sem snúa að íbúðarbyggð skal gera ráðstafanir til að milda ásýnd athafnasvæða s.s. með trjágróðri og landmótun og tryggja að íbúðarbyggð stafi ekki ónæði af atvinnustarfsemi á athafnasvæðum.
- Athafnasvæði í útjaðri opinna svæða skulu taka mið af vatnafari og náttúru. Vanda skal til verka við hönnun fráveitu og umhverfisfrágang.
- Hugla skal að því að fjölbreytt framboð verði af lóðum fyrir athafnastarfsemi, s.s. hvað varðar stærð og staðsetningu.



Tafla 3.4: Athafnasvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
AT-401	Skarðseyri	8,2	20.000	Núverandi athafnasvæði.	Möguleiki á aukinni nýtingu. Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði gilda.
AT-402	Athafnasvæði	35,7	60.000	Blandað athafnasvæði.	Taka tillit til nálægðar við íþróttasvæði hestamanna og tryggja viðunandi hljóðvist. Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði gilda
AT-403	Borgarmýrar	6,8	20.000	Blandað athafnasvæði og verslun.	Huga að náttúruverndarsjónarmiðum við skipulag svæðisins. Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði gilda.
AT-404	Gránúmóar	6,4	20.000	Núverandi athafnasvæði. Möguleiki á aukinni nýtingu.	Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði gilda.
AT-405	Austan Þverárfjallsvegur	32	25.000	Svæði fyrir framleiðslustarfsemi.	Almenn skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði gilda.
AT-501	Víðimelur	28,4	25.000	Gott framboð af lóðum sem henta fjölbreyttri atvinnustarfsemi, sem styrkir byggðakjarnann í Varmahlíð.	Deiliskipulag er ekki í gildi fyrir svæðið. Vinna skal heildstætt deiliskipulag sem verður áfangaskipt.
AT-601	Norðurbraut	3,3	12.400	Núverandi athafnasvæði með góðri tengingu við hafnarsvæðið. Möguleiki á aukinni nýtingu.	Rými er til uppbyggingar á svæði AT-601. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir athafnastarfsemi sem tengist sjósókn og hafnsækinni starfsemi þar sem á hafnarsvæðinu sjálfu er ekki landrými fyrir atvinnuhúsnæði.
AT-602	Hofsósbraut	12,3	25.000	Léttur iðnaður.	
AT-801	Lambeyri, verkstæði	0,3	1.200	Léttur iðnaður ásamt íbúð.	
AT-802	Vegamót Héraðsdalsvegur og Merkigarðsvegur	5,2	9.000		Nýtt svæði fyrir þrífalega starfsemi, s.s. ylrækt.
AT-1	Í landi Reykjarhóls sunnan Hringvegur	12,4	15.000	Athafnasvæði í nálægð við tengivirki Landsnets. Svæði sem hentar fyrir hreina, orku- og rýmisfreka starfsemi.	
AT-2	Stóra-Brekka	3	1.500	Geymslur, verkstæði og þjónusta við tæki og bifreiðar við ferðaþjónustustarfsemi í Fljótum.	Stóra-Brekka er á snjóflóðahættusvæði við aftakaaðstæður. Í samræmi við ábendingar Veðurstofu Íslands skal vinna staðbundið áhættumat á svæðum þar sem áform eru um nýjar byggingar innan hættusvæðis.



3.5 Iðnaðarsvæði (I)

Iðnaðarsvæði eru svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhita-virkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunar-miðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Tafla 3.5: Iðnaðarsvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
I-401	Borgarmýrar	15	10.000	Vatnsveita og borholusvæði hitaveitu.	
I-402	Hreinsistöð Sauðárkróki	2	1.500		
I-403	Gönguskarðsárvirkjun	0,4	300	Gönguskarðsárvirkjun 2. Orkuvinnsla. Uppsett afl 1,8 MW.	
I-404	Flokka, sorpmóttökustöð	2,1	2.500		Aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast sorpmóttöku.
I-405	Vatnsveita	0,9	1.500	Svæði vatnsveitu.	
I-501	Reykjarhóll, borholusvæði hitaveitu	1,8	1.000		Aðeins er gert ráð fyrir veitumannvirkjum.
I-502	Dæluhús hitaveitu	0,4	100		Aðeins er gert ráð fyrir veitumannvirkjum.
I-503	Farga, sorpmóttökustöð	0,6	200		Aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast sorpmóttöku.
I-601	Sorpmóttökusvæði Hofsósi	0,7	12.400	Sorpmóttökusvæði með tilheyrandi mannvirkjum.	Aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast sorpmóttöku.
I-1	Viðvíkursveit	284,5	100.000		Fyrir land- og rýmisfreka starfsemi s.s. iðjuver og aðra orkufreka starfsemi.
I-2	Reykjaströnd	65,6	25.000		Fyrir land- og rýmisfreka starfsemi s.s. iðjuver og aðra orkufreka starfsemi.
I-3	Reykjarhóll	1,3	800	Tengivirki raforku.	
I-4	Vatnsaflsvirkjun í landi Ytri-Kota.	12	150	Smávirikun í landi Ytri-Kota. Fyrirhuguð er stækkun á núverandi virkjun í allt að 400 kW.	Vatnsaflsvirkjun. Heimilt fyrir allt að 400 kW uppsett afl.
I-5	Reykir í Hjaltadal	1,0	1.000	Borholusvæði hitaveitu. Borholuhús 24,8 m ² .	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
I-6	Bræðraá	1,0	1.000	Borholusvæði hitaveitu. Hrolleifsdal. Núverandi dælu- og borholuhús 72,7 m ² .	
I-7	Langhúsi í Fljótum	1,0	1.000	Borholusvæði hitaveitu. Núverandi dæluhús og geymir 62,4 m ² .	
I-8	Barð í Fljótum	1,0	1.000	Borholusvæði hitaveitu. Dæluhús við Sólgarða 22,7 m ² .	
I-9	Lambanesreykir	1,0	1.000	Borholusvæði hitaveitu. Spennistöð 137,7 m ² .	
I-10	Kirkjuhóll	0,4	800	Tengivirki fyrir Blöndulínu 3 og tengingu við tengivirkið í Varmahlíð.	
I-11	Skeiðsá (Fljótá)	3	2.000	Skeiðsfossvirkjun, 4.800 kW og virkjunarlón.	Heimilt að stækka í 5.400 kW. Núverandi byggingar 972,1 m ² .

3.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengðuð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingar-framkvæmda.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag hennar. Efnisþörf í sveitarfélaginu verður sveiflukennd milli ára og háð þeim framkvæmdum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu. Helst verður efni notað til vegagerðar, framkvæmda vegna Blöndulínu 3, uppbyggingar og vegna ýmissar starfsemi í sveitarfélaginu.

Fjöldmörg efnistökusvæði eru í sveitarfélaginu. Flest eru þau minniháttar, þ.e. áætluð efnistaka er undir 25.000 m³. Staðsetning náma miðast við að ekki þurfi að flytja efni um langan veg og að þær valdi ekki verulegum umhverfisáhrifum.

Helstu efnistökusvæðin eru færð inn á aðalskipulagsuppdrátt. Minniháttar efnistaka til eign nota er heimil landeigendum án framkvæmdaleyfi sveitastjórnar nema á svæðum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, 13. Gr. 123/2010 Skipulagslög. Þau svæði er ekki færð á uppdrátt.¹⁴

Almenn skipulagsákvæði vegna efnistöku og efnislosun

- Efnistaka fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m³ eða meira.
- Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra skal meta hverju sinni hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati.
- Forðast ber að raska vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, nema brýna nauðsyn beri til. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir áhrifum efnistöku á þessa umhverfisþætti.
- Huga skal að verklagi við efnistöku úr námum á vatnsverndarsvæðum, þ.m.t. tryggja að ekki verði olíumengun. Gera skal grein fyrir verklagi í framkvæmdaleyfisumsókn.
- Við vinnslu og tímabundnum frágangi efnistökusvæða skal verklagi og hönnun háttáð þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst. Gera skal grein fyrir frágangi í framkvæmdaleyfisumsókn. Sérstök áhersla er lögð á efnistökusvæði E6, Stuðlar við Klittur. Í ljósi þessarar niðurstöðu mun sveitarfélagið ekki heimila

¹⁴ Bætt við skv. umsögn Náttúruverndarstofnunar



efnistöku á þessum stað fyrr en útséð er með að ekki fái sambærilegt efni á öðrum efnistökusvæðum eða að umhverfismat framkvæmda sýni fram á að umfangsminni umhverfisáhrif.

- Við efnistöku úr námu E4 verður ekki heimilt að sprengja efni vegna áhrifa á hitaveitu Vindheimabæja og tilmæla ÍSOR þar um (ÍSOR, 2008).
- Sveitarfélagið mun vinna áætlun um magn sem losunarstaðirnir geta tekið við. Í samræmi við þær áætlanir skal tekin ákvörðun um það hvort deiliskipuleggja þurfi efnislosunarsvæðin.
- Eingöngu er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á efnislosunarstöðum, m.a. vegna grunnvatnsmála.
- Efnislosun ómengaðra jarðefna er heimil á skilgreindum efnistökusvæðum að efnistöku lokinni sem þáttur í frágangi og landmótun efnistökusvæða.
- Efnislosunarstaðir í sveitarfélaginu eru háðir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands, sem setur starfsemi skilyrði og hefur eftirlit með henni.
- Rekstraraðilum ber að tryggja að vatnsgæði vatnshlota rýrni ekki vegna starfsemi, samkvæmt lögun nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.¹⁵

Tafla 3.6: Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-401	Gránúmóar	4,9	26.000	Efnistaka.	
E-402	Skarðshagi	2,3	100.000	Malarnáma.	
E-403	Borgarsandur	2,0	250.000	Setnáma í sjávarkambi.	
E-404	Gönguskarðsá, Sauðárkróki	4	150.000	Efnislosunarsvæði.	Efnislosun fyrir hrein og ómengað jarðefni.
E-701	Hólar í Hjaltadal	2,4	40.000	Jökulruðningur.	
E-1	Gönguskarðsá	0,5	20.000	Eyrar Gönguskarðsár sunnan Skarðarétt.	
E-2	Héraðsvötn við Vindheima, utan við rofvarnargarð	6	100.000	Möl, gott burðarefni.	
E-3	Héraðsvötn við Héraðsdal, milli Uppsala og Héraðsdals	27,5	450.000	Möl, gott burðarefni. Efnistaka vegna Blöndulínu 3.	
E-4	Vindheimar, skammt vestan við Héraðsvötn.	1,5	45.000	Grjótnáma fyrir rofvarnargrjót.	Ekki heimilt að sprengja efni vegna áhrifa á hitaveitu Vindheimabæja og tilmæla ÍSOR þar um (ÍSOR, 2008).

¹⁵ Bætt við skv. umsögn Náttúruverndarstofnunar



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-5	Valadalur	0,4	3.000		
E-6	Stuðlar við Klittur	0,5	8.000	Klöpp.	Sveitarfélagið mun ekki heimila efnistöku á þessum stað fyrr en útséð er með að ekki fái sambærilegt efni á öðrum efnistökusvæðum eða að umhverfismat framkvæmda sýni fram á að umfangsminni umhverfisáhrif.
E-7	Klittur	4,5	25.000	Stórgrýti á yfirborði.	
E-8	Minni Hádegisdals.	2,6	15.000	Ármöl.	
E-9	Minni Húsdals ofan við Valadal.	4,0	25.000	Líklega mórena.	
E-10	Víðimýrará	0,8	5.000	Ármöl.	
E-11	Reykir	1	20.000	Möl og grjót. Vegsneiðingur þar sem vegurinn fer upp á sjávarhjalla suður af bænum Reykjum undir Sandfelli.	
E-12	Veðramót við Hraksíðuá	4,5	90.000	Möl.	
E-13	Fagranesskriður	2,4	45.000	Möl og grjót. Ár- og skriðukeilur sem fara reglulega yfir veginn sunnan við Fossárteig.	
E-14	Innstaland	1	15.000	Möl og grjót. Ár- og skriðukeila niður af Innstalandsbotni, vestan vegar.	
E-15	Reykjarhóll laxeldisstöð	5	100.000	Möl og sandur.	
E-16	Móskógar	3	45.000	Möl og sandur. Forn sjávarhjalli austan við bæinn Móskóga í Haganesvík.	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-17	Vatnsleysa	11	250.000	Vatnsleysa, gömul vegagerðarnáma norðan við aflagðan veg að Vatnabrú eystri kvíslar Héraðsvatna. Forn óseyri (sandur og möl). Náman liggur að áreyrum Gljúfurár, út í ána og upp á malarkamb upp með ánni.	
E-18	Ás	1,5	40.000	Klöpp. Ás á norðaustanverðu Hegranesi. Klöpp rétt sunnan við innkeyrslu heimreiðarinnar að Ási.	
E-19	Ytri-Yngveldarstaðir	2	40.000	Möl og grjót.	
E-20	Ferjuhamarsnáma	4,0	20.000	Jökulruðningur og klöpp. Vestan vegar milli Hellulands og Kárastaða um mitt vestanvert Hegranes.	
E-21	Hóll	1,5	40.000	Möl og sandur. Vestan við bæinn Hól í Tungusveit.	
E-22	Hverhólar I	1,5	40.000	Möl. Náma í setbunka norðvestan við bæinn Hverhóla 1 við Vestari-Jökulsá.	
E-23	Hverhólar II	1,5	40.000	Jökulruðningur. Náma í botnruðningsholt (jökulruðning) sunnan við bæinn Hverhóla.	
E-24	Litla Hlíð, áreyri Hofsár	1,3	48.000	Möl. Áreyri í Hofsá rétt norðvestan við bæinn Litlu Hlíð í Vesturdal.	
E-25	Litla Hlíð, norðvestan við bæinn	0,85	15.000	Möl.	
E-26	Hvalnesnáma	4	150.000	Grjótnám.	
E-28	Borgarsandur, sunnan vegar	3,7	50.000	Sandur, framburður Héraðsvatna.	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-29	Vallarnes, við árbakka Héraðsvatna	2,5	250.000	Gömul náma þar sem efnið endurnýjar sig með stöðugum framburði Héraðsvatna. Setnáma (möl og sandur) í áreyrum á vesturbakka Héraðsvatna í landi Vallarness.	
E-30	Skagaselsnáma 2	1,2	40.000	Jökulruðningur.	
E-31	Skíðastaðanáma við Þverárfjallsveg	2,4	45.000	Möl og fínefni.	
E-32	Grímshús í landi Skíðastaða	2	30.000	Möl.	
E-33	Fagranes austan bæjar	1,5	45.000	Möl.	
E-34	Hegranes	2,0	450.000	Möl og grjót.	
E-35	Hegranes 2	2,5	45.000	Möl og sandur.	
E-37	Kolgröf	2	40.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Jökulruðningur.	
E-38	Bústaðir 2	1	30.000	Stórgrýtt möl.	
E-39	Tungunáma í Ástungu	7	140.000	Möl.	
E-40	Grafargerði	7	140.000	Möl.	
E-41	Miðhús II	2,3	40.000	Möl og sandur.	
E-42	Hrolleifsdalsá 2	2	35.000	Möl og sandur.	
E-43	Stafá	2,4	45.000	Möl og sandur.	
E-44	Hraun í Fljótum	3	60.000	Skriðuefni.	
E-45	Reynistaður	6	180.000	Möl.	
E-46	Brúnkollumelar	1,5	30.000	Möl blandað fínefni.	
E-47	Klaufabrekkaná ma	2	35.000	Jökulruðningur.	
E-48	Litla-Gröf	6,9	250.000	Möl, sandur og fínefni.	
E-49	Gvendarnesnáma	2	140.000	Setnáma. Eyrar Norðurár við Gvendarnes.	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-50	Nautabúsnáma í Hjaltadal	2,3	45.000	Möl og sandur. Efnistaka meðfram heimreið að Nautabúi. Framburður Breiðdalsár.	
E-52	Þverárnáma	2	45.000	Setnáma. Árkeila og eyrar Þverár. Efnistaka ofan og neðan brúar.	
E-53	Grjótá - Öxnadalshéiði	6	45.000	Setnáma. Árkeila Grjótár. Efnistaka neðan brúar.	
E-54	Norðurá - Heiðarsporður	6,9	45.000	Setnáma. Eyrar Norðurár ofan brúar við Heiðarsporð.	
E-55	Flatatunga	1,7	45.000	Klapparnáma. Námuvegur liggur upp frá Egilsárvegi.	
E-56	Héraðsvötn neðan Sólheima	2	140.000	Setnáma. Eyrar Héraðsvatna neðan Sólheima og Sólheimagerðis.	
E-57	Dælisós	1,5	25.000	Möl.	
E-58	Skefilsstaðanáma	2	40.000	Jökulruðningur.	
E-59	Garðskrókur	2,2	40.000	Möl og sandur.	
E-60	Goðadalssneiðingar	1,5	48.000	Möl. Sneiðingurinn vestan brúar nærri Goðdölum.	
E-61	Miðsitja	2	45.000	Klapparnáma. Staðsett ofan Hringveggar milli bæjanna Miðsitju og Ásgarðs.	
E-62	Djúpadalsá í landi Minni-Akra	2	45.000	Setnáma. Árkeila Djúpadalsár. Efnistaka austan farvegs.	
E-63	Djúpadalsá í landi Syðstu-Grundar	2	145.000	Setnáma. Árkeila Djúpadalsár. Efni sótt frá Djúpadalsvegi.	
E-64	Kiðaskarð	2,1	35.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Aurkeila.	
E-65	Mælifellsá	1,1	5.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-66	Hamrahlíðarnáma	3,2	15.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Efnismagn [m ³]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
E-67	Hafgrímsstaðir	2,8	25.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Jökulruðningur og ármöl.	
E-68	Nautabúsa	10,3	300.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-69	Brú yfir Norðurá	9,0	90.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-70	Norðan við Egilsá	14,5	220.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-71	Norðurá – Borgargerði	6,4	60.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-72	Norður við Skriðugil	4,0	30.000	Námur vegna Blöndulínu 3. Áreyrar.	
E-73	Heiðará	2,6	50.000	Námur vegna Blöndulínu 3.	
E-74	Skagaselsnáma 3	2,0	45.000	Möl og fínefni.	
E-75	Lágmúli, vestan vegar	5,4	150.000	Grjóturð og klappir, náma í landi Lágmúla við Skagaveg.	
E-76	Lágmúli, austan vegar	2	100.000	Grjóturð og klappir, náma í landi Lágmúla við Skagaveg.	
	Samtals:	274 ha	6.258 m³		

3.7 Landbúnaðarland (L)



Svæði fyrir landbúnað (L) og mannvirki sem tengjast búrekstri, með áherslu á búfenað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Á landbúnaðarlandi er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum, starfsemi og ræktun sem tengist og styður við landbúnað. Meðal helstu búgreina eru sauðfjárrækt, nautgriparrækt, loðdýrarækt og hrossarækt, sem hvílir á sterkum sögulegum grunni. Vísir er að ylrækt í sveitarfélaginu og nytjaskógrækt er vaxandi landbúnaðargrein.

Landrými á landbúnaðarlandi er helst notað til fóðurframleiðslu hvort sem er til uppskeru eða beitar. Auk heyframleiðslu sem er umfangsmesta nýting landbúnaðarlands ásamt beit er ræktað korn og fóðurkál fyrir fóður. Eitthvað er um akuryrkju til manneldis. Heildstæð tölfræði um notkun lands og afköst er ekki aðgengileg fyrir sveitarfélagið í heild og erfitt að segja hvaða breytingar hafa orðið eða fylgjast með breytingum sem kunna að verða. Ekki er gert ráð fyrir að miklar breytingar verði á notkun lands á heildina litið. Einstaka bændur ákvarða hvaða ræktun fer fram á þeirra landi í samræmi við eigin rekstraráætlanir og fjárfestingar. Sveitarfélagið leggur til flokkun landbúnaðarlands í fjóra flokka ræktunarlands. Í töflu 3.7.1 eru skilmálar flokkunarinnar settir fram. Landbúnaðarland í þessari flokkun telst eingöngu landsvæði neðan 300 m hæðar og verið er að horfa á land sem hentar til ræktunar á nytjajurtum. Landsvæði ofan 300 m hæðar getur verið vel nýtilegt sem beitiland eða til skógrækar.

Flokkun landbúnaðarlands var unnin með aðstoð landupplýsinga, hallakorts, hæðakorts, vistgerðakortlagningu Ní og flokkun ræktaðra túna hjá HMS. Sjá einnig viðauka „Tillaga að flokkun landbúnaðarlands“.



Tafla 3.7: Flokkun landbúnaðarlands

	Skilgreining	Jarðvegur	Landhalli	Landhæð
Flokkur I	Mjög gott ræktunarland	Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl. Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.	< 4%	Undir 100 m
Flokkur II	Gott ræktunarland	Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar, góðir sandar og melar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl. Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.	< 8%	Undir 200 m
Flokkur III	Sæmilegt ræktunarland	Lakari mýrar, móar, melar og sandar. Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. Þurrkunarskilyrði sæmileg.	< 12%	Undir 300 m
Flokkur IV	Annað land / Lélegt ræktunarland	Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.	> 12%	



Mynd 3.1: Flokkun landbúnaðarlands



Almenn skipulagsákvæði um landnotkun á landbúnaðarsvæðum

- Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við landbúnaðarstarfsemi en einnig er heimilt að nýta byggingar, byggja stök mannvirki og/eða breyta eldri byggingum, til annarrar starfsemi ef slíkur rekstur styður við landbúnaðarstarfsemi eða búsetu á svæðinu. Dæmi um slíka starfsemi er ferðaþjónusta, afurðasala og léttur iðnaður, t.d. verkstæði.
- Heimilt er að stofna lóðir undir einstaka byggingar.
- Ræktun skal stuðla að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor.
- Útihús og byggingar til landbúnaðarnota skulu reist í tengslum við eða nærri öðrum húsum og innviðum á jörðinni, að því gefnu að möguleg neikvæð áhrif, t.d. lyktarmengun, verði óveruleg fyrir íbúa.
- Um eldishús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 og þar er m.a. kveðið á um lágmarksfjarlægð eldishúsa frá nálægri byggð. Eldishús krefjast starfsleyfis frá Umhverfis- og orkustofnun.
- Leitast skal við að nýta sem best innviði, s.s. vegi og veitur.
- Uppbygging nýrra stakra bygginga fyrir aðra atvinnustarfsemi á bújörðum í ábúð fari ekki yfir 2.000 m² og heildarfjöldi þeirra ekki fleiri en 3.
- Önnur viðmið um fjölda mannvirkja geta gilt um uppbyggingu í tengslum við bændagistingu og metur þá skipulagsnefnd hvert tilvik fyrir sig.
- Þess skal gætt að önnur starfsemi en landbúnaður valdi ekki neikvæðum áhrifum á landbúnaðarsvæði s.s. með mengun, skerðingu á aðgengi eða rjúfi samfellu á landbúnaðarsvæði í flokki I.
- Sveitarstjórn getur ákveðið að veita megi leyfi til byggingar á stökum byggingum sem tengjast starfsemi bújarðar án deiliskipulags, ef umfang og/eða aðstæður gefa tilefni til. Á það við þegar byggingaráform varða ekki hagsmuni annarra en umsækjandans, samrýmast landnotkun og yfirbragði svæðisins og hafa ekki neikvæð umhverfisáhrif. Sjá einnig kafla 3.16 Stakar framkvæmdir.
- Auk þessara almennu ákvæða um landnotkun á landbúnaðarsvæðum gilda sértæk ákvæði um hvern flokk landbúnaðarsvæða.
- Minniháttar efnistaka landeiganda til eigin nota sem ekki raskar jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd er leyfileg.
- Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til þess að ársframleiðsla sé minni en 20 tonn, sé fráveita í ferskvatn eða minna en 200 tonn sé fráveita til sjávar.
- Smávirkanir, nánar tiltekið vatnsafsvirkjun með uppsett rafafli minna en 200 kW og vindorkuvirkjun með uppsett afli minna en 1 MW, eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að uppfylltum skilyrðum, sbr. kafla 3.16 Stakar framkvæmdir.
- Skipulagsnefnd metur hverju sinni málsmeðferð uppbyggingaráforma m.t.t. skipulagslaga, með hliðsjón af skipulagsákvæðum og umfangi framkvæmda.

- Framkvæmdir eða breytingar á landnotkun skulu metnar með tilliti til mögulegra áhrifa á verndargildi votlendis, gróðurlendis, fuglasvæða og líffræðilegs fjölbreytileika.¹⁶

Skipulagsákvæði um að taka land úr landbúnaðarnotum

Við mat á áhrifum þess að taka land úr landbúnaðarnotum og leggja til annarra nota, skipta landi eða sameina það, skal taka mið af ákvæðum 5. og 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og gera grein fyrir og taka afstöðu til eftirfarandi:

- Hvort landið sé stærra en þörf er að teknu tilliti til þeirra áforma sem er lýst. Jafnframt hvort fremur megi taka annað land til sömu nota, sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.
- Tekið skal tillit til ræktunarmöguleika lands skv. flokkun ræktarlands.
- Hvort áform leiði af sér að girt sé fyrir búrekstrarnot í framtíðinni, t.d. þannig að byggingar nýtist ekki eða framleiðslugrundvöllur jarðar raskist tilfinnanlega.
- Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlæg landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli breyttrar landnotkunar og landbúnaðar sem fyrir er.
- Hvort landbúnaðarsvæði séu heildstæð og samfelld, með hliðsjón af mögulegri framtíðarþörf. Leitast skal við, eftir því sem við á, að t.d. frístundabyggð sé skipulögð á afmörkuðum og samfelldum svæðum.
- Ef vafi er á gæðum lands skal fá mat af til þess hæfum sérfræðingum til að meta landið og vinna ítarlegra mat á landinu með vettvangsskoðun og kortlagningu jarðvegs.
- Gæta skal sérstakrar varfærni gagnvart óröskuðu landi, vistgerðum með hátt verndargildi og mikilvægum fuglasvæðum og leita álits viðeigandi stofnanna við breytingar á landnotkun.¹⁷

Skógrækt á landbúnaðarlandi

- Nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum er heimil á landbúnaðarlandi L-3 og L-4 þar sem ræktarland er í flokki III. eða IV. sbr. töflu 3.7.2.
- Skjólbelti sem hafa það hlutverk að verja landbúnaðarland fyrir ágangi veðurs má setja á landbúnaðarland í öllum flokkum. Hámarksbreidd skjólbelta er 20 metrar.
- Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt fer samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Miðað er við að framkvæmdaleyfi þurfi þar sem til stendur að gróðursetja fleiri en 30.000 plöntur eða þar sem skógræktarsvæði er stærra en 20 ha.

¹⁶ Skipulagsákvæði bætt við með tilliti til umsagnar Náttúruverndarstofnunar

¹⁷ Skipulagsákvæði bætt við með tilliti til umsagnar Náttúruverndarstofnunar



Tafla 3.8: Flokkun landbúnaðarlands

Land-notkun	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Skipulagsákvæði
L-1	Landbúnaðarsvæði í flokki I	6.433	Mjög gott ræktunarland undir 100 m hæð. Góður mójarðvegur og steinefnaríkar mýrar. Land vel þurrð eða auðvelt að þurrka það. Hentar til akuryrkju.	<p>Leitast skal við að viðhalda nýtingu lands til matvælaframleiðslu og hlífa ræktarlandi í flokki L-1.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir skógrækt. Heimilt er að rækta skjólbelti og trjálundi til að auka ræktunarskilyrði.</p> <p>Byggingum og öðrum mannvirkjum skal haldið í lágmarki.</p> <p>Heimilt er að reisa tímabundin eða afturkræf mannvirki sem tengjast landbúnaði eða starfsemi sem samræmist markmiðum svæðisins. Framkvæmdir í almannabágu svo sem vegagerð, veitur, gerð varnargarða eða annarra öryggisframkvæmda eru heimil.</p>
L-2	Landbúnaðarsvæði í flokki II	10.623,9	Gott ræktunarland, vel þurrð land undir 200 m hæð.	<p>Leitast skal við að viðhalda nýtingu lands til matvælaframleiðslu og hlífa ræktarlandi í flokki L-2.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir skógrækt, en ræktun skjólbelta er heimil.</p> <p>Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum.</p>
L-3	Landbúnaðarsvæði í flokki III	3.614,7	Sæmilegt ræktunarland, undir 300 m hæð.	<p>Breytilegt landbúnaðarland með sæmilegu ræktarlandi (allt að 300 m.y.s.) til túnæktar, nytjaskógræktar eða sem beitiland.</p> <p>Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum.</p>
L-4	Landbúnaðarsvæði í flokki IV	97.116	Annað land eða lélegt ræktarland. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.	<p>Annað landbúnaðarland sem hentar síður til jarðræktar vegna breytilegra landgerða. Getur þó hentað til beitar eða nytjaskógræktar.</p> <p>Uppbygging og mannvirkjagerð heimil að uppfylltum skipulagsákvæðum. Skógrækt er heimil.</p>

3.8 Skógrækt- og landgræðsla (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu.

Í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum kemur fram að markmið til bættrar landnotkunar sé með skógrækt og landgræðslu, með eflingu nýskógræktar og landgræðslu til kolefnisbindingar.¹⁸

Skógrækt er ekki eingöngu bundin við skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) í aðalskipulagi heldur geta þau einnig verið innan landbúnaðarsvæða (L) (sjá kafla 3.7), innan opinna svæða (OP), afþreyingar- og ferðamannasvæða (AF), frístundabyggðar (F) og óbyggðra svæða (ÓB).

Í Skagafirði er töluverð skógrækt bæði náttúrulegir birkiskógar frá landnámsöld og nýskógrækt á lögbýlum. Einnig er að finna þjóðskóg, Reykjarhólsskóg við Varmahlíð, sem er í umsjón Land og skógar, Aldamótaskóg við Steinsstaði sem er í umsjón Skógræktarfélags Skagafjarðar og Brimnesskóg, 23 ha í umsjón félagasamtaka þar sem eingöngu er plantað trjátegundum sem vaxið hafa í Skagafirði frá landnámi, það er birki, reyniviður og gulviður. Við kortlagningu skógræktarsvæða inn á aðalskipulag var horft til þeirra svæði sem eru í kortlagningu Lands og skóga og eru stærri en 10 ha samfelld. 56 lögbýli eru með samning við Land og skóg, allt frá 8 ha upp í 460 ha svæði. Heildar stærð þessara svæða er 3.094 ha. Sjá töflu 12.

Nýrækt skógar á 200 ha svæði eða stærra er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. 111/2021 laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Kolefnisbinding skógræktar í Skagafirði

Skógrækt á lögbýlum sem njóta opinberra styrkja teljast yfirleitt til nytjaskógræktar á landbúnaðarsvæðum og er umgjörð þeirra mála skilgreind í kafla 3.7 um landbúnaðarland. Til að fá skýrari mynd af umfangi skógræktar- og landgræðslusvæða hafa skógræktarsvæði sem eru stærri en 20 ha verið afmörkuð í aðalskipulagi sem skógræktarsvæði. Fjöldi skógræktarsvæða er í kringum 60 svæði í dreifbýli. Innan þéttbýlis eru einnig nokkur skógræktarsvæði sem nýtast til útivistar.

Almenn skipulagsákvæði vegna skógræktar

- Nýrækt skógar á 200 ha svæði eða stærra er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. 111/2021 laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þess konar skógrækt.
- Tekið skal tillit til verndarsvæða, s.s. vegna náttúruverndar og menningarminja. Skógrækt má ekki skerða votlendi sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Skógrækt er óheimil nær friðlýstum fornleifum en 100 m (sjá um varðveislustig minja í kafla 5.3.2).
- Við skógrækt nálægt sjó skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín.

¹⁸ Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, 2024, <https://www.co2.is/>



- Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi vegalög. Óheimilt er að rækta skóg nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvegur og 15 m frá miðlínu tengivega.
- Fjarlægð skógræktar frá veitum og lögnum skal vera í samræmi við leiðbeiningar rekstraraðila viðkomandi lagna eða veitukerfa.
- Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúruvari, landslagi og brunahættu. Einnig ber að hafa í huga að ræktun og dreifing erlendra planta er óheimil á svæðum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga 60/2013.
- Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.
- Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt er samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Miðað er við að framkvæmdaleyfi þurfi þar sem til stendur að gróðursetja fleiri en 30.000 plöntur eða þar sem skógræktarsvæði er stærra en 20 ha.
- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum tegundum lauftrjáa í belti sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Lands og skógar. Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Land og skógur veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Tafla 3.9: Skógræktar- og landgræðslusvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
SL-1	Brimnesskógar	323,8	Skógræktar og ferðaþjónustusvæði. Skógræktarverkefni áhugafólks um endurheimt Brimnesskóga. Þau hafa um 23 ha lands til umráða til skógræktar. Notað er eingöngu fræ frá skógarleifum sem enn eru í Skagafirði og hafa vaxið þar frá landnámi.	Tilkynningarskyld skógrækt (flokkur B) skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsákvæði vegna skógræktar gildir fyrir svæðið. Vinna skal deiliskipulag fyrir svæðið á aðalskipulagstímanum.
SL-2	Aldamótaskógur	63,5	Aldamótaskógur að Steinsstöðum. Skógrækt síðan 2000 á vegum Skógræktarfélags Skagfirðinga.	Skipulagsákvæði vegna skógræktar gildir fyrir svæðið.
SL-3	Reykjahóls-skógur	62	Reykjahóllsskógur er skógarreitir ofan byggðarinnar í Varmahlíð í Skagafirði. Skógurinn er í umsjón Lands og skóga. Hann tengist nærliggjandi svæðum og myndar fjölbreytt útivistarsvæði með merktum gönguleiðum. Við aðkomuna að skóginum er knattspyrnuvöllur og tjaldsvæði.	Skipulagsákvæði vegna skógræktar gildir fyrir svæðið.
SL-4	Hólar	100	Víðáttumikið skóglendi. Gönguleiðir og akfær slóði liggja um svæðið. Skipulagsákvæði vegna skógræktar gildir fyrir svæðið.	



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
SL-5	Kýrholt	70,3	Samningur við Land og skóga frá árinu 2003. Stærð svæðis 74 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-6	Silfrastaðir	483,4	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 463 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga. Huga að varnarlinum, brunahólfum og aðgengi að vatni.
SL-7	Lón	68,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2004. Stærð svæðis 68 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-8	Gýgjarhóll	30,8	Blönduð skógræktar í landi Gýgjarhóls og Gýgjarhóls 2	
SL-9	Egilsá	30	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-10	Stekkjjarflatar	45,4	Skógrækt.	
SL-11	Laugardalur	16	Skógrækt á nokkrum reitum innan skógræktarsvæðis. Samningur við Land og skóga frá árinu 2015. Stærð 22,5 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-12	Hvammkot	141,7	Samningur við Land og skóga frá árinu 2005. Stærð 114 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-13	Merkigarður	37,9	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð 83 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-14	Stapi / Hérðasdalur	33,5	Samningur við Land og skóga frá árinu 2007. Stærð svæðis 55 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-15	Kúskerpi og Úlfsstaðir	61,7	Skógrækt innan jarða Kúskerpis og Úlfsstaða. Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð 51 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-16	Mælifellsá	32,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð 53 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-17	Steintún	11,1	Samningur við Land og skóga frá árinu 2015.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-18	Reykir	12,3	Samningur við Land og skóga frá árinu 2009. Stærð svæðis 116 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-19	Kríthóll 2	49,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 99 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-20	Lynghólmi	20,8	Skógræktarsvæði, greint af loftmynd.	
SL-21	Vaglar/Hrjólfstaðir	18,1	Skógræktarsvæði, greint af loftmynd.	
SL-22	Kríthóll 2	29,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 99 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-23	Brekkukot og Stóru-Akrar	70,3	Samningur við Land og skóga frá árinu 2017. Stærð svæðis 71 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
SL-24	Brekka	68,2	Skógræktarsvæði.	
SL-25	Íbishóll	28	Skógræktarsvæði.	
SL-26	Flugumýrarhva mmur	28,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 34 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-27	Árgerði	14,7	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 10 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-28	Marbæli	75,9	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 75 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-29	Páfastaðir	83,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 83 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-30	Silfrastaðafrétt	10,7	Skógrækt.	
SL-31	Egg	11,3	Samningur við Land og skóga frá árinu 2014. Stærð svæðis 34 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-32	Geitagerði	14,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2006.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-33	Hróarsdalur	18,3	Skógræktarsvæði, greint af loftmynd.	
SL-34	Ríp III	26,9	Samningur við Land og skóga frá árinu 2012. Stærð svæðis 43 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-35	Brennigerði	87,4	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 98 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-36	Brimnes	23,1	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 43 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-37	Ásgarður	37,8	Samningur við Land og skóga frá árinu 2007. Stærð svæðis 40 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-38	Ásgarður-Eystri	38,5	Samningur við Land og skóga frá árinu 2008. Stærð svæðis 45 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-39	Viðvík	72,8	Samningur við Land og skóga frá árinu 2004. Stærð svæðis 167 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-40	Hringver	123,0	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 167 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-41	Neðri-Ás 1	139,5	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 80 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga. Huga að varnarlínum, brunahólfum og aðgengi að vatni.
SL-42	Nautabú	49,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 48 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-43	Melar	11,9	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 18 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
SL-44	Unadalur	65,9	Náttúrulegir birkiskógar.	
SL-45	Engihlíð	39,8	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 30 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-46	Stóru-Reykir	51,7	Samningur við Land og skóga frá árinu 2003. Stærð svæðis 60 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-47	Brúnastaðir	29	Samningur við Land og skóga frá árinu 2002. Stærð svæðis 30 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-49	Keldur	32,5	Samningur við Land og skóga frá árinu 2021. Stærð svæðis 31 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-50	Brúarland og Eyrarland	93,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2021. Stærð svæðis 90 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-51	Hofsstaðir	53,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2017. Stærð svæðis 54 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-52	Stóra-Gröf syðri	26	Samningur við Land og skóga frá árinu 2017. Stærð svæðis 20,5 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-53	Þröm	71,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2024. Stærð svæðis 71 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-54	Flatatunga	11,8	Samningur við Land og skóga frá árinu 2023. Stærð svæðis 10,8 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-55	Breiðargerði	50	Samningur við Land og skóga frá árinu 2018. Stærð svæðis 48 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-56	Sölvanes	13,2	Samningur við Land og skóga frá árinu 2022. Stærð svæðis 13,5 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-57	Hulduland	34	Samningur við Land og skóga frá árinu 2018. Stærð svæðis 22 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-58	Garður	16,6	Samningur við Land og skóga frá árinu 2022. Stærð svæðis 16 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-59	Hafragil 2	35,4	Samningur við Land og skóga frá árinu 2019. Stærð svæðis 35 ha.	Samningsbundin nytjaskógrækt við Land og skóga.
SL-401	Undir Hálsur	72,4	Skógræktarsvæði innan þéttbýlis á Sauðárkróki. Í brekkunni undir Hálsur er töluvert skóglendi og um það liggja gönguleiðir sem tengja það Sauðárgil.	Huga að varnarlínur, brunahólfur og aðgengi að vatni.
SL-501	Reykjarhóll	37,7	Skógræktarsvæði innan þéttbýlis í Varmahlíð. Heimilar eru framkvæmdir sem þjóna notkun svæðisins sem skógræktarsvæðis og almenns útivistarsvæðis, s.s. gerð stíga, áningarstaða og leiksvæða.	Huga að varnarlínur, brunahólfur og aðgengi að vatni. Land og skógur veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.
SL-701	Hólar í Hjaltadal	17,6	Skógræktarsvæði innan þéttbýlis á Hólum í Hjaltadal. Skógur- og skógræktarsvæði. Gönguleiðir og akfær slóði liggja um svæðið.	Huga að varnarlínur, brunahólfur og aðgengi að vatni. Land og skógur veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.



3.9 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Almenn skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð

Í aðalskipulaginu eru heimildir fyrir a.m.k. 510 frístundahús. Samkvæmt Þjóðskrá er fjöldi frístundahúsa á Norðurlandi vestra minni en í flestum landshlutum. Því er eðlilegt að líta til þess að veruleg fjölgun geti orðið á byggingu slíkra húsa á skipulagstímabilinu. Frístundabyggð byggir að mestu á þeim svæðum sem skilgreind voru í eldra aðalskipulagi. Ekki eru í gildi deiliskipulagsáætlanir fyrir nema eitt þeirra.

- Almenn nýtingarhlutfall lóða er 0,03 á svæðum fyrir frístundabyggð þó þannig að nýtingarhlutfall geti orðið allt að 0,05 fyrir lóðir minni en 0,4 ha.
- Almenn skulu frístundalóðir vera um 0,5 ha.
- Við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð skal þess gætt að hún raski ekki vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar, skv. lögum um náttúruvernd og skerði ekki landbúnaðarland í L-1. eða L-2. flokki, sbr. kafla 3.7 um flokkun landbúnaðarlands.
- Við gerð deiliskipulags skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands um skráningu minja og skilmála um minjar.
- Almenn skipulagsákvæði skógræktar- og landgræðslu (SL) í kafla 3.8 gilda innan afþreyingar- og ferðamannasvæða.
- Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar (sbr. 29. gr. Vegalaga nr. 80/2007).



Tafla 3.10: Frístundabyggð

Nr	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi húsa
F-1	Hópsvatn	10	20
F-2	Vestan Miklavatns í Fljótum	207	75
F-3	Austan Miklavatns í Fljótum	50	30
F-4	Bjarnagil	5	15
F-5	Sólgarðar	5	
F-6	Höfðavatn	20	50
F-7	Naust	6,8	25
F-8	Neðri-Ás, Hjaltadal	25,2	50
F-9	Hólar	25,6	
F-10	Í landi Skarðsár	46,6	20
F-11	Reykjarhóll og Einimelur	33	50
F-12	Hof	2	50
F-13	Víðimelur	27,7	50
F-14	Steinsstaðir	30,8	
F-15	Steinsstaðir	2,6	
F-16	Steinahlíð	7,1	7
F-17	Laugarhvammur/ Grænahlíð	3,4	18
F-18	Hólabrekka	2,7	5
F-19	Merkigarður	36	70
F-20	Nautabú	3,3	1
F-21	Helgustaðir	6,9	
F-22	Flugumýri	2,9	
F-23	Flugumýrarhvammur	7	
F-24	Smáragrund	10	



3.10 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Markmið um afþreyingar- og ferðamannasvæði

- Skilgreina svæði sem eru til þess fallin að henta fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks.
- Móta leiðbeiningar um þjónustu, uppbyggingu og verndun svæða til að styðja við afþreyingar- og ferðamannastaði.
- Tengja saman afþreyingar- og ferðamannastaði í sveitarfélaginu til að styðja við upplifun ferðamanna og efla atvinnulíf.

Viðkomustaðir með aðdráttarafli

Sveitarfélagið hefur afmarkað afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) sem hafa aðdráttarafli. Aðstaðan er mismunandi á þessum svæðum. Stefnan er að á þessum stöðum geti byggst upp aðstaða til að taka móti ferðafólki og um leið að ekki verði gengið að þolmörkum svæðanna. Um er að ræða mjög fjölbreytt svæði sem tengjast náttúru, útsýni, sögu og menningu. Einnig svæði sem bjóða upp á aðstöðu fyrir ferðafólk.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) eru flokkuð eftir þeirri aðstöðu sem byggja má upp á hverjum stað. Tafla 3.10.1 er yfirlit um þá uppbyggingu sem er heimiluð á afþreyingar- og ferðamannasvæðum. Þess utan eru ýmis verðmæti fólgin í menningarminjum, sagnararfleifð og náttúru sem draga má fram með frekari vinnu.

Tafla 3.11: Heimildir á afþreyingar- og ferðamannastöðum

Flokkur	Starfsemi	Heimilað byggingarmagn m ²
1	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.	
2	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.	100
3	Góð aðstaða: Veitingar, gisting, verslun	300
4	Skáli, skáli í vegsambandi.	200
5	Fjallasel, skáli í takmörkuðu vegsambandi.	150

Almenn skipulagsákvæði vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða

- Við allar framkvæmdir eða nýtingu svæða þarf að huga sérstaklega að þolmörkum svæða, áhrifum á umhverfi og öryggi ferðamanna.
- Leyfi til framkvæmda eru ætíð háðar leyfi landeiganda.



- Um aðgengi almennings að og för um landið er vísað til kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt lögnum er almenningi heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Rétti þessum fylgir skylda til að ganga vel um náttúru landsins. Fólki er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi um óræktað land og dveljast þar í lögmætum tilgangi.
- Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð fólks og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.
- Landeigendum er jafnframt heimilt að takmarka umferð og að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.
- Almenn skipulagsákvæði skógræktar- og landgræðslu (SL) í kafla 3.8 gilda innan afþreyingar- og ferðamannasvæða.

Tafla 3.12: Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
AF-401	Tjaldsvæði á Nöfum	8,5		150	Tjaldsvæði á Nöfum, sunnan við kirkjugarð. Góð tenging við nærþjónustu með stígakerfi.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni. Heimilt að byggja þjónustuhús og uppbygging mannvirkja tengjast tjaldsvæði. Heimilt að byggja þjónustuhús og uppbygging mannvirkja tengjast tjaldsvæði.
AF-402	Tjaldsvæði Borgargerði	11,6		250	Framtíðar tjaldsvæði á Sauðárkróki. Uppbygging verður áfangaskipt.	Aðkoma að tjaldsvæði verður um Borgargerði. Hljóðmanir og gróður verður meðfram Sauðarkróksbraut.
AF-501	Tjaldsvæðið Reykjarhóll	5,2		250	Skjólgtott tjaldsvæði með heitu og köldu vatni og rafmagni. Aðstöðuhús.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustu í tengslum við rekstur tjaldsvæðisins.
AF-601	Tjaldsvæði Hofsósi	3,4		1000	Skjólgtott tjaldsvæði með rafmagni og aðstöðuhúsi, kalt og heitt vatn. Klósettlosun fyrir húsbíla.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni. Heimilt að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu, allt að 1.000 m ² .
AF-602	Norðurbakki Grafarár	6,0		-	Tjaldsvæði án aðstöðuhúss.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar. Innan svæðisins eru friðlýstar minjar verslunarstaðarins Grafarós.
AF-701	Tjaldsvæði Hólum í Hjaltadal	2,4		150	Skjólgtott tjaldsvæði inni í skógi með aðstöðu þar sem er kalt og heitt vatn, ekkert rafmagn.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni. Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opnu svæðin, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis, svo sem stíga, leik- og/eða dvalarsvæði með bekkjum, garðskála og þess háttar.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
AF-801	Tjaldsvæði við Steinsstaðaskóla og Ásgarð	2,9		300	Tjaldsvæði við félagsheimilið og gamla skólann.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-802	Bakkafliót	1,2		300	Rólegt tjaldsvæði á bökkum Svartár með fjallasýn. Heitt og kalt vatn og rafmagn. Aðstöðuhús.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-1	Skagatáarviti	-		17	Viti.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-2	Ketubjörg	-		100	Áningarstaður, náttúra og gönguleiðir.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-3	Langafjara	-		-	Náttúra, útsýni. Erfitt aðgengi.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-4	Grettislaug (Reykjalaug eða Grettisker)	-	12	100		Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-5	Glaumbær í Skagafirði	-	10	800	Byggðasafn Skagafjarðar.	Góð aðstaða: Veitingar, safn, kirkja og námskeið
AF-6	Víðimýri	-		100	Kirkja, sögur og sagnir.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-7	Reykjafoss	-		-	Náttúra og útsýni. Gönguleið.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-8	Fosslaug	-		-	Sögur og sagnir, náttúrulaug.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-9	Reykjakirkja	-		100	Kirkja, safn.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-10	Miðja Íslands	-		-	Varða sem sýnir staðsetningu miðju Íslands miðað við strandlínu.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-11	Hlíðarrétt	-		-	Rétt, menningarminjar.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-12	Austurdalur, gönguleið	-		-	Náttúra, sögur og sagnir. Gönguleið.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-13	Merkigil	-		-	Náttúra, sögur og sagnir. Gönguleið.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-14	Garðssandur	-		-	Náttúra, sögur og sagnir. Gönguleið og sjósport.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-15	Kolkuós	-		-	Sögur og sagnir, útsýni.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-16	Grafarkirkja	-		-	Sögur og sagnir, kirkja.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-17	Þórðarhöfði	-		-	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Gönguleiðir.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
AF-18	Stífluhólar			-	Náttúra, útsýni. Gönguleiðir. Háð leyfi landeiganda.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-19	Ketilás			300	Sögur og sagnir.	Góð aðstaða: Veitingar, gisting, verslun.
AF-20	Drangey			100	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Ferjusigling.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-21	Málmey			-	Sögur og sagnir, náttúra, útsýni. Ferjusigling.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-22	Veiðihús Hraun			100	Veiðihús.	Skáli í vegsambandi.
AF-23	Veiðihús Aravatn			200	Veiðihús.	Skáli í vegsambandi.
AF-24	Veiðikofi Ölvesvatn			200	Veiðihús.	Skáli í vegsambandi.
AF-25	Ingólfsskáli		28	100	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga er á skálasvæði innan hálendismarka. Byggður 1978 og stendur í Lambahrauni skammt vestan við Ásbjarnarvötn, norðan Hofsjökuls. Hálendisskáli í umsjón Ferðafélags Íslands.	Skálasvæði samkvæmt landskipulagsstefnu, skáli í vegsambandi.
AF-26	Sólgarðar í Fljótum			100	Tjaldsvæði við gamla skólann á Sólgörðum.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-27	Hegranesþingstaður	12,6		100	Minjasvæði Hegranesþingstaðar.	Miðlungs aðstaða: Bílastæði, þjónusta, salerni.
AF-28	Skiptabakki		30	100	Skáli á Goddadjalli, Hofsafrétt norðan Hofsjökuls. Skagafjarðardeild Ferðaklúbbsins 4X4.	Skáli í vegsambandi.
AF-29	Þúfnavellir		12	100	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga.	Fjallasel, skáli í takmörkuðu vegsambandi.
AF-30	Trölli		16	100	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga.	Fjallasel, skáli í takmörkuðu vegsambandi.
AF-31	Hildarsel		36	100	Skáli Ferðafélags Skagfirðinga.	Fjallasel, skáli í takmörkuðu vegsambandi.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Fjöldi gistirúma	Byggingar magn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
AF-32	Gráni/Sesseljubær, skáli		10	100	Skáli við Geldingará, Gráni, hlaðið sæluhús byggt fyrir tilstilli Sesselju á bænum Jökli um 1920, síðara húsið byggt m.a. af afkomendum Sesselju 1971. Gisting fyrir allt að 10 manns. Gráni er nýttur fyrir skepnur.	Skáli í vegsambandi.
AF-33	Fossá			100	Göngubrú/áningarstaður á göngu og reiðleið.	Lágmarksaðstaða: Bætt aðgengi, stígar.
AF-34	Gangnamannaskáli Neðralandi			100	Gangnamannaskáli.	Skáli í vegsambandi.
AF-35	Fjall í Kolbeinsdal			100	Gangnamannaskáli.	Skáli í vegsambandi.
AF-36	Hraunsvatn			50	Veiðihús/kofi.	Fjallasel, skáli í takmörkuðu vegsambandi.
AF-37	Éfra Nesvatn			100	Veiðihús/kofi.	Skáli í vegsambandi.
AF-38	Skálavatn			100	Veiðihús/kofi.	Skáli í vegsambandi.



3.11 Samfélagsþjónusta (S)

Samfélagsþjónusta er svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki, óháð eignarhaldi, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningar-stofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitar-félaga eða annarra aðila.

Almenn skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu

- Uppbygging samfélagsþjónustu mun fylgja þróun og íbúafjölgun á þjónustusvæðinu.
- Tryggja skal aðgengi fyrir alla að þjónustustofnunum í Skagafirði.

Tafla 3.13: Samfélagsþjónusta

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing
S-401	Árskóli og heimavist Fjölbautarskóla Norðurlands vestra	2,8	15.000	Á lóð grunnskólans er rými til viðbygginga.
S-402	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	3,8	8.000	Fyrirhuguð stækkun FNV. Ekki er sett fram áfangaskipting í aðalskipulaginu.
S-403	Háskólinn á Hólum	1,6	60.000	Háskólasetur og nýsköpun.
S-404	Heilbrigðisþjónusta	4,7	15.000	Ekki er sett fram áfangaskipting í aðalskipulaginu.
S-501	Varmahlíðarskóli	3,3	12.500	Félagsheimilið Miðgarður, Varmahlíðarskóli, íþróttahús og sundlaug.
S-502	Furulundur, leikskóli	0,3	500	
S-503	Slökkvistöð, björgunarmiðstöð	0,3	1.000	
S-601	Grunnskólinn austan Vatna	3,2	2.000	
S-602	Hofsóskirkja	0,8	800	
S-603	Sundlaugin Hofsósi	1	1.000	
S-701	Hólaskóli og Hóladómkirkja	4,7	12.000	Háskólinn á Hólum skal hafa svigrúm til uppbyggingar og þróunar. Hóladómkirkja er friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
S-702	Grunnskólinn að Hólum	2,1	2.000	Skólinn skal hafa rými til að stækka og þróa sitt skólastarf.
S-801	Ásgarður	1,3	2.500	Gert er ráð fyrir mögulegri viðbótaruppbyggingu til að þróa áfram starfsemi þjónustustofnana á Steinsstöðum.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing
S-1	Ketukirkja			
S-2	Hvammskirkja			
S-3	Reynistaðarkirkja			
S-4	Rípurkirkja			
S-5	Hofskirkja			
S-6	Glaumbæjarkirkja			
S-7	Víðimýrarkirkja			
S-8	Reykjakirkja			
S-9	Mælifellskirkja			
S-10	Goðdalakirkja			
S-11	Hofsstaðakirkja			
S-12	Viðvíkurkirkja			
S-13	Flugumýrarkirkja			
S-14	Félagsheimilið Héðinsminni	1		
S-15	Miklabæjarkirkja			
S-16	Silfrastaðakirkja			

3.12 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti

Tafla 3.14: Kirkjugarðar og grafreitir

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
K-401	Nafir	5,4	1.000	Sauðárkrókskirkjugarður.	Gert er ráð fyrir að kirkjugarðurinn stækki til vesturs og heimild er fyrir uppbyggingu aðstöðu í tengslum við kirkjugarðinn.
K-601	Hofsóskirkjugarður	1,2	200	Austan við Hofsóskirkju.	Heimilt er að byggja mannvirki í tengslum við kirkjugarðinn. Æskilegt er að heildstætt deiliskipulag verði unnið fyrir Hofsóskirkju, kirkjugarðinn auk opna svæðisins sunnan kirkjugarðs.

3.13 Íþróttasvæði (ÍÞ)



Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Á Sauðárkróki er fjölbreytt aðstaða til íþróttaiðkunar og þar er mikið íþrótt- og tómstundastarf eins og annars staðar í sveitarfélaginu. Það er sundlaug, íþróttahús og íþróttaleikvangur til alhliða íþróttaiðkunar (ÍÞ-401). Gert er ráð fyrir að á íþróttasvæðunum á Sauðárkróki geti byggist upp góð aðstaða fyrir fjölbreyttar íþróttir t.d. brettabraut.

Stórt hesthúsasvæði er á Flæðunum og þar er reiðhöll (ÍÞ-404). Golfvöllur er á Nöfunum (ÍÞ-402). Í skipulaginu er golfvöllur stækkaður og jafnframt er hesthúsasvæði stækkað til vesturs.

Akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól er á fyrrum efnistökusvæði ofan við Gönguskarðsá (ÍÞ-404). Svæðinu verður fundin nýr staður er uppbygging íbúðarbyggðar hefst á Nöfunum.

Í Varmahlíð, sunnan við Reykjarhól er grasvöllur, hlaupabraut og battavöllur. Einnig er sundlaug í Varmahlíð.

Á Hofsósi er góð aðstaða á íþróttasvæðinu norðan Skólabrautar. Til að styrkja svæðið enn frekar er heimilt að byggja upp íþróttamannvirki og mannvirki fyrir tengda starfsemi, sú uppbygging mun vera áfangaskipt.



Sunnan við byggðina á Hólum er félagssvæði hestamanna. Þar eru reiðhallir, reiðvellir og hesthús. Aðgengi er gott að svæðinu og ágætt framboð bílastæða. Þar er gert ráð fyrir möguleikum á frekari uppbyggingu og þróun svæðisins sem hestaípróttasvæði.

Á ípróttasvæði ÍP-701 er gert ráð fyrir uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamennsku og hestaípróttir í samræmi við deiliskipulag. Þar verði góð aðstaða fyrir hestamót og móttöku mótsgesta, svo sem bílastæði, hestagerði og svæði fyrir kerrustæði.

Tafla 3.15: Ípróttasvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
ÍP-401	Ípróttasvæði á Sauðárkróki, Skagfirðingabraut	4,8	10.000		Gert er ráð fyrir að á ípróttasvæðunum á Sauðárkróki geti byggist upp góð aðstaða fyrir fjölbreyttar ípróttir.	
ÍP-402	Golfvöllur að Hlíðarenda	64	500		Á svæðinu eru skráðar fornminjar, gamla bæjarstæði Hlíðarenda, Hæringsbúðir og líklegt að minjar liggja undir sverði víða á svæðinu.	Við deiliskipulagsgerð á svæði golfvallarins að Hlíðarenda skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands.
ÍP-403	Akstursípróttasvæði	4,8	200		Akstursípróttasvæði við Gönguskarðsá.	Þegar uppbygging íbúðarsvæðis á Nöfum hefst þarf að huga að nýrri staðsetningu fyrir akstursípróttasvæðið.
ÍP-404	Flæðagerði	32,1	25.500		Svæði hestamanna á Sauðárkróki. Hesthús, reiðskemma, samkomuhús og skeiðvöllur.	Flæðar eru lágsvæði og þar er þekkt hættu af völdum árflóða, vegna hækkandi sjávarstöðu og af völdum sjávarflóða. Við deiliskipulagsgerð á svæði ÍP-404 þarf að taka mið af flóðahættumati, gera grein fyrir landhæð og setja viðeigandi skipulagsskilmála um gólfhæðir og aðrar aðgerðir sem draga úr áhættu, sbr. kafla 5.6 Náttúruvá. Á hluta svæðis ÍP-404 er votlendi sem þarf að gæta að raskist ekki við framkvæmdir. Í deiliskipulagi þarf að taka tillit til votlendis og gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á votlendi og búsvæði fugla.
ÍP-501	Ípróttasvæði Varmahlíð	2,7			Ípróttasvæði sunnan við Reykjarhól. Grasvöllur, battavöllur og hlaupabraut.	Uppbygging aðstöðu í tengslum við ípróttastarf heimil.
ÍP-601	Ípróttasvæði norðan Skólabrautar	7,3	2.500			Heimilt að byggja upp ípróttamannvirki og mannvirki fyrir tengda starfsemi. 1: 2025-2033, 2: 2034-2040, áætluð áfangaskipting uppbyggingar.
ÍP-701	Félagssvæði hestamanna á Hólum	21,8	8.000		Félagssvæði hestamanna á Hólum og aðstaða hestafræðideildar Háskólans á Hólum.	Möguleiki á frekari uppbyggingu og þróun svæðisins sem hestaípróttasvæði. 1: 2025-2033, 2: 2034-2040, áætluð áfangaskipting uppbyggingar. Svæðið verði deiliskipulagt.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn [m ²]	Fjöldi gistirúma	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
Íþ-702	Íþróttasvæði	1,6	200		Íþróttasvæði í tengslum við grunnskólann að Hólum.	
Íþ-1	Tindastóll	424,7	600	100	Skíðasvæði í vestanverðum Tindastóli í dal sem heitir Ytridalur. Skíðalyftur, gönguskíðabrautir og skíðaskáli.	Deiliskipulag í gildi.
Íþ-2	Skotæfingasvæði á Reykjaströnd	5,4	500		Skotæfingasvæði og aðstöðuhús Skotfélagsins Ósmanns við Meyjarland.	Heimilt er að byggja upp aðstöðu í tengslum við skotæfingasvæðið að undangengnu deiliskipulagi.
Íþ-3	Vindheimamelar	88,7			Félagssvæði hestamanna.	Svæðið verði deiliskipulagt.
Íþ-4	Hesthúsabyggð og skeiðvöllur austan við Hofsó	14,5			Skeiðvöllur og hesthús.	Svæðið verði deiliskipulagt.
Íþ-5	Golfvöllur vestan Víðimýrará	37,6			Svæði fyrir framtíðar golfvöll.	Svæðið verði deiliskipulagt.
Íþ-6	Bjarnargil	56,7			Skíðasvæði í landi Bjarnargils. Hefur ekki verið byggt.	Svæðið verði deiliskipulagt.



3.14 Opín svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Almenn skipulagsákvæði fyrir opín svæði

- Skógrækt er leyfileg innan opinna svæði, svo sem trjálundir, skjólbelti og yndisskógar.
- Skjólbelti sem hafa það hlutverk að verja svæði fyrir ágangi veðurs eru að hámarki 20 metra breið.
- Almenn skipulagsákvæði skógrækt- og landgræðslu (SL) sem fram koma í kafla 3.8 gilda fyrir opín svæði.

Tafla 3.16: Opín svæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
OP-401	Útivistar- og leiksvæði Túnahverfi	10,9	Útivistarsvæði og leiksvæði meðfram Túnahverfi og Sauðá á Sauðárkróki.	
OP-402	Tún	3,5	Frístundabúskapur. Þar er fjárhús og ræktarland.	
OP-403	Upp með Sauðá	12,5	Útivistarsvæði, gönguleiðir.	
OP-404	Nafir	40,3	Tún og svæði fyrir frístundabúskap, hlíðin milli Nafa og byggðar.	Framtíðar uppbyggingarsvæði Sauðárkróks. Frístundabúskapur mun víkja fyrir framtíðar íbúðarbyggð og innviðum. Uppbygging verður áfangaskipt.
OP-405	Tjörn	144,3	Svæðið kringum Tjörn og flugvöllinn. Viðkvæmt svæði. Frístundabúskapur.	Svæðið er lágsvæði og þar er þekkt hætta af völdum árflóða. Vegna hækkandi sjávarstöðu er einnig hætta á sjávarflóðum. Viðkvæmt votlendissvæði. Búsvæði fugla. Svæðið liggur að mörkum friðlýst svæðis Miklavatns. ¹⁹
OP-406	Gönguskarðsár	65,3	Opið svæði milli Þverárfjallsveggar og hafnarsvæðis.	
OP-407	Blandað útivistarsvæði	35	Svæði sunnan við Hlíðarendavöll og vestan við skógræktarsvæði.	
OP-501	Fagrihvoll/Lundur	2,9	Skógræktar- og útivistarsvæði í Varmahlíð.	Huga að varnarlínum og aðgengi að vatni.

¹⁹ Bætt við skv. ábendingu Náttúruverndarstofnunar.



Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
OP-601	Árbakkar Hofsár, að sjó	40,6	Útivistarsvæði meðfram Hofsá og strandlengjunni norðan Hofsóss.	Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð, en heimild er fyrir stígaferð sem tengist útivistarsvæðisins. Gerð varnargarða vegna ágangs sjós og vatns er leyfileg.
OP-602	Móhóll	6,3	Útivistarsvæði milli Siglufjarðarveggar og íbúðarbyggðar á Hofsósi.	
OP-603	Strandlengjan við Hofsós	10	Strandlengjan neðan við byggðina sunnan Hofsár.	Hverfisvernd. Innan svæðisins eru minniháttar framkvæmdir heimilar á forsendum útivistar, til dæmis stígagerð, enda skerði það ekki gildi hverfisverndarsvæðanna. Gerð varnargarða vegna ágangs sjós er leyfileg.
OP-604	Almenningsgarður	0,7		Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opin svæði, enda skerði það ekki gæði eða notkun svæðis, svo sem stíga, leiksvæði, garðskála.
OP-701	Hólar	15	Opið svæði til útivistar.	
OP-1	Bóla	0,5	Minningarlundur	



3.15 Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnu-
starfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án
mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttar-
notum, öryggismálum og fjarskiptum.

Óbyggð víðerni ná yfir hálendi, heiðar, afrétti og önnur svæði svo sem eyjar, sjávarkambar og höfða.

Utan þéttbýlis er mest allt land yfir 300 metrum yfir sjávarmáli skilgreint sem óbyggð svæði, þar sem gert er ráð fyrir beitar- og afréttarnotum ásamt almennri útivist. Jöklar innan sveitarfélagsins, þar á meðal Hofsjökull, eru einnig flokkaðir sem óbyggð svæði.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að vernda víðerni og tryggja óbyggðaupplifun á þessum svæðum. Markmiðið er að viðhalda náttúrulegu ástandi þeirra og tryggja sjálfbæra nýtingu í samræmi við náttúruverndarlög og aðrar viðeigandi reglugerðir.

Hluti af óbyggðum svæðum í Skagafirði er Þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Um Þjóðlendur gilda lög um þjóðlendur 58/1998. Forsætisráðuneytið fer með málefni Þjóðlenda.

Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði

- Á óbyggðum svæðum skal forðast að raska votlendi og vistgerðum með hátt verndargildi og vistkerfi sem falla undir sérstaka vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, nema brýna nauðsyn beri til.
- Markviss beitarstýring skal vera á öllum afréttum og heimalöndum í Skagafirði.
- Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á óbyggðum svæðum. Ef til skoðunar eru áform um mannvirki skal við ákvörðun meta hvort þau hafi áhrif á ásýnd svæðis, takmarki útivist, kunni að hafa mengunarhættu á grunnvatn í för með sér og hvort þau geti staðið innan afmarkaðra uppbyggingarsvæða.
- Vísað er til ákvæða laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sérstaklega kafla IV. um almannarétt, útivist og umgengni.
- Skógrækt er heimilud innan heimalanda jarða yfir 300 metrum yfir sjávarmáli. Áhersla er lögð á notkun landnámsplantna á þessum svæðum.
- Nýrækt skógar á 200 ha svæði eða stærra er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þess konar skógrækt.
- Fjarlægð skógræktar frá veitum og lögnum skal vera í samræmi við leiðbeiningar rekstraraðila viðkomandi lagna eða veitukerfa.
- Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúruferli og landslagi á svæðinu. Huga þarf að brunahættu.
- Ræktun og dreifing erlendra planta er óheimil á svæðum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga 60/2013.
- Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.



- Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt er samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Miðað er við að framkvæmdaleyfi þurfi þar sem til stendur að gróðursetja fleiri en 30.000 plöntur eða þar sem skógræktarsvæði er stærra en 20 ha.
- Huga skal að varnarlínunum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínunum. Skipta má skóginum upp með því að planta ákveðnum tegundum lauftrjáa í belti sem brenna síður. Hægt er að nýta misfellur í landslaginu og slóðir sem varnarlínur. Huga þarf að flóttaleiðum út úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar útgönguleið. Aðgengi að vatni er mikilvægt.
- Felling skóga eða hluta þeirra er óheimil nema með leyfi Lands og skógar. Árleg felling í skógum landsins skal að jafnaði ekki vera meiri en árlegur vöxtur þeirra. Land og skógur veitir leiðbeiningar um grisjun skóga, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.
- Skógræktarsvæði sem eru stærri en 20 ha skal afmarka sem Skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi.

Tafla 3.17: Óbyggð svæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
ÓB-401	Strandlengjan á Sauðárkróki	23,1	Strandlengjan á Sauðárkróki.	Gerð varnargarða vegna ágangs sjós er leyfileg.
ÓB-1	Óbyggð svæði	391.683	Svæði með takmörkuðu aðgengi. Almenn útivist, gönguleiðir, reiðleiðir og beitoland. Innan svæðisins eru skálar, eyðibýli og neyðarskýli.	Stefna sveitarfélagsins er að standa eins og kostur er vörð um víðerni og óbyggðaupplifun á óbyggðum víðernum.
ÓB-2	Drangey	26,1	Náttúruperla í Skagafirði, þverhníptur móbergsklettur. Útivistarsvæði með fjölbreyttu mikið fuglalíf.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda. Eyjan er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.
ÓB-3	Lundey	5,8	Láglend grösug eyja.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.
ÓB-4	Málmeý	171	Eyja í norðaustanverðum Skagafirði. Eitt af kennileitum Skagafjarðar. Alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, einnig talið griðland útsela á Norðvesturlandi.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.
ÓB-5	Þórðarhöfði	361,8	Kletthöfði, stuðlabergsmyndanir.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.
ÓB-6	Höfðamöl	20	Sandströnd milli Höfðavatns og sjávar.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.
ÓB-7	Borgarsandur	27,4	Sjávarkambur.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.
ÓB-8	Haganessandur	10,7	Sandströnd milli Hópsvatns og sjávar.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.
ÓB-9	Hraunamöl	13,8	Sandströnd milli Miklavatns og sjávar.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.
ÓB-10	Hofsjökull	30.308,7	Þriðji stærsti jökull landsins.	Almenn skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði gilda.



3.16 Stakar framkvæmdir

Stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.

Í jafn víðfeðmu sveitarfélagi er mikilvægt að skýra vel hvernig skuli meðhöndla umsóknir um framkvæmdir í dreifbýli án þess að gera þurfi kröfu um skipulagsgerð umfram það sem þörf er fyrir. Meðal framkvæmda sem ákvæði skipulagsreglugerðar um stakar framkvæmdir getur átt við eru byggingar og mannvirki sem tilheyra landbúnaðarstarfsemi, stök frístundahús eða stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi án tengsla við búrekstur og smávirkjanir. Smávirkjun skv. aðalskipulagi er vatnsaflsvirkjun með uppsett rafafli minna en 200 kW og vindorkuvirkjun með uppsett afl minna en 1 MW, viðmiðunarháð spaða í hæstu stöðu er 60-70 m. Slík vindorkuvirkjun, með spaða yfir 25 m, er tilkynningarskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. viðauka 1, grein 3.16. Sjá einnig kafla 3.7 um framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum. Stakar framkvæmdir getur verið áningarstaðir við stíga og útsýnisstaði með upplýsingaskiltum og salernisaðstöðu eða neyðarskýli. Málsmeðferð um stakar framkvæmdir á fyrst og fremst við í dreifbýli, s.s. á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum, en getur einnig átt við minniháttar veitumannvirki, s.s. dæluhús, innan þéttbýliskjarna.

Framkvæmdir eru heimilar á grundvelli byggingar- og eða framkvæmdaleyfis og kalla ekki á breytingu landnotkunar í aðalskipulagi sé framkvæmdin innan þeirra marka sem hér koma fram. Grenndarkynna ber framkvæmdina í samræmi við 44. gr. skipulagslaga. Leggja skal fram afstöðumynd og greinargerð þar sem framkvæmdinni er lýst og tekur skipulagsnefnd afstöðu til þess hvort fyrirhuguð framkvæmd teljist samræmast skipulagi og landnotkun og hvort rétt sé að vinna deiliskipulag.

Almennt skal taka mið af umfangi viðkomandi framkvæmda á óbyggðum svæðum. Miðað er við að veitumannvirki, dæluhús, skúrar og skálar séu ekki stærri en 25 m² að grunnflatarmáli. Möstur, svo sem fyrir fjarskipti og veðurathuganir, séu ekki hærri en 20 m.

Málsmeðferð vegna stakra framkvæmda

Við ákvörðun um framkvæmda- eða byggingarleyfi stakra framkvæmda lítur skipulagsnefnd m.a. til:

- Hvort framkvæmd falli að stefnumörkun aðalskipulags.
- Áhrifa framkvæmda á svæði með verndargildi og fornminjar.
- Áhrif á gróðurfar og lífríki.
- Áhrif á aðra landnotkun.



Skipulagsnefnd tekur afstöðu til þess hverju sinni hvort vinna þurfi aðalskipulagsbreytingu²⁰, deiliskipulag til grundvallar leyfis til framkvæmda með hliðsjón af umfangi og aðstæðum.

Skipulagsákvæði vegna smávirkjana

Framkvæmdaleyfi er veitt, m.a. að teknu tilliti til:

- Framkvæmd falli að stefnumörkun aðalskipulags.
- Staðhátta.
- Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal liggja fyrir ákvörðun um matsskyldu, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Áhrifa framkvæmda á svæði með verndargildi og fornminjar.
- Áhrif á fiskgengd og veiði í virkjaðri á.
- Áhrif á gróðurfar og dýralíf.

²⁰ Bætt við eftir umfjöllun umsagnar Náttúruverndarstofnunar



4 Samgöngur og aðrir innviðir

Mikilvægt er að innviðir í sveitarfélaginu styðji við þau tækifæri til að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu, sem felast m.a. í aðgengi að raforku og greiðum samgöngum. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja vernd náttúrunnar, sem er aðdráttarafi ferðamanna.

Sérkenni vegakerfisins í Skagafirði eru hinir löngu vegir frá norðri til suðurs, beggja vegna við fjörðinn og vötnin, frá Skaga inn í Vesturdal að vestan og úr Fljótum inn á Kjálka og Norðurárdal að austan. Þeir tengjast aðeins á tveim stöðum, fyrir botni fjarðarinn og um Vallhólm. Þrátt fyrir að þessir löngu vegir liggja í önnur héruð er umferðarkerfið innanhéraðs með langa vegenda eða botnlanga sem dregur úr hagkvæmni þess miðað við hringtengt kerfi.

Við allar framkvæmdir á lágsvæðum skal farið eftir viðmiðunarreglum um lágmarks land- og gólfhæðir á lágsvæðum sem settar hafa verið við stendur landsins vegna sjávarflóða og sjávarstöðuhækkunar af Vegagerðinni. Einnig skal nota þessi viðmið vegna flóða í ám í sveitarfélaginu.

Markmið

- Stuðla að greiðfæru og öruggu samgöngukerfi.
- Tengja betur saman samfélag og atvinnusvæði í Skagafirði við Tröllaskaga og Eyjafjörð.
- Tryggja að vegakerfið styðji við ferðaþjónustu og þau tækifæri sem felast í henni, t.d. með tengingu við Kjálka.
- Áfram verði unnið að uppbyggingu innanhéraðsvega að innstu og ystu bæjum.
- Virkni eins þjónustu-, atvinnu- og félagssvæðis í Skagafirði verði aukin með nýjum veltengingum.
- Bundið slitlag verði á öllum tengivegum í lok skipulagstímabils.
- Reiðvegir verði meðfram aðalvegum. Gamlar reiðleiðir verði opnar áfram eins og kostur er.
- Gönguleiðir í Skagafirði og milli Skagafjarðar og aðliggjandi svæða verði kortlagðar.
- Skagfirðingum verði áfram tryggt gott aðgengi að öruggum flugsamgöngum.
- Hafnaraðstaða útgerðar og strandflutninga verði trygg.

4.1 Þjóðvegir í sveitarfélaginu

Fjöldi vega eru í sveitarfélaginu, sem flokkast í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.

Tafla 4.1: Flokkun vegakerfisins (www.vegagerdin.is)

Stofnvegir	Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvalla og hafna sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.
Tengivegir	Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir. Vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið. Vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir. Vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.
Héraðsvegir	Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.
Landsvegir	Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.
Sveitarfélagsvegir	Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.
Einkavegir	Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.
Almennir stígar	Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólræðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga.

Stofn- og tengivegir í sveitarfélaginu eru alls um 416 km að lengd.

Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar. (29. gr. vegalaga). Einnig skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi, svo sem með auknum umferðapunga. (28. gr. vegalaga).

Veghelgunarsvæði stofnvega er 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar og 15 m frá miðlínu tengivega. Innan veghelgunarsvæðis má ekki reisa byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus. Veghelgunarsvæði stofnvega eru sýnd á sveitarfélags- og



þéttbýlisuppdráttum. Leyfi þarf hjá Vegagerðinni fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Einnig er vert að benda á 90 gr. vegalaga nr. 77/2019 varðandi auglýsingaskilti við veg.²¹

Breyting á héraðsvegum er ekki háð breytingum á aðalskipulagi.


Hvatt er til þess að unnin verði umferðaröryggisáætlun fyrir Skagafjörð á skipulagstímanum.²² Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaganna er grunnur að samræmdu og markvissum vinnubrögðum sveitarfélaga og stuðlar að skilvirkari forgangsröðun verkefna í umferðaröryggismálum.

Utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar en gæta skal ákvæða vegalaga um veghelgunarsvæði. Óheimilt er að færa þjóðveg eða byggja nýjan veg utan þéttbýlis þannig að fjarlægð milli bygginga og vega verði minni en framangreind mörk segja til um án undangenginnar málsmeðferðar um deiliskipulag.²³

²¹ Bætt við skv. umsögn Vegagerðarinnar

²² Tilmæli Vegagerðarinnar að sveitarfélagið geri umferðaröryggisáætlun í samræmi við leiðbeiningar Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

²³ Ákvæði 5.3.2.5 gr. lið d í Skipulagsreglugerði nr. 90/2013. Bætt við skv. umsögn Vegagerðarinnar.



Mynd 4.1: Vegakerfi.



Fyrirhugaðar framkvæmdir

Fyrir utan almennt viðhald vegakerfisins eru nokkrar framkvæmdir sem stendur til að klára á skipulagstímabilinu.

Sauðárkrókur

- Ný aðkoma að Sauðárkróki frá Þverárfjallsvegi (73).

Varmahlíð

- Hliðrun Sauðárkróksbrautar (nr. 75) í Varmahlíð til austurs hjá vegamótunum við Hringveginn, sem kallar á breytingu á vegamótunum. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin.
- Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu við Hringveginn sunnan við byggðina við Skagafjarðarveg (nr. 752), sem tengir annars vegar frístundabyggð og aðra byggð í Varmahlíð norðan Hringvegar og hins vegar athafnasvæði (AT-501) sunnan við Þjóðveginn. Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til að útfærslan verði með hringtorgi, þar sem hringtorg markar skýr skil á Þjóðveginum við innkomu að þéttbýlinu og umferðarhraðinn er lækkaður.

Hofsós

- Lagt er til að breyta gatnamótum Siglufjarðarvegar við Hofsós til að auka umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir að gatnamót breytist úr krossvegamótum í svokölluð hliðstæð T-gatnamót. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin.
- Ráðist verður í uppsetningu götulýsingar á Hofsósbraut upp að Þjóðvegi. Um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar.

Tenging yfir Héraðsvötn við Villinganes

- Nýr vegur verði lagður í veglínu Kjálka- og Villinganesvega, frá hringveginum í Norðurárdal á Skagafjarðarveg við Tunguháls, með brú yfir Héraðsvötn. Lengd vegar verður um 4 km. Tilgangur tengingar er að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og útbúa hringtengingu innan sveitarfélagsins.
- Á skipulagstímabilinu verði unnið að undirbúningi að tengingu í samráði við Vegagerðina.

Jarðgöng

Í stefnu aðalskipulagsins er gert ráð fyrir þremur jarðgöngum.

- Fljótagöng eru á Samgönguáætlun 2024-2038. Vegurinn um Almenning breytist í almennan veg þegar göngin opna. Jarðgangnaáætlun Samgönguáætlunar 2024-2038.²⁴
- Göng um Öxnadalshéiði eru 10. í röðinni í forgangsröðun jarðgangna í skýrslu Vegagerðarinnar, Jarðgangaáætlun frá júní 2023.
- Göng á milli Hjaltadals og Hörgárdals til að sameina þjónustu- og atvinnusvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi. Með göngunum verði stytur vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur og talsverð stytting á vegalengd milli Akureyrar og Sauðárkróks eða 30 km. Sveitarfélagið leggur til stefnu um

²⁴ Samgönguáætlun2024-2038 (þingsályktunartillaga) kynnt 13.06.2023.

Þessi göng til að fylgja eftir annars vegar áskorun sveitarstjórnar Skagafjarðar og bæjarstjórnar Akureyrarbæjar til stjórnvalda og hins vegar samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra.²⁵ Í samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra er sett fram stefna að hefja rannsókn á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng í gegnum Tröllaskaga. Samhliða verði efnahags- og samfélagsleg áhrif af slíkri framkvæmd skoðuð, bæði fyrir Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsvæðið.

- Göng í gegnum Tröllaskaga munu stækka vinnusóknarsvæði Eyjafjarðar og Skagafjarðar og bæta aðgengi íbúa á Norðurlandi vestra að grunnþjónustu. Fjallvegurinn um Öxnadalshéiði getur verið verulegur farartálmi yfir vetrarmánuðina. Göng koma til með að stuðla að mun öruggara aðgengi íbúa Norðurlands vestra að heilbrigðisþjónustu, en verulega hallar á íbúa landshlutans varðandi aðgengi að sérhæfðu sjúkrahúsi samanborið við aðra landshluta. Jafnframt munu jarðgöng á þessum stað hafa mikil áhrif á vöxt og þróun ferðaþjónustu í landshlutanum.
- Með ákvörðun um að setja jarðgöng í Hjaltadal í aðalskipulag er gefinn skýr ásetningur sveitarfélagsins í samgöngumálum, sem ber að taka tillit til við nýtingu lands í nágrenni fyrirhugaðra jarðganga. Áform um jarðgöng um Tröllaskaga hafa verið til umræðu í langan tíma og fyrir liggja ýmsar greiningar og áætlanir. Sveitarstjórn telur rétt að tekið verði næsta skref í nauðsynlegum undirbúningi að jarðgöngum og er aðalskipulag sveitarfélagsins hluti af slíku skrefi.
- Á skipulagstímabilinu mun sveitarfélagið fylgja því eftir að undirbúningsrannsóknir hefjist sem fyrst og taki m.a. til úttektar á:
 - Legu jarðganga sem uppfylla markmið.
 - Samfélags- og efnahagslegum áhrifum jarðganga og færslu Hringveggar.
 - Öryggismálum í löngum jarðgöngum.
 - Snjóþyngslum á vegum að jarðgöngum.
 - Kostum og göllum þess að færa Hringveginn inn í Hjaltadal og samanburði við jarðgöng undir Öxnadalshéiði.

Fyrirvari um ákvörðun um jarðgöng

Eðlilegir fyrirvarar fylgja ákvörðun sveitarfélagsins um að setja fram staðbundna landnotkun um jarðgöng í Hjaltadal, s.s. að jarðgöngin verði hluti af samgönguáætlun, samráð og samstaða sveitarfélaga verði um jarðgöngin, að unnið verði að undirbúningsrannsóknum og umhverfismati. Þegar niðurstöður rannsókna, athugana og/eða umhverfismats liggja fyrir um jarðgöng um Tröllaskaga, mun sveitarfélagið taka afstöðu til þeirra. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagi.

Framkvæmdir vegna jarðganga eru háðar lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Í umhverfismati þarf m.a. að fjalla um áhrif á samfélag, umhverfisáhrif efnistöku og haugsetningar, landbúnaðarland, hljóðvist og loftslagsmál

²⁵ Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Apríl 2022.

4.2 Stígakerfi

Skipulagsnefnd Skagafjarðar lagði til að sett væri fram flokkun á stígakerfi sveitarfélagsins með það að markmiði að styðja við fjölbreytta samgöngumáta, útivist og heilsueflingu.

Í umferðaröryggisáætlun 2024-2038²⁶ er mörkuð stefna um umferðaröryggi á Íslandi til 15 ára. Sett markmið og áherslur sem miða að því að ná árangri og auka umferðaröryggi. Í áætluninni er verið að horfa á bílaumferð en markmiðin sem þar eru sett eiga vel við þá stefnu að byggja upp stígakerfi sem eykur umferðaröryggi og vellíðan íbúa þegar vistvænir samgöngumátar eru notaðir.

Í samgönguáætlun 2020-2034 var markmið að ljúka við skilgreiningu á grunnneti hjólreiðastíga innan helstu þéttbýliskjarna og á vinsælustu ferðamannaleiðum. Í þeim áætlunum er ekki gert ráð fyrir stígagerð í Skagafirði.

Að frumkvæði sveitarfélagsins er lögð fram flokkun stígakerfis í grunnneti samganga.


Skagafjörður er víðfeðmt sveitarfélag með 5 þéttbýliskjörnum. Á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Hofsósi eru grunnskólar þar sem leggja skal áherslu á göngu- og hjólavænt umhverfi. Uppbygging hjólaleiða milli þéttbýliskjarna opnar möguleika í útivist og nýjum samgöngumáta milli staðanna.

Við greiningu sést að öll íbúðarbyggð er innan korters göngufæris frá grunnskólum.²⁷


Markmið stígakerfis

Megin markmið er að tryggja öryggi vegfarenda og styðja við sjálfbæra ferðamáta með samfelldu og góðu stíganeti og aðlaðandi umhverfi fyrir gangandi og hjólandi. Áhersla á öruggar þveranir stíga yfir götur og aðgengi fólks að byggingum.

Trjágróður meðfram stígum eykur skjól og gerir umhverfi gangandi vegfarenda þægilegra og meira aðlaðandi. Ekki má planta trjám innan veghelgunarsvæðis stofn- og tengivega. Ávallt skal huga að því að trjágróður hindri ekki sjónlengdir.



Mynd 4.2: 15 mínútur göngufjarlægð frá Varmahlíðarskóla



Mynd 4.3: 15 mínútur göngufjarlægð frá grunnskólanum austan Vatna

²⁶ Innviðaráðuneytið, maí 2023, Umferðaröryggisáætlun 2024-2038

²⁷ Vistorka, 2025, vefsíða: [Kortir](#)



Gönguleiðir barna að skóla og frístundastarfi verði gefinn sérstakur gaumur hvað varðar öryggi, aðgengi og upplifun. Áhersla er lögð á skýrar, öruggar og þægilegar gönguleiðir úr íbúðargötum að grunnskóla, leikskóla og verslunar- og þjónustusvæðinu við þjóðveginn. Í lokuðum húsgötum þar sem alla jafna er lítil og hægfara bílaumferð getur göturýmið verið sameiginlegt fyrir fjölbreytta ferðamáta. Yfirborðsmerkingar skulu tryggja gangandi meira rými og gefa öikumönnum skýr skilaboð um að taka tillit til gangandi vegfarenda.

Núverandi stígar sveitarfélagsins eru aðeins sameiginlegir stígar gangandi og hjólandi. Við aðstæður þar sem hjólandi umferð fer hratt um þarf að aðskilja hjólandi frá gangandi til að tryggja öryggi vegfarenda. Þar sem umferðarhraði er undir 30 km/klst og umferð er lítil eru aðstæður ágætar til hjóleiða og lagt til að á slíkum stöðum verði yfirborðsmerking sem skilgreinir hjóleiðarými. Á fjölförnum stöðum, s.s. við stofnanir þarf að vera til staðar örugg og notendavæn aðstaða til að geyma hjól, þar sem þau eru í vari gegn veðri og vinum.

Flokkun stíga

Lagt er upp með að vera með fjóra flokka af stígum, almenna stíga, tengistíga, ferðastíga og gönguleiðir.

Tafla 4.2: Flokkun stígakerfis (www.vegagerdin.is).

Almennir stígar	Óflokkaðir og ekki sýndir á þéttbýlisupprætti. Dæmi um almenna stíga eru gangstéttir og aðrir minni stígar sem liggja um sveitarfélagið. Á þeim er bæði blönduð og aðskilin umferð gangandi- og hjólandi eftir aðstæðum hverju sinni.
Tengistígar	Þetta eru yfirleitt stígar með blandaðri umferð þar sem breidd þeirra er nægileg. Þessir stígar gegna lykilhlutverki í samgöngum, eru skilvirkir og liggja við helstu stofnanir og þjónustu. Tengistígar tryggja hagkvæmar leiðir milli helstu þjónustukjarna og tengja saman hverfi. Þessir stígar eru í forgangi í snjómokstri.
Ferðastígar	Liggja á milli þéttbýlisstaða. Með fjölgun rafmagnshjóla opnast tækifæri fyrir nokkuð langa stíga. Ferðastígar eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir hjólandi umferð þar sem er gert ráð fyrir meiri hraða en á öðrum stígum. Þar sem núverandi gönguleiðir liggja á sama stað og ferðastígar verða stígarnir samnýttir með yfirborðsmerkingu sem aðgreinir hjólandi frá gangandi umferð á skýran hátt. Yfirborð ferðastíga á að vera slétt, fyrir þægindi og öryggi hjólandi vegfarenda. Með áherslu á gott stígakerfi er stuðlað að aukinni hlutdeild gangandi og hjólandi og þar með stutt við heilbrigðan lífstíl íbúa.
Gönguleiðir	Frá fornu fari lágu margar leiðir um dali og skörð að Skagafirði, sumar kunnar af atburðum sem áttu sér stað þegar þær voru alfaravegir s.s. Hólamannavegur, Hjaltadalsheiði og Heljardalsheiði að ekki sé minnst á Kjalveg. Aldagamlar alfaraleiðir um héraðið hafa lagst af sem slíkar s.s. leiðin fram með Vestari-Héraðsvötnum. Þessar leiðir eru þó enn á sínum stað, fjallaleiðirnar sumar varðaðar. Þær eru ekki lengur fjölfarnar en nýtast sem gönguleiðir. Gönguleiðirnar eru ekki hluti af samgönguneti sveitarfélagsins heldur sem útivistarsvæði. Á gönguleiðunum geta verið upplýsingaskilti, áningarstaðir og útsýnisskífur.



Mynd 4.4: Tillaga að gönguleiðum, tengistígum og ferðastígum á Sauðárkróki

Við deiliskipulag miðsvæða skal áhersla lögð á þægilegar og öruggar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur með aðlaðandi og skjólgóðum götu- og almenningsrýmum. Þar sem götur eru þröngar, skal hafa þarfir gangandi í forgangi við ráðstöfun og útfærslu göturýma og leitast við að draga úr fyrirferð bílastæða og bílaumferðar.



Mynd 4.5: Stígakerfi í Skagafirði

Við hönnun og leiðarval skal taka tillit til öryggissvæðis vega og hafa samráð við Vegagerðina ef stígur liggur meðfram vegum sem eru í umsjón Vegagerðarinnar.



4.3 Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja milli þéttbýlistaða meðfram þjóðvegum og út frá hesthúshverfum við þéttbýlisstaðina.

Reiðleiðir liggja nú um aflagða akvegi og undanfarin ár hafa reiðvegir verið lagðir meðfram þjóðvegum þar sem bílaumferð er mest. Áhugi hefur verið mikill fyrir reiðvegagerð enda mikið riðið út í Skagafirði og nokkrir hafa atvinnu af hestaferðum. Þá fara tamningar að einhverju leyti fram á reiðvegum.

Aðalreiðleið um miðhéraðið, milli Sauðárkróks og Vindheimamela, er meðfram Hegranesvegi og yfir Vestari-Héraðsvötn á brú og fram bakka Héraðsvatna að þjóðvegi nr. 1. Þaðan fylgir reiðvegur akvegi að Vindheimamelum.


Reiðleiðir verði meðfram aðalvegum og öðrum vegum eftir því sem kostur er.

Reiðleiðir og gönguleiðir milli Skagafjarðar og aðliggjandi svæða verði um gömlu leiðirnar um fjallaskörð á Tröllaskaga og dali vesturfjallanna og meðfram aðalfjallvegi fram á Sprengisand og Eyfirðingaleið norðan Hofsjökuls.

Aðgerðir

Á skipulagstímabilinu verður unnið að því að skipta reiðleiðum í tvo flokka:

A	Rekstur er leyfilegur á þessum leiðum og notkunartími almennt án takmarkana.
B	Eingöngu er leyfilegt að vera með tvo hesta til reiðar og er reiðleið/umferð háð leyfi að undangengnu samráði við landeigendur. B - leiðir flokkast sem viðkvæmar leiðir, svo sem vegna votlendis, viðkvæms gróðurs, friðlands, verndarsvæða, varpsvæða eða þegar frost fer úr jörðu. B - leiðir geta verið opnar hluta úr ári eftir aðstæðum.



Mynd 4.6: Reiðleiðir



4.4 Vegir í náttúru Íslands

Með náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 er kveðið á um að gerð skuli skrá um vegi í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega. Með vegaskránni verður til skrá fyrir vegi í náttúru Íslands þar sem leyfð er umferð vélknúinna ökutækja og verður þessi skrá grundvöllur fyrir útgáfu vegkorta og stafrænna vegkorta fyrir leiðsögutæki. Skráning vega í vegaskrána felur ekki í sér ótakmarkaðan og óheftan aðgang, né að vegir séu færir öllum vélknúnum farartækjum á öllum tímum ársins. Einnig felur skráning ekki í sér ábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi vega. Með skránni gefst sveitarfélaginu tækifæri til að hafa yfirsýn yfir þá vegi sem eru nýttir í sveitarfélaginu og þær takmarkanir sem eru á þeim vegum.

F0	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu þegar frost fer úr jörðu á vorin.
F1	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oftar lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu þegar frost fer úr jörðu á vorin.
F2	Akfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á vorin.
F3	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Geta verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á vorin.

Skráning vega í náttúru Íslands er samofin aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins og unnin og kynnt samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Vegaskrá vegir í náttúru Íslands í Skagafirði er sett fram í viðauka við Aðalskipulag Skagafjarðar 2025-2040.



Mynd 4.7: Flokkun vegna í náttúru Íslands í Skagafirði.



4.5 Vegir, götur, stígar (VE)

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngu-brýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Vegagerðin er veghaldari allra vega í vegaskrá, stofnvega, tengivega, héraðsvega og landsvega. Heimreiðir eru að hluta til skráðar sem héraðsvegir. Ekki eru allir héraðs- og landsvegir sýndir á aðalskipulagsupprætti. Í töflu 4.5.2 eru nokkrir héraðs- og landsvegir í sveitarfélaginu taldir upp.

Almenn skipulagsákvæði fyrir vegi, götur og stíga

- Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar (sbr. 29. gr. Vegalaga nr. 80/2007).
- Vegagerðin er veghaldari allra vega í vegaskrá.
- Breyting á héraðsvegum er ekki háð breytingum á aðalskipulagi.
- Við byggingar og framkvæmdir á lágsvæðum skal hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun um lægstu gólfhæð bygginga (skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

Tafla 4.3: Vegir, stofnvegir og tengivegir

Vegnúmer	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
1	Hringvegur	Stofnvegur, frá sveitarfélagsmörkum við Vatnsskarðsá, um Varmahlíð, meðfram Blönduhlíð upp á Öxnadalshéiði.	30 m helgunarsvæði.
75	Sauðárkróksbraut	Stofnvegur, milli Varmahlíðar og Sauðárkróks.	30 m helgunarsvæði, reiðleið og hjólastígur innan helgunarsvæðis.
76	Siglufjarðarvegur	Stofnvegur, frá Hringvegi 1 við Syðstu-Grund að Siglufirði.	30 m helgunarsvæði. Fyrirhuguð jarðgöng í Fljótum, Siglufjarðarskarðsgöng.
77	Hofsósbraut	Stofnvegur, frá Siglufjarðarvegi inn í þéttbýlið á Hofsósi.	30 m helgunarsvæði.
744	Þverárfjallsvegur	Stofnvegur, liggur um Norðurdal og Laxárdalsheiði.	30 m helgunarsvæði. Fyrirhuguð breytt aðkoma inn á Sauðárkrók.
749	Flugvallarvegur	Stofnvegur.	30 m helgunarsvæði.
767	Hólavegur	Stofnvegur.	30 m helgunarsvæði.
77-03	Hofsósbraut (Pardus)	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
82	Ólafsfjarðarvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
745	Skagavegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.



Vegnúmer	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
746	Tindastólsvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
748	Reykjastrandarvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
751	Efribyggðarvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
752	Skagafjarðarvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
753	Vindheimavegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
758	Austurdalsvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
764	Hegranesvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
767-02	Hólavegur - Hjaltadalsvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
768	Hjaltadalsvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
769	Ásavegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
783	Höfðastrandarvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.
789	Sléttuvegur	Tengivegur.	15 m helgunarsvæði.

Tafla 4.4: Héraðs- og landsvegir

Vegnúmer	Heiti	Lýsing
F752	Skagafjarðarleið	Landsvegur.
754	Héraðsdalsvegur	Héraðsvegur.
755	Svartárdalsvegur	Héraðsvegur.
756	Mælifellsdalsvegur	Landsvegur.
757	Villinganesvegur	Héraðsvegur.
758	Austurdalsvegur	Landsvegur.
762	Sæmundarhlíðarvegur	Héraðsvegur.
768	Hjaltadalsvegur: Hólavegur – Reykir	Héraðsvegur.
781	Deildardalsvegur	Héraðsvegur.
786	Sléttuhlíðarvegur	Héraðsvegur.
787	Flókadalsvegur	Héraðsvegur.
788	Haganesvíkurvegur	Héraðsvegur.



4.6 Hafnir (H)

Hafnarsvæði eru fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega.

Í Skagafirði eru skráðar 6 hafnir, þar af er fiski- og flutningahöfn á Sauðárkróki og bátahöfn á Hofsósi. Önnur hafnarmannvirki eru aðeins fyrir smábáta.

Sauðárkrókshöfn er meðalstór fiski- og flutningahöfn með alla algenga hafnarþjónustu. Á öllum viðleguköntum er hægt að afgreiða vatn og rafmagn nema á viðlegum minni báta, þar er einungis hægt að afgreiða rafmagn.

Sauðárkrókshöfn er hluti af grunnneti samgönguáætlunar.

Markmið - Sauðárkrókur

- Sauðárkrókshöfn þjóni þrjú hlutverki sem fiski-, flutninga- og farþegahöfn.
- Fyrirtæki í fiskvinnslu, flutninga- og ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu hafi möguleika til að vaxa og dafna, að höfnin sé ákjósanlegur möguleiki fyrir flutningaskip og að tenging við gamla bæinn sé góð.
- Unnið verði að rafvæðingu hafnarinnar svo skip geti tengst rafmagn í landi.
- Á hafnarsvæðinu verði góð aðstaða fyrir smábáta, skútur og tómsundaiðkun tengda sjónum.
- Stefnt er að því að höfnin geti tekið á móti skemmtiferðaskipum og skilgreint verði móttökusvæði fyrir ferðamenn.

Hofsóshöfn er bátahöfn. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir fiskibáta og siglingar með ferðamenn. Á hafnarsvæðinu er starfsemi Vesturfarasetursins, á Sandi. Þar framan við hefur verið gerð lítil trébryggja. Á hafnarsvæðinu er takmarkað landrými til uppbyggingar, að undanskilinni lóð við Hafnarbraut norðan við húsið Nöf.

Gert er ráð fyrir að lóðir fyrir fiskvinnslufyrirtæki verði áfram á athafnasvæði (AT-601), norðan við hafnarsvæðið á Hofsósi.

Markmið - Hofsóshöfn

- Áfram verði stunduð útgerð og fiskvinnsla á Hofsósi og leitað leiða til að efla þá starfsemi enn frekar. Hofsóshöfn nýtist í þágu ferðaþjónustu.



Tafla 4.5: Hafnir

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingarmagn (m ²)	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
H-401	Sauðárkrókshöfn	32	73.500	Fiskihöfn á Sauðárkróki.	Sauðárkrókshöfn er hluti af grunnneti samgönguáætlunar.
H-601	Hofsóshöfn	2,1	1.500	Fiskihöfn á Hofsósi.	Nýbyggingar eru aðeins heimilar utan marka verndarsvæðis í byggð, svo sem á lóðinni við Hafnarbraut norðan við Nöf. Hafnarsvæðið er að hluta skilgreint verndarsvæði í byggð og um það gilda verndarskilmálar.
H-1	Haganesvík		150	Gömul steinsteypt bryggja í Haganesvík í Fljótum.	Heimild er fyrir minniháttar framkvæmdum í tengslum við hafnarmannvirkin, enda tengist það starfsemi og/eða nýtingu svæðisins.
H-2	Hafnarsvæði Selvík		150	Smábátahöfn og þaðan er gert út á grásleppu.	Heimild er fyrir minniháttar framkvæmdum í tengslum við hafnarmannvirkin, enda tengist það starfsemi og/eða nýtingu svæðisins.
H-3	Reykir		150	Höfn á Reykjum, þaðan eru siglingar út í Drangey á sumrin.	Heimild er fyrir minniháttar framkvæmdum í tengslum við hafnarmannvirkin, enda tengist það starfsemi og/eða nýtingu svæðisins.
H-4	Viðvíkursveit		25.000	Áform um stórskipahöfn.	Höfn í tengslum við iðnaðarsvæðið í Viðvíkursveit.

4.7 Flugvellir (FV)

Flugvellir eru afmarkaðir fyrir tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Í Skagafirði eru einn flugvöllur og einn skráður landingarstaður.

Sauðárkróksflugvöllur er skráður alþjóðaflugvöllur.²⁸ Þar er flugstöð, flugskýli og tækjahús og er afmörkun flugvallarsvæðisins FV-401 dregin umhverfis þær. Flugvallarlóðin (Lnr. 143928) er 94,1 ha og tekur einnig til flugbrautarinnar. Flugbrautin er með bundnu slitlagi og um 1.900 metrar að lengd. Ekkert í nágrenninu þrengir að flugvallarsvæðinu.

Um Sauðárkróksflugvöll er ekki reglubundið áætlunarflug og þjónusta árstíðabundin samkvæmt skráningu í Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu. Í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007 eru settar kröfur um skráða landingarstaði, aðbúnað og reiknireglur um hindrunarfleti.

Við Depla í Fljótum er afmarkaður landingarstaður til einkanota.

Um flugvelli og landingarstaði sem starfræktir eru í þágu almenningsflugs og hvort sem þeir eru til almennra nota eða til einkanota gildir reglugerð nr. 464/2007. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar eru flugvellir flokkaðir í fjóra flokka:

- Flugvöllur I
- Flugvöllur II
- Þyrluvöllur (þyrluvöllur, þyrlupallur, þyrlupilfar)
- Skráður landingarstaður

Almenn skipulagsákvæði fyrir flugvelli og landingarstaði

- Virða skal hávaðamörk í dreifbýli. Aðflug, landing og flugtak vélknúinna loftfara er ekki leyfileg milli 23 að kvöldi til 8 að morgni allan ársins hring, nema í undantekningar tilvikum s.s. sjúkraflug og björgunarflug.
- Ekki er leyfilegt að reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.
- Sækja þarf um skráningu flugvalla í flokki II, þyrluvalla og landingarstaða til Samgöngustofu sbr. 10. gr. reglugerð 464/2007 um flugvelli²⁹.

²⁸ Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu: https://eaip.isavia.is/07-2024_2024_11_29/.

²⁹ Breytt í samræmi við ábendingu Samgöngustofu.



Tafla 4.6: Flugvellir

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Byggingar magn (m ²)	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
FV-401	Alexandersflugvöllur (Sauðárkróksflugvöllur)	80,4	2.000	Flugvöllur á Sauðárkróki fyrir reglubundið áætlunarflug og sem varaflugvöllur.	Stefnt er að því að flugvöllurinn uppfylli kröfur til að þjóna hlutverki varaflugvallar í áætlunarflugi innanlands, sbr. reglugerð um flugvelli (464/2007). Taka skal tillit til hindranaflatar Alexandersflugvallar (Sauðárkróksflugvöllur) (HF-401) við framkvæmdir við flugvöllinn.
FV-1	Deplar í Fljótum	2	-	Lendingarstaður tengdur ferðaþjónustu á Deplum í Fljótum.	Lendingarstaður Depla er á snjóflóðahættusvæði við aftakaaðstæður. Í samræmi við ábendingu Veðurstofu Íslands skal vinna staðbundið áhættumat á svæðum ef reisa á byggingar við landingarstaðinn. Skráður landingarstaður í einkaeigu.



4.8 Veitur (VH)

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir og fjarskiptamannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

4.8.1 Rafveita

4.8.1.1 Blöndulína 3

Ákvörðun um leiðaval


Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 kom fram að þegar umhverfismat Blöndulínu lægi fyrir kunni að koma fram nýjar hugmyndir um legu Blöndulínu 3 og myndi Skagafjörður taka afstöðu til þeirra þegar niðurstaða og álit umhverfismats liggur fyrir. Sú afstaða hefur leitt til breytinga á skipulagi.

Tillaga að legu Blöndulínu 3, sem er 220 kV raflína, verður samkvæmt svokallaðri Kiðaskarðsleið í stað Héraðsvatnaleiðar. Línan liggur um 37,5 km leið um Skagafjörð. Tillagan að legu byggir á hagsmunum sveitarfélagsins, niðurstöðu umhverfismats Landsnets, umhverfismati aðalskipulags, óháðri úttekt á möguleikum til að leggja jarðstreng, tillögum að skipulagsákvæðum og mótvægisáðgerðum.


Í skipulagsvinnu voru bornir saman valkostir að halda óbreyttri legu Blöndulínu 3 (Héraðsvatnaleið) og fara svokallaða Kiðaskarðsleið (mynd 16).

Sýndar eru tvær útfærslur línuleiðar Blöndulínu 3 í landi Starrastaða (mynd 16 b). Umhverfisáhrif þeirra eru sambærileg og bein áhrif eru innan Starrastaða. Landsnet og landeigendur Starrastaða hafa fallist á tillögu B um línuleið um land Starrastaða. Sú útfærsla verður í aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040.³⁰

³⁰ Texta breytt frá auglýstri tillögu eftir að tillaga B á mynd 16c var valin sem línuleið Blöndulínu 3.



Mynd 4.8: Valkostir um legu Blöndulínu 3 um Skagafjörð.



Mynd 4.9: Tillögur um útfærslu línuleiðar innan lands Starrastaða



Megin rökstuðningur fyrir vali á Kiðaskarðsleið er eftirfarandi:

- Kiðaskarðsleið, eins og Héraðsvatnaleið, tryggir að hægt verði að auka verulega aðgengi sveitarfélagsins að raforku, sem tryggir að sveitarfélagið geti boðið upp á orkufreka atvinnuuppbyggingu í framtíðinni.
- Með skipulagsákvæðum um að Rangárvallalína 1 sé víkjandi á skipulagi er tryggt að loftlínum muni ekki fjölga á stórum hluta sveitarfélagsins.
- Það er veruleg breyting á forsendum fyrir vali á leið að ekki sé tæknilega mögulegt að leggja hluta Blöndulínu 3 í jörðu, frá Húseyjarkvísl (Svartá) og austur fyrir Vindheima, til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þar með eru grundvallarforsendur fyrir Héraðsvatnaleið brostnar.
- Umhverfisáhrif Héraðsvatnaleiðar og Kiðaskarðsleiðar eru að stórum hluta sambærileg, ef ekki er mögulegt að hluti Blöndulínu 3 verði jarðstrengur. Kiðaskarðsleið skerðir votlendi minna en Héraðsvatnaleið. Fleiri ferðamannastaðir eru í nágrenni Héraðsvatnaleiðar, innan fimm km fjarlægðar, en á öðrum leiðum.
- Kiðaskarðsleið er í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og kerfisáætlun Landsnets.
- Í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags leitaði Skagafjörður eftir áliti óháðs aðila til að rýna forsendur um hámarks lengd jarðstrengja fyrir Blöndulínu 3.

Til að tryggja hagsmuni sveitarfélagsins varðandi afhendingarmöguleika og öryggi er gert ráð fyrir nýju tengivirki við Blöndulínu 3. Frá nýju tengivirki liggur jarðstrengur í tengivirkið við Varmahlíð.

Skipulagsákvæði vegna Blöndulínu 3

Sveitarfélagið hefur ávallt boðað að byggt verði á sjónarmiðum og athugasemdum sem fram koma í skipulagsvinnunni er lögð verður fram tillaga um legu Blöndulínu 3 og þá skilmála sem sveitarfélagið vill að framkvæmdaraðili fylgi við undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja. Eftirfarandi eru tillögur að skipulagsákvæðum vegna Blöndulínu 3:

- Grundvöllur fyrir ákvörðun um Kiðaskarðsleið er að Blöndulína 3 tengist við tengivirkið í Varmahlíð með jarðstreng, þar með eru tryggðir hagsmunir sveitarfélagsins hvað varðar aðgengi að raforku.
- Rangárvallalína 1 verði víkjandi á skipulagi. Línan verði rifin ef hún verður metin óþörf. Þar með er tryggt að loftlínum fjölgi ekki í stórum hluta sveitarfélagsins og dregið úr sjónrænum áhrifum flutningsmannvirkja raforku.
- Leitast verði við að Blöndulína 2 fari í jörðu þ.e.a.s. frá sveitarfélagsmörkum við Húnavatnshrepp og að tengivirkinu í Varmahlíð um leið og það er mögulegt.
- Krafa er um að Blöndulína 3 falli sem best að umhverfinu. Hafa skal samráð við sveitarfélagið um útfærslu s.s. um nákvæma staðsetningu línu, tegund mastra og staðsetningu jarðstrengskosta.
- Helgunarsvæði Blöndulínu 3 er á bilinu 45-70 m, þ.e. 22,5-35 m til hvorrar handar. Helgunarsvæði jarðstrengs er 20-25 m, þ.e. 10 m til hvorrar handar. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð. Framkvæmdir eða vinna innan helgunarsvæða er háð heimild Landsnets.



- Ekki verður heimilt að byggja grindarmöstur í Blöndulínu 3 í sveitarfélaginu.
- Framkvæmdaraðili skal draga, sem kostur er, úr þörf á varanlegum vegslóðum vegna Blöndulínu 3. Áhersla verði lögð á að nýta núverandi vegslóða.
- Á framkvæmdatíma þarf að huga að því að framkvæmdir raski ekki vatnsbólum og heitavatnstöku bæja/búsetu.
- Ráðist verði í endurheimt votlendis, til samræmis við það sem raskast, í samráði við fagstofnanir.
- Ráðist verði í þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í umhverfismatskýrslu Landsnets fyrir Blöndulínu 3 og álitni Skipulagsstofnunar.

4.8.1.2 Blöndulína 2 og Rangárvallalína

Rangárvallalína 1, 132 kV, liggur frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að tengivirki við Varmahlíð. Blöndulína 2, 132 kV, liggur frá tengivirkinu við Varmahlíð til vesturs að sveitarfélags-mörkum Húnavatnshrepps. Línurnar eru hluti af meginflutningskerfi Landsnets. Helgunarsvæði þeirra er 60 m og innan þess er byggingarbann og framkvæmdir háðar leyfi Landsnets.

Í samþykktari áætlun fyrir framkvæmdaverk fyrir 2021-2023 í kerfisáætlun 2020-2029 kemur fram að í kjölfar þess að Blöndulína 3 kemst í rekstur, verði Rangárvallalína 1 rífin.

4.8.1.3 Sauðárkrókslínur

Sauðárkrókslína 1 er 66 kV loftlína, sem liggur frá Varmahlíð að Sauðárkróki. Miðað er við 25 m helgunarsvæði fyrir Sauðárkrókslínu 1.

Sauðárkrókslína 2 er 66 kV jarðstrengur. Hann liggur frá Varmahlíð að Sauðárkróki, fylgir loftlínu, Sauðárkrókslínu 1, að Sæmundará. Þaðan fylgir strengur meðfram veginum að Sauðárkróki að athafnasvæði AT-403. Miðað er við um 10 m helgunarsvæði fyrir Sauðárkrókslínu 2.

4.8.1.4 Aðrar raflínur

Aðrar raflínur eru undir 66 kV spennu og teljast til dreifikerfis raforku. Þær eru á ábyrgð Rarik. Þessar línur eru ekki sýndar á sveitarfélagsuppráttum.



Almenn skipulagsákvæði fyrir raflínur

- Hafa skal samráð við Landsnet við hönnun og framkvæmdir í námunda við raflínur Landsnets.
- Við framkvæmdir í námunda við háspennulínur skal farið eftir þeim leiðbeiningum sem koma fram í leiðbeiningabækling Landsnets, Háspennulínur – aðgát skal höfð.³¹

Tafla 4.7: Veitur

Nr.	Heiti	Stærð [kV]	Helgunarsvæði	Lýsing
VH-1	Sauðárkrókslína 1	66 kV	10 m	Jarðstrengur.
VH-2	Sauðárkrókslína 1	66 kV	25 m	Loftlína.
VH-3	Sauðárkrókslína 2	66 kV	10 m	Jarðstrengur.
VH-4	Blöndulína 2	132 kV	35-45 m	Loftlína.
VH-5	Rangárvallalína 1	132 kV	35-45 m	Loftlína.
VH-6	Blöndulína 3	220 kV	65-85 m	Loftlína.
VH-7	Blöndulína 3			

4.8.2 Vatns- og hitaveita

Skagafjarðaveitur sjá um vatns- og hitaveitu í sveitarfélaginu, sem er mjög víðfeðm. Þau svæði sem ekki eru tengd veitukerfi Skagafjarðaveitna eru með eigin vatnsból.

Vatn fyrir Sauðárkrók er sótt í vatnsból vestan bæjarins og ofan við Skarðsdal.

Neysluvatna fyrir Varmahlíð er sótt austan úr Vatnsskarði. Borhola hitaveitu á Reykjarhól, sbr. iðnaðarsvæði I-501.

Vatnsból fyrir Hofsós er við Brunafjall. Heitt vatn kemur úr Hofsósveitu en borhola er við Bræðrá.

Hitaveita er að Hólum og kemur vatn úr borholu að Reykjum í Hjaltadal. Vatnsból fyrir Hóla er fyrir ofan þéttbýlið.

Hitaveita Steinsstaða, sem er hluti af Skagafjarðaveitum sér þéttbýlinu fyrir heitu vatni. Á Steinsstöðum eru vatnsmiklar uppsprettur heits vatns og eru öll hús í þéttbýliskjarnanum upphituð með heitu vatni auk sundlaugar og gróðurhúsa.³² Dæluhús hitaveitu er staðsett við Laugaból skammt austan við Árgarð.

³¹ Tilvísun í leiðbeiningabækling Landsnets.

³² Heimild: Skagafjarðarveitur; <http://www.skv.is/is/fyrirtaekid/saga-og-myndir/saga-hitaveitanna>

4.8.3 Fráveita

Markmið skipulagsins er að veitukerfið annað þörf íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu og tryggja að fráveitumálin verði í samræmi við kröfur um hollustuhætti og verndun vatnshlota.

Sauðárkrókur er stærsta þéttbýlið, með rúmlega 2.610 íbúa og talsverð atvinnustarfsemi, þ.m.t. matvælaframleiðsla. Lengi hefur verið unnið að lausnum varðandi fráveitumálum í þéttbýlinu. Sameinaðar hafa verið útrásir við hafnasvæðið og það fær fjær landi. Í dag eru útrásirnar 11 og dreifast nokkuð jafnt á 2,5 km langa strandlengju þannig að áhrif frá íbúabyggð er mjög takmörkuð á viðtakann. Matvælaframleiðsla losar jafnan mikið magn af næringarefnum í samanburði við heimili. Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar árið 2014 kom fram að magn skólps á Sauðárkróki væri tæpar 6.100 persónueiningar. Í samræmi við þróun byggðarinnar og atvinnustarfsemi undanfarinna ára er orðin þörf á að uppfæra fráveitukerfið. Til stendur að bæta við útrás frá hafnarsvæðinu til norðurs.

Gert er ráð fyrir skólphreinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók. Gert er ráð fyrir dælustöð og nýrri útrás fráveitu við ströndina skammt vestan við vegamót Sauðárkróksbrautar og Strandvegar, sjá I-402. Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á umfangi stöðvar og lengd útrásar en ný útrás verður norðan til í höfninni.

Tveggja þrepa hreinsun er í Varmahlíð og persónueiningar telja 400. Í íbúðarbyggðinni er tvöfalt veitukerfi og liggur skólpið í þriggja hólfa steinsteypta rotþró. Í Varmahlíð eru þrjú svæði fyrir frístundabyggð; við Reykjarhólsvæg, Víðimelur og Hof. Svæðin við Reykjarhólsvæg og Einimel eru tengd sitthvoru fráveitukerfinu, frágengin með þriggja hólfa plastþró, siturlögn og síubeði. Sumarhúsasvæðið við Víðilund og iðnaðarsvæði sunnan Varmahlíðar eru að megninu til tengd inn á þriggja hólfa plastþró, siturlögn og síubeði. Önnur sumarhús eru tengd inn á stakar þrær, þriggja hólfa plast þrær, frágengnar með siturlögn og síubeði. Frágangur allur við sumarhúsasvæðin í Varmahlíð er vel viðunandi. Hreinsun og tæming rotþróa hefur verið gerð með reglulegu millibili og hefur sveitarfélagið annast umsjón þeirrar þjónustu.

Íbúar á Hofsósi eru rétt um 160 og rennur fráveitan frá byggðinni í eina útrás sem liggur út í sjó fyrir sunnan Hofsá. Önnur útrás liggur út í sjó fyrir norðan Hofsá út frá þeim stað þar sem fiskvinnsluhús stendur. Ekki er um neina hreinsun á fráveituvatni að ræða og því mikilvægt að umgengni íbúa um fráveitu sé til fyrirmyndar. Í úttekt sem gerð var á fráveitunni árið 2010, kom fram að áburðarmengun frá íbúum er ekki mikil en hún svarar til þess að 100 g köfnunarefni berast á hverri klukkustund út í viðtakan og samsvarar það um hálf kg af tilbúnum ammóníum nítrat áburði. Annað fráveituvatn fer í stakar rotþrær, þriggja hólfa plastþrær með siturlögn, samtals um 7 hús, þar af þrjú sumarhús, eitt safn og svo íbúðarhúsnæði. Hreinsun og tæming rotþróa hefur verið gerð með reglulegu millibili og hefur sveitarfélagið annast umsjón þeirrar þjónustu. Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar (frá 2010) eru áætlað að umfang fráveitu á Hofsósi sé 200 persónueiningar.

Atvinnustarfsemi á Hofsósi skilar lítilli lífrænni mengun í viðtakann. Það er ljóst að lífræn mengun frá Hofsósi er ekki teljandi og þar sem útrásir opnast fjarri höfn má ætla að gerlamengun sé ekki teljandi vandamál og áhrif á viðtakann er mjög takmörkuð.

Íbúafjöldi að Hólum í Hjaltadal er breytilegur en að vetri til er hann á þriðja hundrað með skólafólki sem stundar nám í Háskólanum að Hólum. Á sumrin er síðan talsverð ferðapjónusta og fjöldi ferðafólks sem dvelur á staðnum. Skólþ sem fellur til er áætlað 200 persónueiningar (Umhverfisstofnun, 2017). Fráveitukerfi íbúðarbyggðar er tveggja þrepa hreinsun. Frágangur fráveitu er metinn viðunandi.



Áburðarmengun frá byggðinni er svipuð og frá Hofsósi en nýlegar framkvæmdir við frárennsli minnka verulega það magn sem berst út í Hjaltadalsána þar sem minnkun verður lífrænu og næringarefnum í rotþró og siturlögn. Nokkur innan við Hólastað er fiskeldisstöð háskólans Hólalax en það er helsta atvinnustarfsemin sem losar mengandi fráveituvatn. Þó nokkur uppbygging hefur verið þar undanfarin ár og er laxeldisstöðin á sér þró.

Markmið

- Lokið verður við gerð framkvæmdaáætlunar fráveitumála fyrir sveitarfélagið fyrir 2030.
- Gert er ráð fyrir dælustöð og nýrri útrás fráveitu við ströndina skammt vestan við vegamót Sauðárkróksbrautar og Strandvegur. Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á umfangi stöðvar og lengd útrásar en ný útrás verður norðan til í höfninni.

Almenn skipulagsákvæði fyrir fráveitu

- Skólphreinsivirki fellur undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021.

Tafla 4.8: Fráveita

Nr	Heiti	Lýsing
VH-8	Skólphreinsivirki Sauðárkróki	Fráveita út í sjó frá skólphreinsivirki.

4.8.4 Sjóveita

Til vatnsöflunar fyrir fiskeldi og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum á Sauðárkróki er sjóveita. Lengd á sjólögn frá landi er 800-1000 m út í sjó. Sjóveitan tengist fiskeldishúsnæði skólans við Borgarsíðu.

Tafla 4.9: Sjóveita

Nr	Heiti	Lýsing
VH-9	Sjólögn	Til vatnsöflunar fyrir fiskeldi og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum á Sauðárkróki. Sjóveitan tengist fiskeldishúsi skólans við Borgarsíðu.

4.8.5 Gagnaveita

Markmið er að tryggja öruggt og gott aðgengi íbúa, fyrirtækja og stofnana að háhraðaneti. Skagafjörður er eitt af þeim sveitarfélögum sem undirritað hafa samning fjarskiptasjóðs um að ljúka ljósleiðaravæðingu í öllu þéttbýli.

4.9 Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.




Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi. Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 m þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til alls yfirborðsvatns og grunnvatns. Umhverfismarkmið yfirborðsvatnshlota er að þau hafi a.m.k. gott vistfræðileg og efnafræðileg ástand. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að þau hafi a.m.k. gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu. Til að hægt sé að greina ástand vatns er vatn afmarkað í samanburðarhæfar einingar, vatnshlot, og eru þau flokkuð í straumvatn, stöðuvatn, árósa, strandsjó og grunnvatn.


Opinberar áætlanir skulu vera í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun um að allt vatn skuli vera í góðu eða mjög góðu ástandi. Í vatnaáætlun Íslands 2022-2027 kemur fram að ekkert vatnshlot í Skagafirði hafi skv. álagsgreiningu verið metið í hættu eða í óvissu um að ná ekki umhverfismarkmiði sínu um gott ástand. Þar kemur þó fram að í mati á helstu álagspáttum frá landbúnaði³³ sé líklegt að álag sé á straumvatnshlot vegna dreifðrar mengunar frá landbúnaði á landsvæðum þar sem hefðbundinn landbúnaður er í hvað mestum þéttleika, m.a. í Skagafirði. Fjögur straumvatnshlot í Skagafirði eru í þessum hópi; 101-1647-R Héraðsvötn, 101-1650-R Húseyjarkvísl, 101-1728-R Hjaltadalsá 1 og 101-1664-R Flókadalsá.

15 sýnir yfirborðsvatnshlot og 16 sýnir grunnvatnshlot í Skagafirði.

³³ Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands 2019. Möguleg mengun vatns vegna landbúnaðar: helstu álagspættir og mat á gögnum; <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19011.pdf>



Mynd 4.10: Yfirborðsvatnshlot í Skagafirði.



Mynd 4.11: Grunnvatnshlot í Skagafirði.



Í vatnavefsja koma fram eftirfarandi upplýsingar um þau fjögur straumvatnshlot sem líklegt er að séu undir álagi vegna hefðbundins landbúnaðar. Þar kemur fram að gert sé ráð fyrir að þau nái umhverfismarkmiði sínu um gott ástand en að það sé óstaðfest og þörf sé á gögnum til að staðfesta ástandsflökkun.

101-1647-R Héraðsvötn: Jökulvatn á láglandi, heildarlengd 99,5 km, vistfræðilegt ástand skráð mjög gott, byggt á líkindum út frá álagsgreiningu, og efnafræðilegt ástand óþekkt.

101-1650-R Húseyjarkvísl: Bergvatn á láglandi, heildarlengd 43 km, vistfræðilegt ástand skráð mjög gott, byggt á líkindum út frá álagsgreiningu, og efnafræðilegt ástand óþekkt.

101-1728-R Hjaltadalsá 1: Bergvatn á láglandi, heildarlengd 1,3 km. Staðbundið álag er skráð á það m.a. vegna landeldis og Hólaskóla. Vistfræðilegt ástand er óflokkað og efnafræðilegt ástand óþekkt.

101-1664-R Flókadalsá: Bergvatn á láglandi, heildarlengd 1,3 km. Vistfræðilegt ástand skráð mjög gott, byggt á líkindum út frá álagsgreiningu, og efnafræðilegt ástand óþekkt.

Eitt strandsjávarhlot er í sveitarfélaginu Skagafjörður, 101-1338-C Horn að Hvanndöllum. Það þekur 6.179 km² svæði, er opin strönd með fullsöltum sjó (> 30psu). Skv. vatnavefsja er vistfræðilegt ástand þess óflokkað og efnafræðilegt ástand óþekkt. Gert er ráð fyrir að það nái umhverfismarkmiði sínu um gott ástand (óstaðfest) þrátt fyrir að skráð sé staðbundið álag á það m.a. vegna óhreinsaðs skólps frá Sauðárkróki, sorpurðunarstöðum (Sauðárkróki og Skeljavík) og landeldis.

Nokkur grunnvatnshlot eru innan Skagafjarðar. Af þeim er þekkt álag skráð á grunnvatnshlotið 101-295-G Skagafjörður og 101-173-G Stórisandur skv. í vatnavefsja. Álag á 101-295-G Skagafjörður er vegna sorpurðunar í Skagafirði. Um er að ræða gropinn vatnsveiti³⁴ með miðlungs grunnvatnsstreymi, 446,6 km² að flatamáli. Álag á 101-173-G Stórisandur er einnig vegna sorpurðunar Blönduósbæjar við Draugagil. Um er að ræða gropinn vatnsveiti með miðlungs grunnvatnsstreymi, 4.709 km² að flatamáli. Þrátt fyrir þekkt álag er gert ráð fyrir að grunnvatnshlotin nái umhverfismarkmiði sínu um gott ástand og magnstöðu (óstaðfest). Efnafræðilegt ástand og magnstaða þeirra er óþekkt.

Margs konar umsvif manna innan skipulagssvæðisins geta valdið álagi og haft áhrif á vatn, ýmist með punkt losun út í umhverfið með fráveitu frá þéttbýli og starfsemi (matvælafyrirtæki, fiskeldi, sorpmeðhöndlun) eða dreifðri losun frá landbúnaði (vegna tilbúins áburðar og húsdýraáburðar), rotþróm í dreifðri byggð, frístundabyggð og ferðaþjónustu, umferð og afrennsli af vegum. Önnur landnýting getur haft áhrif á vatnshlot eins og efnistaka, rennslisstýringar, þveranir (brýr) og framræsla lands. Vatnstaka getur haft áhrif á magnstöðu neyslu- og jarðhitavatns.

Þess verður gætt við framkvæmd skipulagsins að ástand yfirborðsvatns og grunnvatns rýrni ekki. Sérstök áhersla verður lögð á að draga úr álagi á vatnshlot sem talin eru vera undir álagi svo að ástand þeirra rýrni ekki og að þau nái umhverfismarkmiði sínu um gott ástand.

³⁴ Gropinn vatnsveiti er gropinn berggrunnur sem grunnvatn sígur vel í gegn um og þar er því miðlungs til mikið grunnvatnsstreymi.



Almenn skipulagsákvæði fyrir vötn, ár og sjó

- Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem getur haft áhrif á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.
- Öll efnistaka úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netalaga er háð framkvæmdaleyfi.
- Landeigendum er heimil minniháttar efnistaka úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netalaga nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Tafla 4.10: Vötn, ár og sjór

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
V-1	Héraðsvötn	2048	Jökulfljót.	Flóðasvæði 25 ára og 200 ára flóða eru kortlögð hjá Veðurstofu Íslands.
V-2	Vötn	4558	Vötn sem tilheyrja stöðuvatnshlotum, auk annarra stærri vatna.	Framkvæmdir í eða við veiðivötn sem geta haft áhrif á lífríki vatns eða aðstæður til veiða eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. laga nr. 61/2006.
V-3	Ár	33	Stór vatnshlot.	Framkvæmdir í eða við veiðivötn sem geta haft áhrif á lífríki vatns eða aðstæður til veiða eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. laga nr. 61/2006.



4.10 Strandsvæði (ST)

Strandsvæði eru innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Strandsvæði Skagafjarðar gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands. Fjörur eru ríkar af gróðri sem er undirstaða auðugs dýralífs. Fuglar og önnur landdýr sækja fæðu í fjöruna.

Auk mikilvægis fjörunnar sem vistkerfis og fyrir lífríkið þá hafa fjörur og strandsvæði mikið aðdráttarafl fyrir fólk til útivistar. Strandlengja Skagafjarðar hefur að geyma menningarminjar meðal annars um sögu útgerðar.

Almenn skipulagsákvæði strandsvæða


- Skagafjörður leggur áherslu á verndun strandlengjunnar utan þéttbýlis og skilgreindra iðnaðar- og hafnarsvæða.
- Ef ráðast á í framkvæmdir á strandlengju skulu þær deiliskipulagðar. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.

Tafla 4.11: Strandsvæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing
ST-1	Svæði innan netlaga og meðfram sjó	1618,6	Áhersla á verndun strandlengjunnar utan þéttbýlis og skilgreindra iðnaðar- og hafnarsvæða. Ef ráðast á í framkvæmdir á strandlengju skulu þær deiliskipulagðar. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.

5 Takmarkanir á landnotkun

5.1 Friðlýst svæði (FS)



Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúru-myndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Í Skagafirði er tvö friðlýst svæði Þjórsárver og Miklavatn. Þjórsárver er aðeins að hluta í Skagafirði og afmarkast Hofsjökli. Bæði Þjórsárver og Miklavatn eiga það sameiginlegt að vera verðmæt náttúrusvæði með fjölbreyttu lífríki og mikilvægi fyrir fugla. Verndarmarkmið beggja svæða miða að því að varðveita ósnortna náttúru, líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi, ásamt því að stjórna nýtingu og umferð svo ekki verði rask á náttúrulegu ástandi eða lífríki svæðanna.

Alþjóðlegar skuldbindingar (Þjórsárver) og staðbundin stjórnun (Miklavatn) undirstrika mikilvægi samstilltra aðgerða í náttúruvernd.

Almenn skipulagsákvæði fyrir friðlýst svæði


- Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt til framkvæmda á svæðum sem liggja að eða kunna hafa áhrif á friðlýst svæði.³⁵

³⁵ Texta bætt við eftir auglýsingu tillögu skv. umsögn Náttúruverndarstofnunar.



Tafla 5.1: Friðlýst svæði

Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Sértæk skipulagsákvæði
FS-1	Þjórsárver	32.700,6	Svæðið nær yfir öll Þjórsárver og nágrenni auk Hofsjökuls. Friðland Þjórsárvera er að hluta í sveitarfélaginu og afmarkast af Hofsjökli.	Á tímabilinu 1. maí til 20. júní er umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa bönnuð.
FS-2	Miklavatn	1484,5	Miklavatn á láglendi Skagafjarðar. Svæðið einkennist af votlendi með miklu fuglalífi. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.	<p>Öll umferð óviðkomandi fólks um friðlandið er bönnuð á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí nema leyfi viðkomandi ábúanda komi til.</p> <p>Óheimilt er að breyta landslagi friðlandsins eða vatnsborði stöðuvatna eða straumvatna.</p> <p>Öll mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og Umhverfisstofnunar eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila. Gildir þetta um byggingar, skurði, vegi, girðingar o.s.frv. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu og reisa skýli sem nauðsynleg teljast vegna beitarnýtingar. Friðlandið má aðeins nýta á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til beitar, slægna og veiði í vötnum. Umhverfisstofnun getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur.</p> <p>Bannað er að fara með skotvopn í friðlandinu (nema til eyðingar meindýra). Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum skv. gildandi lögum um fuglafriðun. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi.</p> <p>Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess (beit, heyskap, veiði). Hraðbátar eru bannaðir á vötnunum. Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar hefur umsjón með friðlandinu fyrir hönd Umhverfisstofnunar og getur veitt undanþágur frá ákvæðum 2.-5. gr., ef brýn ástæða þykir til, með samþykki Umhverfisstofnunar.</p>



Mynd 5.1: Takmörkun á landnotkun.




5.2 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í sveitarfélaginu eru 14 svæði á náttúruminjaskrár og fjöldi vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Tafla 5.2: Önnur náttúruvernd

Nr.	Heiti	Lýsing
ÖN-1	Orravatnsrústir	413. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.
ÖN-2	Botn Vesturdals	414. Botn Vesturdals (Hofsdals) (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar Fossár.



Mynd 5.2: Aðrar nättúruminjar og tillögur á B-hluta nättúruminjaskrár.



Tafla 5.3: Aðrar náttúruminjar og tillögur á B-hluta

Nr	Heiti	Lýsing
1	Malarásar í Sæmundarhlíð	417. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.
2	Austara Eylendið	418. (1) Óshólmavæði Austari - Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari - Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan fylgja þau vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.
3	Ketubjörg á Skaga	419. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.
4	Drangey	420. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnipt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri. Er tilnefnt í framkvæmdaáætlun (B- hluta) náttúruminjaskrár sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.
5	Höfðavatn og Þórðarhöfði, Höfðaströnd	421. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.
6	Reykjarhóll á Bökkum	422. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum. Í hólnum hefur verið malarnám sem hefur skaðað ásýnd hans.
7	Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar	423. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h. y. s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150 - 250 m h. y. s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.
8	Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn á Skaga	427. Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn á Skaga, Skagahreppi, Skefilsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu. (1) Strandlengja frá bænum Mánavík að Kelduvíkurvík ásamt sjávarlónum. (2) Sjávarlón með miklu fuglalífi.
9	Miklavatn í Fljótum	428. Miklavatn í Fljótum. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (2) Miklavatn er sérstætt náttúrufríbæri með greinilegri seltulagskiptingu.
10	Kotagil og Skeljungssteinn	415. Kotagil og Skeljungssteinn sem stendur stakur alllangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli. Skeljungssteinn er þrjúdalaga og er um einn metri á hæð.
11	Fossar í Bólugili	416. Bólugil, fossaröð í Bólúa við bæinn Bólu. Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.
12	Flæðilönd Héraðsvatna	Láglendi Skagafjarðar, frá ströndinni suður að Vallhólma. Afmarkast af Sauðárkróksbraut til vesturs, hringvegi nr. 1 í suðri og Siglufjarðarvegi nr. 76 til austurs.
13	Málmei	Eyjan er auðug af fuglalífi og telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð, enda er þar eitt af tíu stærstu lundavörpum landsins.
14	Utanverður Skagi	Ósnortnar mýrar og flóar inni á heiðinni, víðáttumikil svæði með starungsmýravist og runnamýravist. Alþjóðlega mikilvægt varpland æðarfugls, álfar og himbrima og eins verpur á svæðinu talsvert af lómi og duggönd sem eru forgangstegundir.

5.3 Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar sérstakrar verndar. Þar eiga eftirfarandi ákvæði við í sveitarfélaginu:

- Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.
- Hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

5.4 Mikilvæg fuglasvæði

Í sveitarfélaginu eru afmörkuð mikilvæg fuglasvæði skv. flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.³⁶ Skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Það veltur fyrst og fremst á stofnmati, þ.e. hversu margir fuglar nýta svæðin hér á landi og hversu hátt það hlutfall er af heildarstofni. Fyrir sumar tegundir eru hvort tveggja byggt á ítarlegum fyrirbyggjandi gögnum en fyrir margar tegundir byggir matið á takmörkuðum og oft áratugagömlum gögnum.³⁷

Sum þessara svæða njóta þegar verndar skv. náttúruminjasrá, sjá kafla 0.

Tafla 5.4: Mikilvæg fuglasvæði í Sveitarfélaginu Skagafirði

Svæði	Stærð [ha]	Viðfangsefni	Verndargildi
Skagi*	51.960	Votlendi og önnur svæði. VOT-N5	A4i, B1i, B2
Láglendi Skagafjarðar	18.470	Votlendi og önnur svæði. VOT-N6	B1i, B2
Fljót - Miklavatn	740	Votlendi og önnur svæði. VOT-N7	B1i
Fljót - Siglufjörður	1.130	Fjörur og grunnsævi. FG-N1	A4i, B1i
Tindastóll	396	Sjófuglabyggð. SF-N1	A4iii
Drangey	661	Sjófuglabyggð. SF-N2	A4iii, B2. (IBA)
Málmey	1.461	Sjófuglabyggð. SF-N4.	A4iii, B2. (IBA)
Lundey	547	Sjófuglabyggð. SF-N3	A4iii. (IBA)
Samtals	75.365		

* Skagi nær til Skagafjarðar, Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar

³⁶ http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

³⁷ Náttúrufræðistofnun, <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>

5.5 Vistgerðir með verndargildi

Í samræmi við verndarmarkmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni hefur sveitarfélagið kortlagt vistgerðir á þann hátt að auðkenna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Tilgangur með því er að tryggja að slíkar upplýsingar verði ávallt teknar með í ákvörðun um framkvæmdir, starfsemi og aðra nýtingu.

Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, 2. gr.: Að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósan-lega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Skipulagsákvæði náttúruverndarsvæða

- Varðandi friðlýst svæði er almennt allt rask óheimilt nema að undangengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Í auglýsingu um friðlýstu svæðin koma fram sértækir friðlýsingarskilmálar sem nauðsynlegt er verða við ef hugað er að starfsemi eða framkvæmdum innan svæðanna.
- Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt, sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Samkvæmt lögum um náttúruvernd ber að forðast þess að raska svæðum eða náttúrumyndunum á Náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.
- Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í kafla 50 nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. náttúruverndarlaga liggja fyrir.
- Við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. [náttúruverndarlaga](#) og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila.

5.6 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Um verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

5.6.1 Byggingararfur

Til byggingararfs samkvæmt minjalögum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar, brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Varðveislustig húsa og mannvirkja eru þrjú:

- I. Friðlýstar eru allar þær byggingar sem friðaðar voru samkvæmt eldri lögum 31. desember 2012. Auk þess getur ráðherra ákveðið friðlýsingu annarra húsa og mannvirkja eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.
- II. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
- III. Framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr eru umsagnarskyldar.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Álit Minjastofnunar skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi til framkvæmda er veitt sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.



5.6.2 Fornleifar og fornleifaskráning

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. Tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. Vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. Virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. Þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. Haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. Skipsflök eða hlutar þeirra.



Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing.

- I. Fornminjar (forngrípir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa friðuð nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa friðuð.
- II. Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Um skráningu minja vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda gilda eftirfarandi ákvæði, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar:

- Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.
- Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.
- Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Fornleifum, jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Allar framkvæmdir innan friðhelgi menningarminja eru háðar leyfi Minjastofnunar Íslands en aldursfriðaðar minjar njóta 15 m friðhelgi frá ystu mörkum og friðlýstar minjar 100 m friðhelgi nema kveðið sé á um annað í skilmálum friðlýsingar, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Á árunum 2000-2005 fór fram fornleifaskráning fyrir þéttbýliskjarna Skagafjarðar. Skráningin var endurskoðuð fyrir elstu bæjarhluta Sauðárkróks og Hofsóss í tengslum við áætlanir um verndarsvæði í byggð. Á árunum 2013-2016 voru strandminjar við vestanverðan og austanverðan Skagafjörð skráðar. Heildarskráning fornleifa hefur farið fram á fjölmörgum jörðum í Skagafirði og eru jarðirnar tilgreindar í töflunni hér fyrir neðan.



Tafla 5.5: Jarðir í Skagafirði sem hafa heildarskráningu fornleifa.³⁸

Jörð	Ártal	Jarðir	Ártal
Áshildarholt	2003	Skarð	2007
Bakki	2007	Steinsstaðir	2000
Bergsstaðir	2003	Stóra-Seyla	2004
Borgargerði	2003	Stóragerði	2007
Brautarholt	2004	Stóra-Gröf syðri	2006
Brennigerði	2003	Stóra-Gröf ytri	2006
Brimnes	2007	Syðra-Skörðugil	2003
Geldingaholt	2006	Torfgarður	2004
Gil	2003	Tröð	2003
Glaumbær	2003	Víðimelur	2001
Grafarós	2001	Ytra-Skörðugil 1	2004
Grófargil	2004	Ytra-Skörðugil 2	2004
Halldórsstaðir	2004	Þröm	2006
Hátún	2003	Neðri-Ás í Hjaltadal	2003
Hof í Hjaltadal	2000	Langholt	2005
Hofsós	2001	Marbæli	2005
Holtskot	2006	Holtsmúli	2005
Holtsmúli	2006	Víðimýri	2005
Hólar í Hjaltadal	2000	Dýrfinnustaðir	2008
Höfði á Höfðaströnd	2003	Hjarðarhagi	2008
Jaðar	2004	Úlfsstaðir	2008
Kimbastaðir	2003	Kúskerpi	2008
Kjartansstaðakot	2006	Silfrastaðir	2008
Kjartansstaðir	2006	Djúpidalur	2008
Kolkuós	2007	Torfmýri	2008
Litla-Gröf	2006	Stóru-Akrar	2008
Lyngholt	2003	Flugumýri	2008
Málmey	2013	Nautabú í Neðribyggð	2009
Messuholt	2003	Flatatunga	2011
Mikligarður	2003	Sólheimar	2011
Páfastaðir	2004	Glaumbær í Langholti	2014
Reykjarhóll (Varmahlíð) og hluti Brekku	2003	Depla í Fljótum	2016
Reynisstaður	2006	Barð	2003
Sauðá (Sauðárkrókur)	2005	Brún	2003
Sjávarborg	2003	Laugarbrekka	2003
		Hof og Reykjarhólssel í Brekkulandi	2003

³⁸ Skýrslurnar eru flestar aðgengilegar á vefsíðu Byggðasafns Skagfirðinga. <http://www.glaumbaer.is/is/gagnabanki/rannsoknarskyrslur> og á vef Minjastofnunar Íslands.



Mynd 5.3: Grafarkirkja

Almennir skilmálar minjaverndar

- Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita leyfis Minjastofnunar Íslands.
- Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
- Unnið verði áfram að skráningu fornminja á jörðum í dreifbýli og eldri skráningar uppfærðar. Gerð verði áætlun um framvindu skráningar yfir aðalskipulagstímabilið.
- Við allar framkvæmdir innan verndarsvæða skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang. Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæða. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.



Tafla 5.6: Minjavernd

Nr.	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV-401	Gamli bærinn	Verndarsvæði í byggð. Aðalgata 23 (Villa Nova) byggð 1903, friðlýst bygging. Sauðárkróskirkja byggð 1892, friðlýst bygging.	Verndarsvæði í byggð, staðfest 25. febrúar 2021.
MV-601	Plássíð og Sandurinn	Verndarsvæði í byggð.	Verndarsvæði í byggð. Hofsós, staðfest af mennta- og menningarmálaráðgjafi 10. febrúar 2021. Skipulagsákvæði innan verndarsvæðis í byggð gilda.
MV-701	Hóladómkirkja	Umhverfi dómkirkjunnar og kirkjugarðsins, allt umhverfi gamla bæjarstæðisins og gamla torfbæjarins. Hóladómkirkja er friðlýst bygging, byggð á árunum 1757–1763. Steinsteyptur turn var reistur norðan við kirkjuna 1950.	Hóladómkirkja er friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Einnig friðaðar minjar, hóll, Slotið.
MV-1	Sjávarborgarkirkja	Kirkja úr timbri, byggð árið 1853.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-2	Grafarkirkja	Kirkja með hringlaga kirkjugarði. Endurbyggð 1931 á grunni eldri kirkju.	Friðlýst.
MV-3	Knappsstaðakirkja	Kirkja, byggð árið 1838.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-4	Glaumbær, Áshús	Gamli bærinn, byggt 1840.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-5	Víðimýrarkirkja	Kirkja, byggð árið 1834.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-6	Hvammur	Bæjarrústir Atlastaða.	Friðlýst.
MV-7	Kolgrímastaðir í landi Merkgils	Bæjartóftir.	Friðlýst.
MV-8	Brekka	Fjánhús.	Friðlýst.
MV-10	Hof, Vesturdal	Fornar rústir í Vesturdal: Hrafnstaðarústir, Hringanessrústir, Hraunþúfuklaustursrústir og Tungurústir.	Friðlýst.
MV-11	Garður	Hegranesþing.	Friðlýstar fornminjar.
MV-12	Hofsstaðir, Hofsstaðakirkja	Hoftóft á hæðinni Valhöll, fyrir vestan túnið, norðan við fjánhús, sem þar eru. Hofsstaðakirkja.	Friðlýstar fornminjar.
MV-13	Hof, Hjaltadal	Friðlýstar bæjartóftir, laug, haugur og garðlög.	Friðlýstar fornminjar.
MV-14	Neðri-Ás	Tóftarleifar kirkju þeirrar er Þorvarður Spak-Böðvarsson reisti.	Friðlýst.



Nr.	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV-15	Reykir, Hjaltadal	Lítil, upphlaðin laug neðst í túninu, sem nefnd er „Biskupslaug“.	Friðlýst laug.
MV-16	Gröf	Höfðinn við ós Grafarár, með öllum minjum um kaupstaðinn Grafarós.	Friðlýst.
MV-17	Vatn, Ræningjadysjar	Svokallaðar Ræningjadysjar er enskir menn áttu að vera heygðir í.	Friðlýst.
MV-18	Langhús	Naust, geysistört neðantil á túninu, ca. 100 faðma frá bökkum Hópsvatns.	Friðlýst.
MV-20	Goðdalakirkja	Kirkja, byggð árið 1904.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-21	Barðskirkja í Fljótum	Kirkja, byggð árið 1888.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-22	Fellskirkja í Sléttuhlíð	Kirkja, byggð árin 1881-1882.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-23	Hofskirkja á Höfðaströnd	Kirkja, byggð árin 1868-1870.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-24	Viðvíkurkirkja	Kirkja, byggð árið 1893.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-25	Reykjakirkja í Tungusveit	Kirkja, byggð árið 1897.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-26	Reynistaðarkirkja	Kirkja og bæjardyr á Reynistað. Byggð árin 1868-1870.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-27	Hvammskirkja	Kirkja, byggð árið 1892.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-28	Ketukirkja	Kirkja, byggð árin 1893-1896.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-29	Hraunþúfuklaustur	Býli, niðurgroftur, hleðsla, aldur minja frá 800 – 1000.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldersákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-30	Tunga/Tungukot	Tóftir, garðalag, aldur minja frá 800-1900.	Friðlýstar fornminjar.
MV-31	Gvendarskál	Altarisleifar í Gvendarskál uppi í Hólabyrðu og leifar af upphleyptum vegi þangað.	Friðlýst 13.08.1926.




Nr.	Heiti	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV-32	Þorljótsstaðir	Byli, þúst, niðurgröftur, garðalag, tóftir, aldur minja frá 800 – 1500.	Friðlýstar fornminjar.
MV-33	Silfrastaðir	Silfrastaðakirkja, byggð árið 1896.	Friðlýst. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
MV-34	Stóru-Akrar	Torfbær, bæjardyr, bæjargöng og þingstofa.	Friðlýst.
MV-35	Örlygsstaðir á Víðivöllum	Tóftir og garðalög á Örlygsstöðum. Friðlýst.	Þinglýst skjal 13.08.1926.
MV-36	Össurarlögrétta	Fornar þingminjar í landi Frostastaða. Friðlýst.	Friðlýstar fornminjar.
MV-37	Flugumýri	Virkisleifar á Virkishól fyrir ofan bæinn.	Friðlýst. Þinglýst skjal 13.08.1926.
MV-38	Úlfshaugur	Legstaður, friðlýstur.	Þinglýst skjal 13.08.1926.
MV-39	Öxl í landi Merkigils	Bæjartóftir.	Friðlýst. Þinglýst skjal 13.08.1926
MV-40	Einirlækur	Bæjartóftir.	Friðlýst.
MV-41	Kolgrímastaðir í landi Merkigils	Bæjartóftir.	
MV-42	Selsvellir		
MV-43	Sandgil (Hjálmarssel)	Bæjartóftir.	Friðlýst.

5.7 Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúru-legs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Í aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022 voru afmörkuð tvö hverfisverndarsvæði sem eru innan hálandismarka í aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040. Umrædd svæði eru ekki á náttúruminjasrá.



Mynd 5.4: Hverfisvernd innan hálandismarka

Í Austurdal er að finna heimildir og menjar um forna byggð. Gróðurfarið er sérstakt meðal annars vegna þess að hæsti fundarstaður birkis á Íslandi er í Stórahvammi. Einnig er Fagrahlíð talin náttúruperla. Jarðfræði svæðisins er sérstök á skagfirskan mælikvarða en a.m.k. tvær megineldstöðvar hafa verið í og í nágrenni dalsins (Ábæjar- og Keldudalseldstöðvar) með tilheyrandi magni af líparíti og sérstæðum jarðmyndunum. Dalurinn sjálfur er fagur og hefur mikið útivistargildi. Vinsælar göngu og reiðleiðir liggja um svæðið, sem tenging milli byggðar og hálandis.



Tafla 5.7: Hverfisvernd

Nr	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV-601	Naustavík	5,1	Óröskuð fjara og jarðmyndanir. Innan svæðanna eru heimilar minniháttar framkvæmdir á forsendum útivistar, til dæmis stígagerð, enda skerði það ekki gildi hverfisverndarsvæðanna.	
HV-602	Staðarbjargavík	5,1	Stuðlabergsklettur í Staðarbjargavík. Innan svæðanna eru heimilar minniháttar framkvæmdir á forsendum útivistar, til dæmis stígagerð, enda skerði það ekki gildi hverfisverndarsvæðanna.	
HV-1	Norðan við Eystripolla	1.221	Norðan við væntanlegt miðlunarlón við Eystripolla er almennt náttúruverndarsvæði.	Hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Vega- og eða slóðagerð verði háð leyfum. Framkvæmdir eru háðar leyfum og í samræmi við samþykkt deiliskipulag þar sem það á við. Almenn er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða litlum vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm.
HV-2	Kvíslarhæð	15.188,9	Sunnan við væntanlegt miðlunarlón í Austari Jökulsár er almennt verndarsvæði í norðaustur af Hofsjökli og meðfram austanverðum Hofsjökli.	Hefðbundnar landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Vega- og eða slóðagerð verði háð leyfum. Framkvæmdir eru háðar leyfum og í samræmi við samþykkt deiliskipulag þar sem það á við. Almenn er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða litlum vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm.



5.8 Vatnsvernd vatnsbóla (VB, VG og VF)


Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból (VB), annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Vatn er ein af höfuðforsendum lífs og góðar vatnslindir eru auðlindir til framtíðar. Tryggja þarf vernd neysluvatns með því að gæta þess að spilla ekki gæðum þess, með framkvæmdum, starfsemi eða annars konar nýtingu á vatnsverndarsvæðum.

Mestu takmarkanir á framkvæmdum, starfsemi og umferð eru á svæðum sem skilgreind eru sem vatnsból. Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skal umhverfis hvert vatnsból ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.

Vatnsverndarsvæði eru flokkuð í þrjá flokka: VB | Brunnsvæði, VG | grannsvæði og VF | fjarsvæði. Mestu takmarkanir á framkvæmdum, starfsemi og umferð eru á svæðum sem skilgreind eru sem vatnsból. Aðrennissvæði að vatnsbólum grannsvæði og fjarsvæði.

- Brunnsvæði, 5 m umhverfis vatnsbólið sjálft.
- Grannsvæði, á þeim hluta aðrennissvæðis vatnsbólanna sem næst því liggur og þar sem mest hætta er á mengun.
- Fjarsvæði, sem spannar hinn fjarlægari hluta aðrennissvæðisins, þar sem mengunarhætta er minni og ekki þörf eins strangrar verndar og á grannsvæðunum.



Mynd 5.5: Vatnsvernd kringum vatnsból í Tindastóli.

Við vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 var farið yfir forsendur vatnsverndar og nýja afmörkun fjarsvæða vatnsbóla sem byggir á endurskoðun ÍSOR á fjarsvæðum vatnsverndar í Skagafirði.³⁹ Vatnsverndarsvæði Akrahrepps haldast óbreytt. Grannsvæði hafa verið löguð að fjarsvæðum eins og þau eru í kortlagningu ÍSOR.

Mengun getur borist í vatnsból bæði með grunnvatnsstraumum og yfirborðsvatni sem nær inn á aðrennslissvæði þeirra. Vernd vatnsbóla skal vera í fyrirrúmi til að tryggja megi gæði neysluvatns í Skagafirði. Skipulagið á ekki að rýra gæði þeirra.

Skipulagsákvæði á vatnsverndarsvæðum

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

- **Brunnsvæði (VB)** er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. Takmarkanir í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 533/2001, um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

³⁹ Endurskoðun fjarsvæða fyrir vatnsverndarsvæði í Skagafirði. ÍSOR 2020.



- **Grannsvæði (VG).** Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólans og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Takmarkanir í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 533/2001, um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- **Fjarsvæði (VF)** er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja. Takmarkanir í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 533/2001, um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.






Vatnsbólavernd þarf að bæta og til að tryggja neysluvatn til framtíðar hljóti vötn og vatnasvæði viðeigandi vernd við skipulag og framkvæmd sé þess gætt að spilla ekki lífríki í vötnum og ám.

Tafla 5.8: Yfirlit yfir vatnsverndarsvæði í Skagafirði

Nr	Heiti	Lýsing
VB-1	Brunafjall	Vatnsból fyrir Hofsóss við Brunafjall.
VB-2	Hólar	Vatnsból ofan við Hóla.
VB-3	Tindastóll	Vatnsból ofan við Veðramót, sunnanverðum Tindastól.
VB-4	Tindastóll	Vatnsból ofan við Hraksíðu, sunnanverðum Tindastól.
VB-5	Sandfell	Vatnsból.
VB-6	Sandfell	Vatnsból.
VB-7	Sandfell	Vatnsból.
VB-8	Fjall	Vatnsból efst í Sæmundará.
VB-9	Valadalshnjúkur	Vatnsból.
VB-10	Hrafn	Hrafnadal, nýtt vatnsból.
VG-1	Brunafjall	Grannsvæði við Brunafjall (VB-1).



Nr	Heiti	Lýsing
VG-2	Hólar	Grannsvæði ofan Hóla (VB-2).
VG-3	Tindastóll	Grannsvæði vatnsbóls (VB-3).
VG-4	Tindastóll	Grannsvæði vatnsbóls (VB-4).
VG-5	Sandfell	Grannsvæði fyrir vatnsból (VB-5 og VB-6).
VG-6	Sandfell	Grannsvæði fyrir vatnsból (VB-7).
VG-7	Fjall	Grannsvæði fyrir vatnsból (VB-8).
VG-8	Valadalshnjúkur	Grannsvæði fyrir vatnsból (VB-9).
VG-9	Hrafndal	Grannsvæði fyrir vatnsból (VB-10). Nýtt vatnsból í Hrafnsdal
VF-1	Brunafjall	Fjarsvæði fyrir vatnsból (VB-1).
VF-2	Hólar	Fjarsvæði fyrir vatnsból (VB-2).
VF-3	Tindastóll	Fjarsvæði vestari vatnsból (VB-3).
VF-4	Tindastóll	Fjarsvæði austari vatnsból (VB-4).
VF-5	Sandfell	Fjarsvæði nyrðri vatnsból. (VB-5 og VB-6).
VF-6	Sandfell	Fjarsvæði syðri vatnsból (VB-7).
VF-7	Fjall	Fjarsvæði nyrðri vatnsból (VB-5 og VB-6).
VF-8	Valadalshnjúkur	Fjarsvæði fyrir vatnsból (VB-9).
VF-9	Akrahreppur	Fjarsvæði. Fjallendi í norðan Norðurárdals að Hjaltadal.
VF-10	Hrafndal	Fjarsvæði fyrir vatnsból (VB-10). Nýtt vatnsból í Hrafndal fyrir neysluvatn.



Mynd 5.6: Vatnsverndarsvæði í Skagafirði.

5.9 Náttúruvá (NV)

Náttúruvá er fyrir svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari.

Skagafjörður er svæði þar sem fjölbreytt náttúruvá getur haft áhrif á mannvirki, innviði og íbúa. Helstu vápættir eru ofanflóð (snjóflóð og skriðuföll), sjávarflóð og vatnsflóð, og hafa þau mismunandi áhrif eftir árstíðum og landslagi.

Ofanflóðahætta

Í dreifbýli er víða hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. Skriðuhætta getur myndast í miklum rigningum og leysingum. Flest íbúðar- og íveruhús standa í tryggri fjarlægð frá fjallshlíðum og eru í lítilli eða engri skriðuhættu.⁴⁰ Veðurstofan annast hættumat samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997. Veðurstofan hefur átt samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og aðra aðila um skriðurannsóknir og hefur sett fram markmið um átak í rannsóknum, kortlagningu og gerð hættumats.⁴¹

Hættumat vegna ofanflóða á Sauðárkróki var unnið af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Skagafjarðar og var það staðfest með undirritun Umhverfis- og auðlindaráðherra þann 3. mars 2016.⁴² Við hættumatið er litið til ofanflóðahættu í núverandi þéttbýli á Sauðárkróki og á svæðum sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að lögð verði undir byggð.

Hættan á Sauðárkróki er tiltölulega lítil miðað við ofanflóðahættu á flestum öðrum þéttbýlisstöðum hér á landi þar sem talin er hættu á ofanflóðum og eru því eingöngu skilgreind A- og B-hættusvæði.

Helst er hættu undir Nöfunum. Undir Nöfunum háttar þannig til að hús standa nærri allbröttum bökkum og eru nokkur húsanna nær brekkunni en sem svarar 25° úthlaupshorni og heimildir um snjóflóð og aurskriður gefa einnig tilefni til athugunar.

Samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða (505/2000) skal afmarka þrenns konar hættusvæði, þ.e. A-, B- og C-hættusvæði, þar sem hættan er minnst á A-svæðum en mest á C-svæðum.

Alls eru 25 hús og ein kartöflugeymsla á A-svæði en engar byggingar á B-svæði samkvæmt hættumatinu. Ellefu íbúðarhúsanna eru við Skógargötu, fjögur við Kambastíg, fjögur við Suðurgötu, þrjú við Brekkugötu, eitt við Lindargötu og loks eru tvö íbúðarhús og ein kartöflugeymsla við Hlíðarstíg (mynd 5.7).


Ekki er talin vera hættu á stórfelldum skriðuföllum eða hruni, en á skipulagstímabilinu er stefnt að því að kortleggja jarðlagagerð, þykkt og eðli setlaga undir Nöfum svo hægt sé að meta áhættu af völdum aurskriða með meiri vissu.⁴³

⁴⁰ Veðurstofa Íslands 2019. https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_006_vef.pdf.

⁴¹ Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóli Íslands. Skriður: Þekkingaruppbygging, vöktun og hættumat. Minnisblað til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 5.2.2021.

⁴² Veðurstofa Íslands, Ofanflóðahættumat fyrir Sauðárkrók. Greinargerð með hættumatskort. 2015.

⁴³ Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóli Íslands. Skriður: Þekkingaruppbygging, vöktun og hættumat. Minnisblað til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 5.2.2021.



Mynd 5.7: Hættumat ofanflóða Sauðárkróki.

Sjávarflóð

Sjávarflóð er samspil sjávarfalla og veðurfarslegra þátta. Í Skagafirði þarf að taka tillit til sjávarflóða til að draga úr tjóni sem getur hlotist af slíkum atburðum á mannvirki, innviði og fólki. Eftir að í þrígang á tímabilinu desember 2019 til febrúar 2020 flæddi inn á Skarðseyrina var unnin skýrsla af Vegagerðinni fyrir Skagafjarðar Hafnir⁴⁴ þar sem nýliðnir og sögulegir atburðir voru greindir og tilmæli um hönnun sjóvarna á svæðinu lögð fram.

Í skýrslu Vegagerðarinnar (2020) kemur fram sú niðurstaða að hækka beri sjóvarnargarð við Strandveg um 40–60 cm. Þannig þurfi hæð þeirra að vera á bilinu 4,2 til 4,3 m, lægst vestast næst höfninni en hærri austar.

- Gert er ráð fyrir að sjóvarnargarðurinn við Strandveg verði hækkaður til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir ásættanlega ágjöf, sbr. ofangreint.

Jafnframt kemur fram að setja þurfi strangari kröfur fyrir aðstæður eins og á eyrinni á Sauðárkróki þar sem sjór safnast fyrir á landi og afrennsli á ekki greiðan aðgang út í sjó. Til að meðalágjöf í atburðum svipuðum þeim og orðið hafa verði einn tíundi hluti þess sem í raun varð í flóðunum 2019 og 2020 þá þarf að hækka sjóvörnina norðan á Skarðseyrinni um tæpan metra í hæðina 4,9 m. Þannig er verið að breyta tíðni atburða sem nú koma að jafnaði á árs fresti, yfir í það að koma á um 10 til 30 ára fresti.

- Gert er ráð fyrir að sjóvörn á norðanverðri eyrinni verði hækkuð til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir ásættanlega ágjöf, sbr. ofangreint.

Við framkvæmdir við fráveitukerfið á Sauðárkróki skal taka tillit til sjávarstöðubreytinga sem hafa áhrif á fráveitukerfið. Þar sem viðtaki er sjór mun sjávarstöðubreytingar hafa áhrif á fallhæð í fráveitukerfinu og þar með rennsli og flutningsgetu (sjá kafla 4.8.3 Fráveita).⁴⁵

⁴⁴ Vegagerðin, maí 2020, Sauðárkrókur – Sjávarflóð, Mat á sjóvörn og hættu á sjávarflóðum

⁴⁵ Veðurstofa Íslands, 2022, Tillögur að áhættuviðmiðum fyrir vatnsflóð, https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/VI_2022_005_ahaettuvidmid.pdf, bætt við skv. umsögn Veðurstofu Íslands.



Mynd 5.8: Mynd úr skýrslu Vegagerðarinnar, Ágjöf norðan á Skarðseyrinni 10. febrúar 2020. Mynd Indriði Þ. Einarsson.

Vatnsflóð

Vatnsflóð eru algengasta form náttúruvára í Skagafirði og tengjast fyrst og fremst flóðum í stærri ám eins og Héraðsvötnum. Flóð geta orðið af völdum leysinga, úrkomu eða samspil beggja þátta. Tjón vegna flóða hefur m.a. orðið á samgöngukerfi, varnargörðum, veitumannvirkjum, íbúðarhúsum og landbúnaðarmannvirkjum, heyjum og búfénaði.


Vatnsflóð eru tíð á svæðinu og eru einstaka flóð stór, með miklum áhrifum á innviði og ræktað land.

Viðeigandi varnaraðgerðir, s.s. stíflugarðar og viðhald flóðagátta, eru mikilvægar til að draga úr áhættu.

Héraðsvötn eru 130 km löng jökulá með upptök í Hofsjökli og árósa í Skagafirði. Á efri hluta vatnasviðsins rennur áin í tveimur vatnsföllum, Vestari- og Austari-Héraðsvötnum, sem sameinast síðan í Héraðsvötn og renna til sjávar sitthvoru megin við Hegranaes. Helstu þverár eru Norðurá austan megin og Svartá (Húseyjarkvísl) vestan megin. Vatnasvið Héraðsvatna nær yfir 3670 km² frá upptökunum til árósa (Veðurstofa Íslands, 2017, bls. 33). Árið 2017 var vatnasvið Héraðsvatna kortlagt til að meta og fá yfirlit yfir orsakir, stærð og afleiðingar sögulegra flóða.⁴⁶ Í skýrslunni voru ritaðar heimildir, myndefni, veðurfarsgögn og vatnamælingar notað til að finna og greina flóð sem orðið hafa og til að áætla endurkomutíðni flóða. Flóð geta orðið hvenær sem er á árinu en eru líklegust í febrúar til júní. Aðferðafræði um mat á endurkomutíma flóða byggir á rannsóknum Veðurstofu Íslands⁴⁷

⁴⁶ Veðurstofa Íslands, 2017, Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts. https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2017/VI_2017_006_vef.pdf

⁴⁷ Veðurstofa Íslands, 2022, Tillögur að áhættuviðmiðum fyrir vatnsflóð, https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/VI_2022_005_ahaettuvidmid.pdf, bætt við skv. umsögn Veðurstofu Íslands.



Mynd 5.9: Vatnasvið Héraðsvatna (blátt svæði) og helstu ár þeirra. Mynd úr skýrslu Veðurstofunnar, 2017, bls. 35.




Jarðskjálftavirkni

Tíðni jarðskjálfta í Skagafirði er lág, en eru þó einstaka jarðskjálftar sem hafa verið stórir. Við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum skal sérstaklega tekið tillit til þeirra skjálftahreyfinga sem verða í jarðvegi af völdum jarðskjálfta, skv. byggingarreglugerð.

Skipulagsákvæði vegna náttúruvár

- Við alla skipulagsvinnu skal taka tillit til ofanflóða og vatnsflóðaáhættu.
- Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð.
- Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis skulu ætíð samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða 505/2000.
- Uppbygging og viðhald sjóvarnargarða vegna ágangs sjávar er heimil á þeim svæðum þar sem talið er að innviðir séu í hættu.
- Uppbygging og viðhald varnargarða til að hindra landbrot vegna ágangs vatns og flóða er heimil.
- Mannvirkjagerð innan þekktara flóðasvæða skal haldið í lágmarki.
- Við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir þarf að taka mið af niðurstöðum hættumats Veðurstofu Íslands og kortlagningu flóðahættusvæða.
- Á ofanflóða hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II reglugerðar 505/2000.
- Á ofanflóða hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.
- Á ofanflóða hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkid yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.
- Við byggingar og framkvæmdir á lágsvæðum skal hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun um lægstu gólfhæð bygginga (Skipulagsreglugerð nr. 90/2013).



Mynd 5.10: Náttúruvá, ofanflóð og vatnsflóð í Héraðsvötnum.



5.10 Hindranafletir flugvalla (HF)

Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og lendingar sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir.

Hindranafötur kringum Alexandersflugvöll er afmarkaður í kringum flugbrautina. Byggingar og mannvirki eru ekki í grennd við flugbrautarendana eða innan marka hindranaflatar. Huga þarf að því að heimila ekki mannvirki í ákveðinni fjarlægð og hæð frá flugbrautarendum.

Alexandersflugvöllur (Sauðárkróksflugvöllur) er flokkaður sem skráður landingarstaður. Um flugvöllinn er ekki reglubundið áætlunarflug og þjónusta mögulega árstíðabundin skv. skráningu í Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu.⁴⁸

Í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007 eru settar kröfur um skráða landingarstaði, aðbúnað og reiknireglur um hindrunarfleti.

Mynd 5.11: Hindranafletir flugvalla

Nr.	Heiti	Skipulagsákvæði
HF-1	Alexandersflugvöllur (Sauðárkróksflugvöllur)	Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem er háð takmörkunum sbr. reglugerð nr. 464/2007.

⁴⁸ Flugmálahandbók AIP á vef Samgöngustofu: https://eaip.isavia.is/A_04-2025_2025_05_15/.

5.11 Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Umhverfis- og orkustofnun heldur skrá yfir mengaðan jarðveg eða þar sem grunur er um mengun. Þau svæði sem eru í skrá Umhverfis- og orkustofnunar eru afmörkuð á skipulagsupprætti. Um er að ræða þekktar miltisbrandsgrafir, riðugrafir, bensín mengaðan jarðveg og urðunarstaði.

Í 2. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (Rammaáætlun), sbr. samþykkt Alþingis 14. janúar 2013, eru virkjunarkostirnir Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun í biðflokki. Ekki hefur verið tekin afstaða til virkjanakostanna í sveitarstjórn. Í Skagafirði eru varúðarsvæði tilgreind í eftirfarandi töflu.

Umhverfis- og orkustofnun og Náttúruverndarstofnun er með eftirlit með menguðum jarðvegi sem rekja má til starfsemi sem er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Þessir staðir eru skráðir í aðalskipulagið sem varúðarsvæði.

Mynd 5.12: Varúðarsvæði í dreifbýli

Nr.	Heiti	Lýsing	Sérákvæði
VA-401	Eyrarvegur, olúgeymar	Aflögð olíubirgðastöð.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-601	Hofsós, aflagður urðunarstaður	Gróðurúrgangssvæði og aflagður urðunarstaður á Hofsósi. Þegar bensínleki N1 á Hofsósi komst upp, var menguðum jarðvegi keyrt á gróðurúrgangssvæði þorpsins. Mikil bensín/olíulykt var af þessum jarðvegi og þegar rigndi þá kom bensín/olíubræk á pollana á svæðinu. Sveitarfélaginu var tilkynnt þetta og sendar myndir. Mörg vörubíllshlöss af jarðvegi voru keyrð á svæðið, á bilinu 20-30. Þetta létu forsvarsmenn N1 gera til að spara fjárútlát við að keyra menguðum jarðvegi á viðurkenndan urðunarstað.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-602	N1 Hofsósi	Bensín lak í jarðveg. Óvíst um magn sem lak en um er að ræða einhverja þúsundir lítra. Geymirinn var grafinn upp og upprunasvæðið hreinsað sumarið 2020. Rannsóknir hafa farið fram síðan þá og í upphafi árs 2022 var hafist handa við að grafa niður hreinsibúnað til að hreinsa gufur úr jarðveginum. Áætlaður hreinsunartími er 2 - 3 ár.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-1	Reykjaströnd	Fyrrum sorpurðunarsvæði á Reykjaströnd er skilgreint varúðarsvæði vegna mögulegrar mengunar jarðvegs. Öll mannvirkjagerð sem felur í sér uppgröft jarðefna er óheimil innan varúðarsvæðisins.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-2	Villinganesvirkjun	Virkjunarkostur í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun).	Biðflokkur í Rammaáætlun
VA-3	Skatastaðavirkjun B og C	Virkjunarkostur í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun).	Biðflokkur í Rammaáætlun



Nr.	Heiti	Lýsing	Sérákvæði
VA-4	Bugslón	Hluti af fyrirhugaðri Skatastaðavirkjun, virkjunarkostur í biðflokki.	Biðflokkur í Rammaáætlun
VA-6	Lækur, Miltisbrandsgröf	Miltisbrandsgröf að Læk, Viðvíkurhr, um 1885. Hross og maður dóu. Gröfin merkt A222. Heimild: Miltisbrandur á Íslandi 1866-2004 eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-7	Tunguháls - Riðugröf	Riðugröf Tunguháls í Lýtingsstaðahrepp. Magn og staðsetning óþekkt. Staðsetning á korti er á bænum Tunguháls 1 sem þarf ekki að vera staðsetning grafarinnar. Heimild: Matvælastofnun	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-9	Hólakot, Miltisbrandsgröf	Miltisbrandsgröf að Hólakoti í A-Fljótum um árið 1884. Rétt fyrir jólin 1884 dó ein kýrin á bænum Hólakoti í Austur Fljótum úr miltisbrandi þar með var mjólkurlaust og ekki mátti nýta kjötið vegna hættu fyrir fólk. Ekki er vitað um gröfina, en merkt var þar sem fjósið hafði staðið. Gröfin er merkt AB242. Heimild: Miltisbrandur á Íslandi 1866-2004 eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-10	Þormóðskot, bílakirkjugarður	Umhverfisstofnun barst ábending um að á svæðinu hafi í tugi ára (lengra aftur en 2000) verið bílakirkjugarður á víð og dreif í kringum húsin í Þormóðskoti í Skagafirði. Talsvert skal einnig vera af brotajárni og öðru sem nú þegar mun vera sokkið í jörðu, þá helst ofan við bæinn.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.
VA-11	Skarðsá, Miltisbrandsgröf	Miltisbrandsgröf að Skarðsá, Sæmundarhlíð um árið 1940. Gröfin er merkt A221. Heimild: Miltisbrandur á Íslandi 1866-2004 eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni.	Skráð í vefsíu Umhverfisstofnunar. Reglugerð 1400/2010 gildir um mengaðan jarðveg.

5.12 Landnotkun innan miðhálandisins

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulagsmál á miðhálandinu. Stærð þess svæðis innan Skagafjarðar er um 124.550 ha.

Sett er fram aðgerðaáætlun Landsskipulagsstefnu 2024-2028 þar sem fram kemur að unnin verði stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins og einnig verkefni um uppbyggingu ferðapjónustumannvirkja á hálandinu.

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægi fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Skipulagsákvæði innan miðhálandis

- Uppbygging og viðhald vegakerfis innan miðhálandis skal vera í samræmi við lög 60/2013 um náttúruvernd.
- Halda skal vegaframkvæmdum í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd.
- Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins.
- Uppbygging fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti er leyfileg, um leið verði gætt að áhrifum á náttúru og landslag.
- Taka skal tillit til hættu sem stafar af náttúruvá við ákvarðanir um mannvirkjagerð.
- Leitast skal við að viðhalda góðu ástandi vatnshlota.
- Uppbygging á ferðamannastöðum innan miðhálandis er takmörkuð. Leggja skal áherslu á uppbyggingu á jaðarmiðstöðvum við stofnvegi inn á hálendið og í jaðri þess.
- Uppbygging ferðapjónustustaða í samræmi við landskipulagsstefnu.
- Taka skal tillit til þolmarka náttúru, innviða, ferðamanna og samfélags, og aðgengi ákvarðað í samræmi við þau.
- Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á miðhálandinu skal tryggja að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

Leyfisskyldar framkvæmdir á verndarsvæðum innan miðhálandisins skulu vera í samræmi við deiliskipulag.

Innan marka miðhálandisins er allt land utan jökla skilgreint með landnotkunina óbyggt svæði (ÓB) í aðalskipulaginu að undanskildum fjórum afþreyingar- og ferðamannasvæðum (AF). Ferðapjónustubyggingar eru á þremur afþreyingar- og ferðamannasvæðanna þ.e. Ingólfsskáli (AF-28), Skiptabakki (AF-30) og Gráni/Sesseljubær (AF-34). Ingólfsskáli er á skálasvæði samkvæmt landsskipulagsstefnu 2024-2038. Skálasvæði eru í góðu vegsambandi, bjóða upp á gistingu og þjónustu yfir sumarið og möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann.



Mynd 5.13: Gráni/Sesseljubær
Mynd - Feykir 31.03.2022.



Mynd 5.14: Skiptabakki
Mynd - Ferðaklúbburinn 4X4.



Mynd 5.15: Ingólfsskáli
Mynd - Ferðafélag Íslands.


- Ingólfsskáli er skráður 44 m² með hámark 28 gistirými, eldunar- og salernisaðstöðu, en ekki vatnsveitu. Einn af skálum Ferðafélags Íslands.
- Skiptabakki er 113 m² með 30 gistirými, salerni, vatns- og fráveitu.
- Gráni/Sesseljubær með um 10 gistirýmum.

Fjórða afþreyingar- og ferðamannasvæðið er AF-10 Miðja Íslands, þar sem eru jarðminjar og útsýnisstaður og gert ráð fyrir lágmarksaðstöðu, sbr. stefnu um afþreyingar- og ferðamannasvæði í kafla 8.2 og töflu 8.2.

Tvö náttúruverndarsvæði eru innan miðhálandisins, þ.e. Þjórsárver (FS-1), friðlandið við Hofsjökul og Orrastaðarrúst (ÖN-1), votlendið umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni.

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálandisluta Skagafjarðar og engin fjarskiptamannvirki. Tveir landsvegir, Mælifellsdalsvegur (756) og Skagafjarðarleið (F752) milli Giljar að Laugafelli liggja á köflum innan miðhálandismarka. Að Ingólfsskála liggur vegslóði og einnig að Grána/Sesseljubæ.

Innan miðhálandisins skal taka mið af ákvæðum landsskipulagsstefnu um skipulag áfangastaða ferðamanna.




Mynd 5.16: Miðhálandið norðan Hofsjökuls og mannvirki.

Óbyggð víðerni

Í nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er hugtakið óbyggð víðerni notað. Ekki hefur verið gefinn út staðall um kortlagningu óbyggðra víðerna en við skipulagsvinnu í Skagafirði er notast við bestu mögulegu nálgun á hverjum tíma og miðað við þær hefðir sem skapast hafa í mati á óbyggðum víðernum svo sem við umhverfismat. Þegar staðall/leiðbeiningar opinberra aðila á kortlagningu óbyggðra víðerna liggur fyrir verður sú aðferðafræði og kortlagning nýtt við skipulagsvinnu í Skagafirði.

Kortlagning víðerna er ein af þeim aðgerðum (nr. 13) sem lögð er fram í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu 2024-2038.

- Aðalskipulag Skagafjarðar 2025-2040 stefnir að því að viðhalda núverandi víðernum innan hálandismarka sveitarfélagsins.



Mynd 5.17: Kort af víðernum á miðhálandinu úr skýrslunni *Kortlagning víðerna á miðhálandinu: Framhaldsverkefni um þróun aðferðafræði (2020)* Skipulagsstofnun (2020).

6 Umhverfisskýrsla

6.1 Tilgangur umhverfismats og matsskylda

Endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt lögnum skal taka saman umhverfismatsskýrslu sem gerir grein fyrir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum skipulagsins og forsendum þess. Tilgangur umhverfisskýrslu er að upplýsa almenning, hagsmunaaðila, umsagnaraðila og þá sem bera ábyrgð á áætluninni um hvaða áhrif tiltekið skipulag getur haft á umhverfið og leggja til aðgerðir og vöktun til að draga úr umhverfisáhrifum og fylgjast með þróun umhverfisþátta.

Umhverfismatið felur í sér að skoða helstu áhrifaþætti sem fylgja skipulagstillögunni, skilgreina umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum og leggja mat á umfang og vægi áhrifa. Ef niðurstaða umhverfismatsins gefur tilefni til verða skilgreindar mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif auk þess sem lagt verður fram yfirlit yfir vöktun og eftirfylgni ákveðinna umhverfisþátta.



6.2 Nálgun umhverfismats

Vinna við umhverfismat aðalskipulags Skagafjarðar fer fram samhliða vinnu við mótun aðalskipulagstillögunnar. Þannig var tekið mið af umhverfissjónarmiðum við allar ákvarðanir. Til skoðunar verða áhrif valkosta á stefnu og landnotkun í aðalskipulagi.

Við mat á umfangi áhrifa verður litið til laga sem eiga við, stefnu og áætlana stjórnvalda, markmiða og framtíðarsýnar Skagafjarðar og heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

6.3 Samantekt

Í aðalskipulagi Skagafjarðar er gert ráð fyrir fjölbreyttri uppbyggingu sem nær yfir íbúðarbyggð, iðnaðarstarfsemi, efnistökusvæði, skógrækt og innviði fyrir fiskeldi, þjónustu og samgöngur. Uppbyggingin felur óhjákvæmilega í sér staðbundið rask, einkum á óbyggðum svæðum og nýjum framkvæmdasvæðum. Hins vegar er almennt ekki búist við raski á jarðmyndunum sem njóta verndar og uppbyggingarsvæði eru ekki á viðkvæmum eða friðuðum svæðum.

Við fjölgun efnistökusvæða og aukna vatnsnotkun, einkum vegna iðnaðar og fiskeldis, þarf sérstaklega að gæta að áhrifum á vatnshlot og vistkerfi. Ný fráveitumannvirki, aukin efnistaka og aukin þörf fyrir ferskvatn gætu leitt til staðbundins álags á umhverfið, og því er gerð krafa um vandaða staðarvalsgreiningu og umhverfismat.

Áhersla er lögð á að ný uppbygging falli vel að landslagi og byggðamynstri. Þétting byggðar, nýting vannýtt svæða og uppbygging innan núverandi byggðar styrkir götummyndir og dregur úr þörf fyrir útbenslu. Á Nöfum á Sauðárkróki er stefnt að íbúðauppbyggingu.

Loftslagsáhrif nýrrar uppbyggingar eru margþætt. Þéttleiki byggðar og stuttar vegalengdir stuðla að minni losun, en iðnaðarstarfsemi getur haft neikvæð áhrif á loftslag, eftir eðli hennar. Hins vegar eru sett markmið um að styðja við orkuskipti, m.a. með rafvæðingu hafnarinnar á Sauðárkróki, uppsetningu rafhleðslustöðva og



bættari orkunýtingu. Skógræktarsvæði eru einnig hluti af stefnu sveitarfélagsins og stuðla að aukinni kolefnisbindingu.

Iðnaðaruppbygging, sérstaklega í Viðvíkursveit, er áfram í forgrunni og á að skapa störf og styrkja stoðir atvinnulífsins. Samhliða eru sett markmið um fjölbreytta atvinnuþróun, m.a. í landbúnaði, þjónustu og þekkingargeirum. Grænn iðngarður er hluti af framtíðarsýn sveitarfélagsins.

Vernd náttúru og menningararfs er samtvinnuð skipulaginu. Skýr stefna liggur fyrir um verndun minja, með áherslu á skráningu fornminja og húsakannanir. Staðfestar áætlanir um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi hafa verið teknar inn í aðalskipulag.

Samgöngumál eru mikilvægur þáttur í skipulaginu. Áhersla er lögð á umferðaröryggi, bættar tengingar og fjölbreytta samgöngumáta, m.a. með þróun stígakerfis milli Hofsóss, Sauðárkróks og Varmahlíðar. Þverárfjallsvegur og önnur samgönguátök eru hluti af þessari stefnu. Í ljósi núverandi umferðar eru ekki vísbendingar um að hljóðvist fari yfir viðmiðunarmörk.

Viðhalda á sterku landbúnaðarhéraði með áherslu á nýtingu góðs ræktarlands og eflingu nýsköpunar í landbúnaði. Skilmálar eru settir um vernd ræktarlands og skýrar heimildir ef breyta á landnotkun á landbúnaðarsvæðum.

Vatnsverndarsvæði hafa verið skilgreind á grundvelli nýrrar greiningar og eru þau merkt á uppdráttum aðalskipulags. Áhersla er lögð á vernd vatnsbóla og vatnsauðlinda í tengslum við aukna vatnsnotkun, m.a. vegna iðnaðar og fiskeldis. Gert er ráð fyrir nýjum fráveitumannvirkjum á Sauðárkróki, m.a. dælustöðvum og útrásum, auk skólphreinsistöðvar á Borgarsandi.

Í heild sinni byggir aðalskipulagið á jafnvægi milli umhverfisverndar og efnahagslegrar þróunar, með skýrum áherslum á sjálfbærni, vernd náttúruauðlinda og aðgengi að góðu búsetuumhverfi.

7 Skipulagsferli og kynningar

Á kynningartíma tillögu aðalskipulags Skagafjarðar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum frá íbúum og öðrum hagaðilum.

Hér fyrir neðan er eingöngu gerð grein fyrir helstu skrefum í mótun endurskoðaðs aðalskipulags en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum. Áherslur og fyrirkomulag endurskoðunar kynnt í skipulags- og matslýsingu, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulags- og matslýsing var auglýst í fjölmiðlum, send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg í skipulagsgáttinni. Gefinn var ákveðinn frestur á að koma með ábendingar og athugasemdir:

Vinnslutillaga að skipulagstillögu ásamt drögum að umhverfismatsskýrslu, kynnt opinberlega (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021). Haldinn var opinn fundur sem auglýstur var í fjölmiðlum. Vinnslutillagan verður send áður til skilgreindra hagsmunaaðila. Vinnslutillagan var aðgengileg á vefnum: **Febrúar - apríl 2025**.

Samþykkt tillaga, ásamt umhverfismatsskýrslu, verður send til athugunar hjá Skipulagsstofnun.

Tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035, ásamt umhverfismatsskýrslu, auglýst og óskað formlega eftir umsögnum og athugasemdum. Tillaga kynnt í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Gögn aðgengileg í skipulagsgátt: **Júlí-ágúst 2025**. Afgreiðsla tillögu að lokinni auglýsingu: **Október 2025**.

7.1 Umsagnaraðilar

Í skipulagsvinnu verður leitað samráðs og umsagnar hjá lögbundnum umsagnaraðilum, sem eru m.a.:

- Skipulagsstofnun
- HMS
- Byggðastofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Land og skógur
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Hafrannsóknarstofnun
- Landsnet
- Veitustofnanir
- Umhverfis- og orkustofnun
- Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
- Aðliggjandi sveitarfélög: Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnabyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur